

Íðorðasafn í menntunarfræði

Efnisflokkar

Nám og þroski	1
Lestur og málþroski (sérsvið innan flokksins nám og þroski)	14
Kennsla og mat.....	24
Stjórnun og skipulag.....	37
Stefnur og straumar	48
Félagslegt umhverfi.....	50
Áþreifanlegt námsumhverfi	55

Nám og þroski

aðhæfing

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Námsferli eða þroskaferli sem felst í að einstaklingur endurskoðar fyrri þekkingu og skilning þegar hann/hún bregst við nýjum aðstæðum eða tekst á við ný viðfangsefni og breytir þannig eigin skemum.

Skýring: Aðhæfing er önnur hlið námsferils skv. Kenningu Piagets, hin hliðin er samlögun. Grunnhugtak í kenningu Piaget um vitsmunabroska.

Enska: accomodation

aðlögun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Námsferli eða þroskaferli sem felst í því að einstaklingur vinnur úr nýrri reynslu með því að leitast sífellt við að leggja merkingu í, skipuleggja og endurskoða eigin hugmyndir og þekkingu og ná þannig jafnvægi milli fyrri þekkingar og nýrrar reynslu.

Skýring: Beitt er tveimur samvinnuðum aðferðum: samlögun (assimilation) og aðhæfingu (accomodation). Grunnhugtak í kenningu Piaget um vitsmunabroska.

Enska: adaptation

aðstæðubundið nám

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: aðstæðutengt nám

Skilgreining: Nám þar sem litið er svo á að þekking og skilningur þróist í félagslegum samskiptum og tengist aðstæðum eða menningu og að stundum sé erfitt að yfirfæra það á aðrar aðstæður.

Skýring: Hugtakið er kjarnahugtak í félags- og menningarbundnum kenningum um nám.

Enska: situated learning

afburðagreind

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Vitsmunir eða greind yfir meðallagi, yfirleitt metið með einhverskonar greindarprófi.

Skýring: Eiginleiki sem talinn er fylgja einstaklingi alla ævi.

Enska: intellectual giftedness

afburðanemandi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: bráðger nemandi

Skilgreining: Nemandi með hæfni til náms sem er

umfram meðal nemanda.

Enska: gifted student

atbeini

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: gerendahæfni

Skilgreining: Geta og vald til að taka ákvarðanir um eigin hegðun og athafnir. Slík geta ræðst af samspili einstaklings-, félags- og menningarbundinna aðstæðna.

Enska: agency

atferlisgreining

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Aðferð sem byggir á atferlishyggju og miðar að því að greina hegðun í ákveðin lögmál sem gilda fyrir allar lífverur.

Skýring: Atferlisgreining og atferlismat hafa verið sérstaklega árangursrík fyrir einstaklinga með mikla námserfiðleika, s.s. einhverfu.

Enska: behavior analysis

Sjá einnig: jákvæð styrking, neikvæð styrking, slokkun, neikvæð refsing, jákvæð refsing

áhugahvöt

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ferli, ástand eða athafnir sem vekja áhuga á og viðhalda marksækinni hegðun. Hvatin getur legið í vellíðan eða ánægju sem sprettur af því sem gert er og uppfyllir þarfir eða vilja einstaklings, eða í félagslegum aðstæðum, væntingum eða umbun.

Enska: motivation

áhugasvið

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Svið sem áhugi einstaklings beinist að, s.s. listir, vísindi eða handverk.

Enska: area of interest

áreiti

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Atvik eða ástand sem hefur áhrif á einstakling, þ.e. veldur svörun hjá einstaklingi.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Enska: stimulus

borgaravitund

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Vitund einstaklings um réttindi sín, skyldur, ábyrgð og áhrif sem borgari í samfélagi.

Skýring: Borgaravitund getur vísað til nærsamfélags og alþjóðasamfélags. Þroskuð borgaravitund einstaklings felur í sér að geta hugsað um að hvaða leyti hann getur

haft áhrif til góðs fyrir sjálfan sig og jafnframt fyrir aðra í samfélaginu. Borgaravitund er grundvallarhugtak í Aðalnámskrá 2011.

Enska: civic consciousness

bóknám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám í bóklegum greinum.

Enska: academic education

brotthvarf

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: brottfall

Skilgreining: Að hverfa úr skólanámi án þess að ljúka því námi sem hafið var.

Skýring: Brotthvarf getur verið tímabundið. Orðið brottfall gefur í skyn að um endanlegt brottthvarf sé að ræða. Enska orðið drop-out merkir einnig nemanda sem hverfur frá námi.

Enska: drop-out

Samheiti: school leaving

eftirlátt uppeldi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: eftirlátir uppeldishættir

Skilgreining: Uppeldishættir þar sem foreldrar (forráðamenn) setja börnum ekki skýr mörk, eru undanlåtssamir og forðast beina árekstra, en sýna hlýju, virðingu og viðurkenningu.

Skýring: Í eftirlátu uppeldi hafa börn mikið svigrúm fyrir sjálfstjórn. Hugtak úr kenningu Diönu Baumrind. Uppeldishættir eru mjög menningarbundnir.

Enska: Permissive parenting

Sjá einnig: uppeldishættir

festuhugarfar

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: fastahugarfar

Skilgreining: Hugarfar sem einkennist af því að fólk telur hæfileika og eiginleika vera meðfædda, stöðuga og óbreytanlega.

Skýring: Hugtak úr kenningu Carol Dweck um tengsl milli hugarfars fólks og hvernig það bregst við ýmsum aðstæðum, einkum árangri í námi. „Manneskja sem er með festuhugarfar telur að persónuleg færni og hæfnipættir eins og gáfur og íþróttahæfileikar séu meðfæddir og óbreytanlegir. Hins vegar trúir manneskja með gróskuhugarfar að hægt sé að breyta og þróa þessa þætti.“ (Kristján Kristjánsson, 2008)

Enska: fixed mindset

Sjá einnig: vaxtarhugarfar

félagsfærni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Færni í félagslegum samskiptum og

samstarfi.

Enska: social skills

fjarnemi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nemandi sem stundar fjarnám.

Enska: distance learning student

Sjá einnig: fjarnám

fjölbreytileiki

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Breytileiki einstaklinga eða hóps. Að virða fjölbreytileika í skólakerfinu felst í að hlúa að og hampa breytileika nemenda og starfsmanna hvort sem er í útliti, kyni, menningu eða getu.

Enska: diversity

frumkvæði nemenda

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Felst í að nemendur (einstaklingar eða hópar) hafi og nýti tækifæri til að móta framgang námsins og komast að niðurstöðum sem ekki eru fyrirfram gefnar.

Enska: student initiative

færni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni til að vinna tiltekið verk vel.

Dæmi: Lestrarfærni, færni í samskiptum, þrautalausnarfærni.

Enska: skill

gagnrýnin hugsun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hugsun sem felst í að beita rökhugsun, huga að orsakatengslum og greina hvort röksemdarfærslur eru gildar eða ekki.

Enska: critical thinking

gagnvirk samskipti

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Samskipti (við persónu eða tölvu) þar sem báðir aðilar eru virkir og geta haft áhrif á hvorn annan.

Enska: interactive communication

greind

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni einstaklings til að leysa vitsmunaleg viðfangsefni.

Skýring: Innan sálfræði hefur verið reynt að mæla vitsmunagetu eða greind með þar til gerðum greindarprófum. Hugmyndin að baki greindarprófa hefur verið umdeild.

grunnþáttur menntunar

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Gildi eða viðhorf á ákveðnu sviði sem ætlað er að vera undirliggjandi í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag, og koma fram í inntaki námsgreina jafnt sem námssviða.

Skýring: Í aðalnámskrám frá 2011 eru skilgreindir sex grunnþættir: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð í löggjöf og alþjóðlegum samningum um menntun, velferð og mannréttindi.

Enska: fundamental pillar of education

hagnýt atferlismótun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Samheiti: hegðunarmótun

Skilgreining: Aðferð sem byggist á atferlisgreiningu/atferlismati og er ætlað að móta hegðun.

Skýring: Þegar búið er að finna þær breytur í umhverfi sem hægt er að hafa áhrif á og viðhalda tiltekinni hegðun eða hegðunarmynstri, er reynt að hafa áhrif á hegðunina t.d. með því að styrkja jákvæða hegðun.

Enska: applied behavior modification

heilbrigði

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ástand sem felur í sér að vera laus við sjúkdóma og líða vel líkamlega og andlega.

Skýring: Heilbrigði og velferð eru einn af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrám frá 2011. Þar segir: „Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan...“ (Almennur hluti aðalnámskrár, bls.21).

Enska: good health

herminám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám sem fer fram með því að veita öðrum athygli og tileinka sér verk, venjur, hátterni eða viðhorf.

Skýring: Herminám getur verið bæði ósjálfrátt og viljandi og átt sér stað út lífið.

Dæmi: Herminám getur verið allt frá einstöku atriði eins og að barn læri að vinka með því að herma eftir foreldri allt upp í flókin hegðunarmynstur eins og að aðlagast samfélagi með því að fylgjast með menningu og venjum umhverfisins.

Enska: observational learning

Samheiti: social learning, vicarious learning

hugarkenning

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Skilningur á hugarheimi annarra, þ.e.

ætlun þeirra, löngunum og skoðunum, og hvaða áhrif

hugsanir geta haft á hegðun og félagsleg samskipti. Þessi skilningur breytist og þróast með auknum aldri og þroska.

Skýring: Hugtak frá Flavell um vitsmunabroska. Fólk öðlast smám saman hæfni í að álykta, túlka eða spá fyrir um hegðun og hugsanir annarra. Hugtakið hefur lagt grunn að víðtækum rannsóknum á því hvernig hugsun barna þróast og þá einkum hæfni þeirra til að setja sig í annarra spor og skilja hugarheiminn (e. the mental world). Hugtakið er notað í rannsóknum á einhverfum börnum og í rannsóknum á félagslegri hæfni og samlíðan.

Enska: theory of mind

hugvitund

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Þekking einstaklinga á eigin hugsun, minni og kunnáttu, sem gefur þeim möguleika á að hafa áhrif á og stýra hugsun sinni og gerðum á meðvitaðan hátt.

Skýring: John H. Flavell skilgreindi þetta hugtak og tengdi við vitþroskakenningar.

Enska: metacognition

hæfni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Þekking, skilningur og leikni sem einstaklingur er fær um að beita á markvissan og viðurkenndan hátt miðað við aðstæður og félagslegt samhengi.

Skýring: Í námsmarkmiðum er hugtakið gjarnan notað til að tilgreina afrakstur náms í breiðum skilningi, t.d. að efla félagslega og persónulega hæfni nemenda ekki síður en vitsmunalega og verklega hæfni.

Enska: competence

Sjá einnig: færni

innhverfing

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ferlið þegar reynsla af þátttöku í samfélaginu umbreytist í persónulegan þroska. Fólk þroskast af þátttöku í samfélagi og menningu.

Skýring: Samkvæmt kenningu Vygotskys er öll hugræn virkni fyrst upplifuð félagslega í samneyti við annað fólk og innhverfing verður í kjölfar reynslu af því að vera til í samfélagi manna. Á meðan innhverfing tengist viðhaldi menningarinnar (e. reproduction) þá felur úthverfing í sér möguleika til umbreytingar – sköpunar og þróunar á einhverju nýju.

Enska: internalization

Sjá einnig: úthverfing

jafnvægisleitni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Áskapaður eiginleiki til að leita jafnvægis þegar einstaklingur stendur frammi fyrir nýjum

aðstæðum, ögrandi viðfangsefnum eða togstreitu. Til þess nýtist fyrri þekking og skilningur (samlögun) en í sumum tilvikum er nauðsynlegt að endurskoða og breyta fyrri hugmyndum (aðhæfing) til að jafnvægi náist.

Skýring: Grunnhugtak í kenningu Piaget um vitsmunabroska.

Enska: equilibration

Sjá einnig: skema, aðlögun

jákvæð refsing

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Ferli þar sem viðbragð við hegðun skapar óþægindi og dregur þannig úr líkum á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Nemandi fær tital fyrir að mæta seint og mætir eftir það sjaldnar of seint. Tiltalið flokkast sem jákvæð refsing.

Enska: positive punishment

Sjá einnig: styrking, neikvæð refsing, refsing, neikvæð styrking, jákvæð styrking

jákvæð styrking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Ferli þar sem viðbragð við hegðun skapar vellíðan eða aðra umbun og eykur þannig líkur á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Ef börn fá hrós fyrir að vanda sig við heimaverkefning sína, sem aftur leiðir til þess að þau vanda sig enn betur næst, þá myndi hrósið flokkast sem jákvæð styrking.

Enska: positive reinforcement

Sjá einnig: neikvæð styrking, neikvæð refsing, jákvæð refsing, refsing, styrking

klassísk skilyrðing

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Námsferli sem felst í því að atvik eða ástand sem áður vakti ekki viðbragð eða svörun, er tengt við áreiti sem vekur eðlislægt viðbragð og vekur eftir það sömu svörun og það.

Skýring: Fjögur hugtök eru notuð til að lýsa námsferlinu: óskilyrt áreiti, óskilyrt svörun, skilyrt áreiti og skilyrt svörun.

Enska: classical conditioning

leiðandi uppeldi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: leiðandi uppeldishættir

Skilgreining: Uppeldishættir sem einkennast af því að foreldrar (forráðamenn) sýna börnum hlýju, setja skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, nota útskýringar og hvetja börn til að skýra út sjónarmið sín.

Skýring: Leiðandi uppeldi gefur svigrúm fyrir sjálfstjórn barna. Lögð er áhersla á umræður við börnin þar sem fram koma bæði sjónarmið barna og foreldra, meðal annars þegar settar eru reglur. Hugtak úr kenningu Diönu Baumrind. Uppeldishættir eru mjög menningarbundnir.

Enska: authoritative parenting

Sjá einnig: uppeldishættir

leikni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni sem byggist bæði á vitsmunalegri og verklegri þjálfun til að leysa viðfangsefni hratt og örugglega.

Skýring: Í aðalnámskrá grunnskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 (almennur hluti, bls. 39) er m.a. nefnt að: • Leikni er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi. • Leikni felur í sér greiningu með vali milli aðferða og skipulag verkferla. • Leikni er miðlað með því að beita vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum mismunandi tjáningarforma.

Enska: practical competence

listnám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám á sviði listgreina.

Enska: artistic education

Samheiti: art education

lífkerfi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: framvindukerfi, ævikerfi

Skilgreining: Kerfi sem gengur þvert á hin fjögur umlykjandi kerfi í vistkerfakenningu Bronfenbrenners og nær yfir áhrif tímans, það er áhrif breytinga eða atvika í lífi einstaklings, tímamótaviðburða eða breytinga í menningu.

Dæmi: Breytingar sem fylgja auknum þroska á unglingsárum, breytingar á fjölskyldugerð og efnahagslegri stöðu eða umfangsmikil menningarleg áhrif.

Enska: chronosystem

Sjá einnig: millikerfi, stofnanakerfi, lýðkerfi, vistkerfakenning Bronfenbrenners, nærkerfi

lýðkerfi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: heildarkerfi

Skilgreining: Kerfi sem nær yfir menningu, gildismat og siði samfélagsins, réttindi og skyldur borgaranna og umlykur önnur kerfi.

Skýring: Fjórða og ysta meginlag í vistkerfakenningu Bronfenbrenners um samspil þroska og umhverfis. Undir það falla lög, reglur, viðmið og gildi.

Enska: macrosystem

Sjá einnig: millikerfi, stofnanakerfi, nærkerfi, vistkerfakenning Bronfenbrenners, lífkerfi

lýðræðisnám

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: nám í lýðræði

Skilgreining: Nám sem felst í að læra, temja sér og iðka lýðræðisleg samskipti og starfshætti.

Enska: democracy education

lærlingsnám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám sem fram fer með virkri þátttöku í athöfnum daglegs lífs eða á starfsvettvangi og með stuðningi reynslumeiri einstaklinga. Námið er félagslegt og háð aðstæðum og menningarlegu samhengi.

Skýring: Hugtak úr kenningum Jean Lave (um nám á starfsvettvangi) og Barböru Rogoff (um nám barna í athöfnum daglegs lífs).

Enska: apprenticeship

lærlingur

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: a) Barn eða fullorðinn sem öðlast nýja þekkingu, skilning og færni með virkri þátttöku í athöfnum daglegs lífs, eða í starfi og starfsmenningu, og nýtur stuðnings reynslumeiri einstaklinga. Námið er óformlegt. b) Nemi í iðnnámi eða öðru formlegu starfsnámi þar sem starfsþjálfun á vinnustað er skipulögð jafnhliða námi í skólum og leiðir til viðurkenndra starfsréttinda.

Skýring: Hugtak úr kenningum Jean Lave og Barböru Rogoff (sbr. a-liður).

Enska: apprentice

lært hjálparleysi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hugarfar fólks sem einkennist af vantrú á að það geti sjálft þróað eigin hæfni og haft áhrif á árangur sinn og markmið. Þetta hugarfar, sem þróað er í samskiptum við aðra, hefur áhrif á námshvöt og hvernig brugðist er við hindrunum eða mistökum.

Skýring: Hugtak úr kenningu Carol Dweck um tengsl milli hugarfars fólks og hvernig það bregst við ýmsum aðstæðum, einkum árangri í námi. Ef illa gengur telja þeir sem þróað hafa með sér lært hjálparleysi að ekkert sé við því að gera þar sem velgengni er talin tengjast óbreytanlegum hæfileikum m.a. greind. Áhersla er lögð

á að unnt sé að vinna með og breyta þessu hugarfari. Hugtakið tengist félagsnámskenningu Bandura um áhugahvöt.

Dæmi: Mér gekk illa á stærðfræðiþrófinu af því mig skortir þar hæfileika, eins og aðra í minni fjölskyldu. Það þýðir því ekkert fyrir mig reyna að skilja stærðfræði.

Enska: learned helplessness

menntun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Aðhlíða þroski einstaklings sem byggist á fræðslu, reynslu, skilningi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Skýring: Einstaklingur getur menntast í skóla og án formlegrar skólagöngu, en stundum er orðið menntun notað um skólagöngu.

Enska: education

miðlun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Notkun verkfæra, áþreifanlegra eða óáþreifanlegra, sem eru þá milliliðir milli manns og umhverfis.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys. Hugtakið miðlun skýrir á hvern hátt samspil mannsins við heiminn, bæði áþreifanlegan og félagslegan eða huglægan, á sér stað með notkun verkfæra eða tákna og er ekki hugsanlegt án þeirra.

Enska: mediation

Sjá einnig: milliliður

millikerfi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: miðkerfi

Skilgreining: Kerfi sem nær yfir tengsl milli nærkerfa, svo sem tengsl milli heimilis og skóla.

Skýring: Annað lag af fjórum meginlögum í vistkerfakenningu Bronfenbrenners um samspil þroska og umhverfis. Millikerfið er hluti af næsta lagi þ.e. stofnanakerfi nærsamfélagsins.

Enska: mesosystem

Sjá einnig: vistkerfakenning Bronfenbrenners, nærkerfi, stofnanakerfi, lýðkerfi, lífkerfi

milliliður

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Verkfæri, áþreifanleg eða óáþreifanleg, sem eru óhjákvæmilegur milliliður manns og umhverfis í samskiptum og til að fást við ýmiss konar verkefni.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys

Sjá einnig: miðlun

nám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ferli sem felur í sér að breyting verður á þekkingu, hugsun, hegðun, viðhorfum og færni einstaklinga. Breytingarnar verða vegna virkni einstaklingsins, reynslu, áhrifa eða samskipta við umhverfið.

Skýring: Aðrar skilgreiningar: a) Ferlið sem á sér stað þegar reynsla veldur breytingu á þekkingu, hegðun og viðhorfum. b) Nám samkvæmt hugrænni nálgun (e. cognitive theory) er ferli sem snýst um hvernig einstaklingar vinna með upplýsingar, festa þær í minni og sækja þær aftur þegar á þarf að halda. c) Atferlislálgun: Allar (varanlegar) breytingar á hegðun sem verða til við víxlverkun hegðunar og umhverfis.

Enska: learning

námshæfni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Framvinda og árangur í námi með hliðsjón af tilteknum viðmiðum.

Enska: school attainment

námshæfni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni til að sækja sér nýja þekkingu og leikni, jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni almennt og á tilteknum sviðum.

Enska: learning capacity

námsslund

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: námshneigð

Skilgreining: Hugarástand (eða hugsunarháttur) nemanda gagnvart námi sem tekur til hæfni og þekkingar, námsvenja, hegðunar, virkni, viðhorfa og löngunar til að nýta tækifæri til náms.

Skýring: Námslund er oft talin vera blanda af því að taka þátt, takast á við erfiðleika og óöryggi, vera forvitin/n, hafa samskipti og taka ábyrgð.

Enska: learning disposition

námssálfræði

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: námssálarfræði

Skilgreining: Grein sálfræði sem fæst við rannsóknir og hagnýtingu sálfræðilegrar þekkingar á sviði náms og kennslu.

Skýring: Tilgangur rannsókna á námsferli, hvort sem er með áherslu á atferli eða hugræna ferla, er að öðlast skilning á einstaklingsmun á mismunandi sviðum og þátt hans í námi. Þá er t.d. átt við mun í greind, vitsmunapróska, áhugahvöt, sjálfstjórnun, sjálfsmynd, tilfinningum og persónuleika.

Enska: educational psychology

námsstíll

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Aðferðir og venjur við nám sem einstaklingur hefur tamið sér eða eru honum/henni eiginlegar.

Skýring: Ólíkir námsstílar byggjast á þeirri sýn að einstaklingar læri á mismunandi vegu, s.s. hlusta, horfa og gera.

Dæmi: Námsstíll getur verið sjónrænn, heyrnrænn og verkrænn (athafnamiðaður).

Enska: learning style

námsörðugleikar

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Erfiðleikar við nám af margvíslegum toga.

Skýring: Námsferfiðleikar geta stafað af skertri starfsemi heilans, afmörkuðum veikleikum í taugafræðilegu þroskamynstri eða félagslegum og persónulegum þáttum. Skipta má námserfiðleikum í tvennt, almenna og sértæka.

Dæmi: Erfiðleikar við að læra mál, lestur, reikning, skrift, samskipti eða hreyfingar.

Enska: learning difficulty

Samheiti: learning disability, learning disorder

neikvæð refsing

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlisyggja)

Skilgreining: Ferli þar sem tiltekin hegðun veldur því að eitthvað eftirsóknarvert er fjarlæggt sem dregur úr líkum á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlisyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Drengur mætir svo seint heim að hann missir skjátíma í sólahring og mætir sjaldnar of seint heim eftir það. „Að missa skjátíma“ flokkast sem neikvæð refsing.

Enska: negative punishment

Sjá einnig: neikvæð styrking, refsing, styrking, jákvæð styrking, jákvæð refsing

neikvæð styrking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlisyggja)

Skilgreining: Ferli þar sem óþægilegt áreiti hverfur í kjölfar hegðunar, sem veldur því að líkur aukast á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlisyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Ef nemendur vinna heimaverkefni sín betur og losna þannig við nöldur foreldra sinna, þá myndi nöldrið flokkast sem „neikvæð styrking“. Ef auka á tiltekna hegðun er þó jafnan mælt með að nota helst

jákvæða styrkingu. Pípið í bílnum hverfur ef við setjum á okkur öryggisbelti. Það verður til þess að við verðum duglegri að setja á okkur beltin. Við pípið aukast líkur á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Enska: negative reinforcement

Sjá einnig: refsing, jákvæð refsing, styrking, neikvæð refsing, jákvæð styrking

netslór

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: nethangs

Skilgreining: Atferli sem felst í að fólk vafrar á netinu án þess að það tengist viðfangsefnum náms, vinnu eða daglegs lífs.

Skýring: Netslór dregur athygli nemenda frá viðfangsefnum náms. Sama á við um athygli á viðfangsefni í atvinnu- og einkalífi.

Dæmi: Fólk sem stundar þetta er kallað netslórarárar eða nethangarar.

Enska: cyberslacking

Samheiti: cyberloafing

nærkerfi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Kerfi sem nær yfir nánasta umhverfið í lífi og þroska einstaklings, svo sem heimili, fjölskylda, félagslíf, skóli eða vinnustaður.

Skýring: Eitt af fjórum meginlögum í vistkerfakenningu Bronfenbrenners um samspil þroska og umhverfis. Hver einstaklingur lifir yfirleitt í fleiri en einu nærkerfi. Í nærkerfum lærast grunnreglur samskipta, hegðunar og félagslegra gilda.

Enska: microsystems

Sjá einnig: vistkerfakenning Bronfenbrenners, lífkerfi, lýðkerfi, millikerfi, stofnanakerfi

óskilyrt áreiti

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlisyggja)

Skilgreining: Áreiti sem sjálfkrafa vekur eðlislæga svörun einstaklings.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Dæmi: Góð matarlykt eykur munnvatnsframleiðslu. Snögg hávæð hljóð valda því að barn grætur.

Enska: Unconditioned stimulus

óskilyrt svörun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlisyggja)

Skilgreining: Eðlislægt, ósjálfrátt viðbragð einstaklings við óskilyrtu áreiti, þ.e. áreiti sem vekur eðlislæga svörun.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Dæmi: Góð matarlykt eykur munnvatnsframleiðslu.

Snögg hávæð hljóð valda því að barn grætur.

Enska: unconditioned response

refsing

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Viðbragð við hegðun sem skapar óþægindi. Það dregur þannig úr líkum á að hegðunin endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér. Það sem einkennir refsingu skv. atferlishyggju er eingöngu að hegðun minnkar vegna afleiðinga refsingarinnar. Ef tíðni hegðunar minnkar ekki í kjölfar þess sem ætlað er að vera refsing, þá er það ekki „refsing“ skv. atferlishyggju.

Enska: punishment

Sjá einnig: jákvæð refsing, styrking, jákvæð styrking, neikvæð styrking, neikvæð refsing

reynslunám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám þar sem nemendur læra af eigin reynslu frekar en að þeim sé kennt.

Enska: experimental learning

sameiginleg trú á eigin getu

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Sameiginleg trú hóps á eigin getu til að skipuleggja og framkvæma aðgerðir sem þarf til að ná tilteknum árangri.

Skýring: Hugtak úr kenningu Bandura.

Dæmi: Trú kennarahóps á sameiginlega getu hefur áhrif á möguleika þeirra til að takast á við krefjandi verkefni.

Enska: collective efficacy

samhjálp nemenda

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Vinnuaðferð þar sem nemendur eru hvattir til að hjálpa hver öðrum.

Enska: peer assistance

Samheiti: peer learning, students' mutual assistance

samhuglægðni

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: Samveruleiki

Skilgreining: Sameiginlegur skilningur, upplifun og sýn sem hefur mótast í skoðanaskiptum og sameiginlegri þátttöku í viðfangsefnum þar sem fólk setur sig hvert í annars spor og deilir með sér hugmyndum og viðhorfum.

Skýring: Hugtakið hefur verið notað til að útskýra náms- og þroskaferli.

Dæmi: Samhuglægðni er mikilvægur þáttur í ferlinu

þegar börn móta sameiginlegan heim sinn í samskiptum og leik. Barbara Rogoff notar hugtakið til að útskýra hugtakið vörðuð þátttaka (guided participation), og þá einkum hlutverk fullorðinna í samskiptum við börn um athafnir daglegs lífs þar sem miklu skiptir að tekið sé mið af veruleika og forsendum barnanna.

Enska: intersubjectivity

samkennd

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Skynjun á tilfinningum annarra og þátttaka í gleði eða vanlíðan annarra.

Enska: compassion

samlögun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Þroskaferli eða námsferli sem felst í að börn meðtaka nýja þekkingu með því að laga hana að skemum sem þau hafa þegar þróað og styrkir þannig fyrri hugmyndir og skilning.

Skýring: Samlögun er önnur hlið þroskaferlis skv. kenning Piagets, hin hliðin er aðhæfing.

Dæmi: Í stað óskiljanlegra orða í texta setja börn orð sem þau skilja t.d. í söngtexta.

Enska: assimilation

seigla

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: þrautseigja, þanþol

Skilgreining: Hæfni einstaklings til að standast eða styrkjast í glímu við erfiðleika eða mótlæti. Slík hæfni birtist meðal annars í því að einstaklingur lítur á krefjandi viðfangsefni sem ögrun frekar en óleysanlegt vandamál.

Enska: resilience

sértækir námsörðugleikar

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Erfiðleikar einstaklings við tiltekið nám, án þess að þeir tengist færni eða þroska á öðrum sviðum.

Skýring: Námserfiðleikar geta stafað af skertri starfsemi heilans, afmörkuðum veikleikum í taugafræðilegu þroskamynstri eða félagslegum og persónulegum þáttum. Skipta má námserfiðleikum í tvennt, almenna og sértæka.

Dæmi: Lesröskun (developmental reading disorder), ritröskun (developmental writing disorder), reikniröskun (developmental arithmetic disorder).

Enska: specific learning difficulty

Samheiti: specific learning disability, specific learning disorder

Sjá einnig: námsörðugleikar

sérþarfir

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Þörf á sérstökum stuðningi fyrir nemendur sem eiga erfitt með hefðbundið nám sökum sértækra námsörðugleika eða heilsutengds, tilfinningalegs eða félagslegs vanda.

Enska: special needs

sjálflæg hugsun

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: sjálflægni

Skilgreining: Hugsun barna á ákvöðnu aldurskeiði sem einkennist af því að þau telja að aðrir sjái fyrirbæri frá sama sjónarhorni og þau sjálf.

Skýring: Hugtak úr kenningu Piaget um vitsmunabroska barna. Ung börn skynja umhverfið einungis frá eigin sjónarhorni, en við sex til sjö ára aldur átta þau sig á að sjónarhornin geta verið fleiri.

Enska: egocentric thinking

sjálfræði

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni og aðstæður einstaklings til að taka ákvarðanir um eigin athafnir þannig að þær séu í samræmi við eigin vilja og sannfæringu.

Enska: autonomy

sjálfsálit

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Sú hlið sjálfsmýndar sem snýr að heildarmati einstaklings á sjálfum sér.

Skýring: Hugtakið sjálfsálit er oft notað til að meta sjálfsmýnd í rannsóknum. Þá er gjarnan litið á sjálfsálit sem vídd, frá litlu (neikvæðu) álitu á sjálfum sér að miklu (jákvæðu) álitu á sjálfum sér.

Enska: self-esteem

sjálfsmýnd

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hugmyndir, vitneskja og tilfinningar einstaklings fyrir sjálfum sér, eigin sérkennum, hæfni og félagslegri stöðu.

Enska: self-concept

sjálfsprottinn leikur

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Leikur sem leikinn er af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.

Enska: spontaneous play

sjálfstal

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Tal ungra barna við sjálf sig sem þau nota til að skipuleggja og stjórna eigin atferli. Sjálfstal leggur

grunn að sjálfstjórn barna.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys um hlutverk tungumálsins í þroska barna.

Enska: private speech

sjálfstjórn

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni einstaklings til að stjórna, breyta eða halda aftur af eigin hugsun, tilfinningum eða hegðun í samræmi við reglur, viðmið, markmið og áætlanir, ýmist meðvitað eða ómeðvitað.

Enska: self-regulation

Samheiti: self-control

sjálfsvitund

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Tilfinningaleg hlið sjálfsmýndar. Upplifun einstaklings af eigin persónu, þ.e. innri styrk og veikleikum, viðhorfum og gildum og því sem hann á sameiginlegt með eða greinir hann frá öðrum.

Enska: self-identity

Samheiti: identity

skapandi hugsun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hugsun sem felur í sér að nota ímyndunaraflíð til þess að nálgast viðfangsefni á nýjan hátt og skapa þar með eitthvað nýtt.

Enska: creative thinking

skema

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Skipulegt mynstur þekkingar, hugmynda og aðgerða á afmörkuðu sviði sem einstaklingur býr yfir, og myndar grunn fyrir túlkun og skilning á nýrri reynslu.

Skýring: Skemu þróast í samskiptum einstaklings við umhverfi sitt, og stöðugri viðleitni hans/hennar til að skipuleggja eigin þekkingu með virkri aðlögun (e. adaptation). Þannig verða skemun sífellt flóknari og samtengdari. Grunnhugtak í kenningu Piaget um vitsmunabroska.

Dæmi: Börn nota orðið afi yfir alla gamla menn í upphafi en læra síðan merkingu hugtaksins.

Enska: scheme

skilyrt áreiti

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Hlutlaust atvik eða ástand sem tengt er við óskilyrt áreiti, þ.e. áreiti sem veur óskilyrta svörun, og veur eftir það sömu svörun og óskilyrta áreitið.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Dæmi: Hringing, sem tengd er við matarlykt, veur

sömu svörun og matarlyktin (hundar Pavlovs).

Enska: conditioned stimulus

skilyrt svörun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Lærð svörun sem felst í því að atvik eða ástand sem áður vakti ekki viðbragð eða svörun, er tengt við áreiti sem vekur eðlislægt viðbragð og vekur eftir það sömu svörun og það.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Dæmi: Hringing, sem tengd er við matarlykt, vekur sömu svörun og matarlyktin (hundar Pavlovs).

Enska: conditioned response

sköpun

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ferli sem felur í sér að búa til eitthvað nýtt sem ekki lá fyrir áður og bæta þar með nýrri nálgun, þekkingu, skilningi eða sýn við það sem fyrir var.

Enska: creativity

slokkun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Ferli sem felst í að lærð hegðun hverfur smám saman þegar styrking fylgir ekki lengur í kjölfar hennar.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Nemandi hættir að fá hrós fyrir að standa sig vel í skólanum og fer að leggja sig minna og minna fram.

Enska: extinction

stafræn borgaravitund

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Þekking, færni, og viðhorf sem þarf til að sýna ábyrga hegðun þegar upplýsinga- og samskipta-tækni er annars vegar.

Enska: digital citizenship

stafræn hæfni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni sem felst í sérþekkingu og skilningi á hlutverki upplýsingatækni, færni í að beita henni á gagnrýninn, kerfisbundinn og skapandi hátt og skilningi á tækifærum og siðferðilegum álitamálum sem henni tengjast.

Enska: digital competence

starfsnám

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nám sem felur í sér þjálfun á vinnustað

og/eða leiðir til starfsréttinda á tilteknum vettvangi.

Enska: vocational education

Samheiti: professional education

Sjá einnig: starfsréttindapróf

stofnanakerfi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Kerfi sem nær yfir stofnanir samfélagsins og er að mestu leyti óháð einstaklingum, s.s. félags-, heilbrigðis- og skólakerfi, vinnumarkaður og húsnæðiskerfi.

Skýring: Þriðja lag af fjórum meginlögum í vistkerfakenningu Bronfenbrenners um samspil þroska og umhverfis.

Enska: exosystem

Sjá einnig: lýðkerfi, vistkerfakennning Bronfenbrenners, nærkerfi, lífkerfi, millikerfi

styrking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Samheiti: umbun

Skilgreining: Ferli þar sem afleiðing hegðunar eykur líkur á að hún endurtaki sig við svipaðar aðstæður.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Enska: reinforcement

Sjá einnig: jákvæð refsing, neikvæð refsing, refsing, jákvæð styrking, neikvæð styrking

styrkingarskilmálar

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Skilmálar sem lýsa því hvernig tiltekin hegðun er styrkt hverju sinni.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Kennari vill fá nemendur til að hætta að ryðjast inn í kennslustofu í upphaf kennslustundar. Hann setur upp nýja styrkingarskilmála þar sem hann hrósar nemendum fyrir að koma inn rólega í beinni röð (styrkir æskilega hegðun) en lætur nemendur með læti fara aftast í röðina (refsar óæskilegri hegðun).

Enska: contingencies of reinforcement

styrkir

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Svörun eða viðbragð sem kemur í kjölfar hegðunar og eykur líkur á endurtekningu hennar.

Skýring: Hugtak úr atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með

sér.

Enska: reinforcer

Sjá einnig: styrking

stýrandi uppeldi

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: skipandi uppeldi, stýrandi uppeldishættir

Skilgreining: Uppeldishættir sem einkennast af því að foreldrar (fórnáðamenn) setja börnum skýr mörk, krefjast hlýðni og setja reglur án útskýringa, og taka lítið tillit til skoðana og hugmynda barna. Lítil áhersla er lögð á að sýna hlýju og uppörvun.

Skýring: Hugtak úr kenningu Diönu Baumrind.

Uppeldishættir eru mjög menningarbundnir.

Dæmi: Tónninn í samskiptum við börnin er: „Þú átt að gera þetta því ég er móðir þín og ég segi þér að gera það.“

Enska: authoritarian parenting

Sjá einnig: uppeldishættir

svæði mögulegs þroska

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: þroskasvæði

Skilgreining: Munurinn á því sem barn getur gert eða lært með stuðningi frá fullorðnum eða í samvinnu við getumeiri félaga og þess sem það getur gert eða lært á eigin spýtur eða án aðstoðar.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys. Svæði mögulegs þroska verður til í gagnvirku sambandi einstaklings við félagslegt og menningarbundið umhverfi sitt þar sem bæði einstaklingur og umhverfi eru virk og hafa áhrif á þroskann. Það sem barn getur gert með stuðningi í dag getur það gert hjálparlaust á morgun og þess vegna er hægt að greina þann þroska sem er mögulegur með því að fylgjast með hvað barn getur gert í samvinnu við aðra. Hlutverk kennara er þá að sjá til þess að börn fái verkefni sem eru á svæði mögulegs þroska.

Enska: zone of proximal development

svörun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Viðbragð einstaklings við áreiti, eðlislægt eða lært, meðvitað eða ómeðvitað.

Skýring: Grunnhugtak í klassískri skilyrðingu.

Enska: response

tileinkuð námskrá

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: áunnin námskrá

Skilgreining: Námskrá sem felur í sér þá þekkingu, leikni og viðhorf sem nemandi raunverulega tileinkar sér í námi og skóla.

Skýring: Tileinkuð námskrá er raunveruleg námsreynsla

nemenda en virk námskrá er sú námskrá sem kemur til framkvæmdar í kennslustofunni.

Enska: achieved curriculum

Samheiti: attained curriculum, learned curriculum, received curriculum

Sjá einnig: áformuð námskrá

trú á eigin getu

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Sú hlið sjálfsmyndar sem snýst um trú einstaklings á eigin getu til að ná árangri á afmörkuðu sviði.

Skýring: Slíkt sjálfstraust hefur áhrif á val fólks á viðfangsefnum, áhuga á þeim og hversu lengi það endist í þeim þrátt fyrir erfiðleika (seigla).

Enska: self-efficacy

tölvulæsi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: 1. Færni í að nýta tölvutækni. 2. Innsýn í forritun og virkni tölva.

Enska: computer literacy

uppeldishættir

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Aðferðir við uppeldi barna.

Skýring: Í kenningum um uppeldishætti er gjarnan talað um fjórar aðferðir: leiðandi (e. authoritative), stýrandi (e. authoritarian), eftirlátar (e. permissive) eða afskiptalausar (e. neglectful). Þessi flokkun byggist á kenningu Diönu Baumrind. Uppeldishættir eru mjög menningarbundnir.

Sjá einnig: afskiptalaus uppeldi, eftirlátt uppeldi, leiðandi uppeldi, stýrandi uppeldi

upplýsingalæsi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Læsi sem felst í að einstaklingur geti fundið, staðsett, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirknan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni.

Enska: information literacy

úthverfing

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Ferli sem felst í því að einstaklingar nota hugræna hæfni sína til að hafa áhrif á félagslegt umhverfi sitt og breyta því.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys. Á meðan innhverfing tengist viðhaldi menningarinnar (e. reproduction) þá felur úthverfing í sér möguleika til umbreytingar – sköpunar og þróunar á einhverju nýju.

Enska: externalization

Sjá einnig: innhverfing

valþröng

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: klemma

Skilgreining: Tilfinning sem gerir einstakling ófæran um að bregðast við aðstæðum. Valþröng skapast þegar miklar umbreytingar verða í umhverfi og einstaklingur fær misvísandi skilaboð úr mörgum áttum.

Enska: double bind

varðveisla

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni í rökhugsun sem gerir börnum kleift að skilja að magn helst það sama þótt framsetning eða útlit breytist.

Skýring: Hugtak úr kenningu Piaget um vitsmunabroska barna. Samkvæmt kenningunni breytist hugsun barna um 6/7 ára aldur þannig að þau ná aukinni hæfni á þessu sviði, þ.e. skilja að magnið getur verið það sama þrátt fyrir ólíka framsetningu.

Dæmi: Börn skilja að magn vökva helst hið sama þegar honum er hellt úr víðara glasi í þrengra.

Enska: conservation

vaxtarhugarfar

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: gróskuhugarfar

Skilgreining: Hugarfar sem einkennist af því að fólk telur hæfileika og eiginleika vera sveigjanlega og breytanlega.

Skýring: Hugtak úr kenningu Carol Dweck um tengsl milli hugarfars fólks og hvernig það bregst við ýmsum aðstæðum, einkum árangri í námi. Árangur m.a. í námi tengist því hvort nemandi leggur sig fram frekar en greind og öðrum meðfæddum eiginleikum. Litið er á erfiðleika sem tækifæri til þroska. „Manneskja sem er með festuhugarfar telur að persónuleg færni og hæfniþættir eins og gáfur og íþróttahæfileikar séu meðfæddir og óbreytanlegir. Hins vegar trúir manneskja með gróskuhugarfar að hægt sé að breyta og þróa þessa þætti.“ (Kristján Kristjánsson, 2008)

Enska: growth mindset

Sjá einnig: festuhugarfar

veraldarhæfni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni sem felur í sér innsýn í hnattræn kerfi, alþjóðamálefni, samspil eða tengsl fyrirbæra í heiminum, og skilning á því hvernig þjóðfélög geta tekist á við hnattræn viðfangsefni.

Skýring: Felur í sér að búa yfir djúpri þekkingu og skilningi á alþjóðlegum málefnum og getu til að vinna með fólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn, færni í erlendum tungumálum og getu til að vera virkur í hnattrænu samhengi.

Enska: global competence

verkfæri

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: verkfæri menningarinnar

Skilgreining: Hlutbundnar og hugrænar menningarafurðir, svo sem hlutir, textar, myndir, reglur og tungumál, sem manneskjan notar í verklegum og huglægum athöfnum, í samskiptum og til að hafa stjórn á eigin hugsun.

Skýring: Hugtak úr kenningu Vygotskys. Hugræn verkfæri (e. psychological tools) og tákni (e. signs) eru samheiti. Í hverri menningu þróast annars vegar áþreifanleg verkfæri eins og eldhúsáhöld, tölvur og símar, sem breyta aðferðum og verklagi, og hins vegar hugræn verkfæri (psychological tools, signs), svo sem reglur, textar, kenningar og tungumál. Notkun hugrænna verkfæra breytir eðli hugsunar og skilnings og er talin mikilvægur þáttur í vitþroska barna og í þróun æðra hugarstarfs. Notkun verkfæra, áþreifanlegra og hugrænna, eru milliliðir milli manns og umhverfis. Tungumálið er mikilvægasta verkfærið og er grunnur að skilningi okkar á heiminum og samskiptum við aðra. Algengt er að orðið verkfæri eða menningarleg verkfæri vísi aðallega til hugrænna verkfæra.

Dæmi: Dæmi: Vísurnar “A, b, c, d ...” og “Ap, jún, sept, nóv 30 hver ...” eru dæmi um verkfæri sem miðla upplýsingum og styðja við minni á staðreyndum. Mikilvæg verkfæri eru ritmál, stærðfræðitákni og reglur, nótnaskrif og landakort. Tungumálið er dæmi um margþrepa verkfæri sem hefur þróast á löngum tíma.

Enska: tools

Samheiti: psychological tools, signs

viðurkennd jaðarþátttaka

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: gild jaðarþátttaka

Skilgreining: Þátttaka nýliða í starfssamfélagi sem þeir stefna á að verða fullgildir þátttakendur í.

Enska: legitimate peripheral participation

virg hegðun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: atferlishyggja)

Skilgreining: Lögmál sem felur í sér að hegðun breytist í kjölfar afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Skýring: Kenning um nám samkvæmt atferlishyggju sem skýrir hvernig hegðun lærist vegna afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

Dæmi: Ef eitthvað ánægjulegt gerist í kjölfar hegðunar aukast líkur á að við endurtökum þá hegðun. Gerist eitthvað óæskilegt í kjölfar hegðunar dregur úr líkum á að sú hegðun sé endurtekin.

Enska: operant conditioning

virkt lýðræði

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Tegund lýðræðis þar sem fólk er virkir þátttakendur og ákvarðanir eru teknar með lýðræðislegum hætti, þegar þeir sem málið varðar hafa haft tækifæri til að koma að umræðum og endanlegri ákvörðun.

Skýring: Ýmsar leiðir er hægt að fara til að venja nemendur og ungt fólk við virkt lýðræði, t.d. með bekkjarfundum þar sem nemendur hafa áhrif á nám sitt.

Enska: active democracy

virkur borgari

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Einstaklingur sem er samtíða öðrum í samfélagi, er meðvitaður um stöðu sína og hlutverk og er virkur í mótun og umræðu samfélagsins (nágrennis, þjóðar og/eða alþjóðasamfélags).

Enska: active citizen

virkur nemandi

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Nemandi sem leggur sitt af mörkum í námi og skólastarfi.

Enska: active student

vistfræðileg þáttaskil

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: vistfræðileg umskipti, vistfræðilegur flutningur, vistfræðileg yfirfærsla

Skilgreining: Þáttaskil sem verða í lífi einstaklings þegar staða hans eða hlutverk breytist og aðlagast þarf nýju umhverfi eða nýjum aðstæðum.

Skýring: Hugtak úr vistkerfakenningu Bronfenbrenners.

Dæmi: Þáttaskil verða í lífi barns sem stendur t.d. á þeim tímamótum að flytjast á milli skólastiga, skóla eða landa.

Enska: ecological transition

Sjá einnig: vistkerfakenning Bronfenbrenners, lífkerfi, lýðkerfi, stofnanakerfi, nærkerfi, millikerfi

vörðuð þátttaka

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: a) Námsferli sem felst í að fullorðnir eða getumeiri félagar styðja börn í að vera virkir þátttakendur í athöfnum daglegs lífs gegnum samvinnu og samræður og stuðla þannig að vitþroska/námi barna. Miklu skiptir að börnin fái svigrúm til að orða og þróa eigin hugmyndir og skilning. b) Námsferli tengd starfsnámi sem felst í að reyndari eða hæfari einstaklingur styður þann reynsluminni í að móta og þróa eigin aðferðir og hugmyndir í starfi. Samvinna, samræður og tengsl við tungumál og menningu starfsins eru kjarni stuðningsins.

Skýring: a) Hugtak úr kenningu Barböru Rogoff um nám sem félags- og menningarbundið ferli. Hugtakið er notað til að útskýra hvernig hugsun barna þróast með þátttöku í hefðbundnum athöfnum og í samskiptum við fullorðna og getumeiri einstaklinga. Athafnirnar geta verið margvíslegar, m.a. heimilisstörf og leikir.

Samskiptin felast í samvinnu þar sem ræddar eru aðferðir og hefðir sem tengjast athöfnunum, en geta einnig verið án orða. Venjur og siðir, sem hafa þróast í áranna rás, vísa veginn og einnig fyrri reynsla hinna fullorðnu, en mestu skiptir þó að stuðningurinn taki mið af veruleika barnanna, og að þau séu sjálf virk í að nýta sér stuðninginn. Rogoff beinir athyglinni einkum að óformlegu námi, þ.e. námi sem fram fer utan skólakerfisins. Hugtakið tekur mið af hugtaki Vygotskys svæði mögulegs þroska. b) Hugtak úr kenningu Barböru Rogoff um nám sem félags- og menningarbundið ferli. Hún notar hugtakið annars vegar til að útskýra nám barna og hins vegar starfsnám og hvernig það tengist aðstæðum og menningu. Stuðningurinn felst þá í samvinnu milli nýliða og reyndari starfsmanns þar sem rætt er um aðferðir, venjur og gildi sem tengjast starfinu. Nýliðinn fær svigrúm til að þróa eigin hugmyndir, viðhorf og persónulegan styrk í starfi en getur jafnframt nýtt sér mikilvæga þekkingu og reynslu sem sá reyndi býr yfir. Markmiðið er að nýliðinn verði smám saman færari um að axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum og virkur þátttakandi í mótun starfsmenningar.

Dæmi: Amma bakar smákökur með barnabarni og barnið lærir vinnuvenjur, hnoða, fara eftir uppskrift, mæla, passa sig á heitum ofni o.s.frv. Barn fer á skíði með foreldrum, byrjar á að renna sér milli fóta þeirra en lærir smám saman að renna sér án stuðnings og líka helstu venjur, reglur og hættur sem tengjast íþróttinni.

Enska: guided participation

yfirfærsla

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hagnýting þekkingar eða færni við aðrar aðstæður en þær þar sem þekkingar eða færni var upphaflega aflað.

Enska: transfer

þekking

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Fræðilegt og hagnýtt safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða.

Skýring: Í almennum hluta aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla frá 2011 (bls. 39) kemur m.a. fram um þekkingu að: • Þekkingar er aflað með því að horfa, lesa, hlusta á, ræða eða með upplifun og reynslu í gegnum athafnir. • Þekking er greind með því að ræða, flokka og bera saman. • Þekkingu er miðlað með fjölbreyttum tjáningarformum svo sem munnlega,

skriflega eða verklega.

Enska: knowledge

Þjónustunám

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: þátttökunám

Skilgreining: Nám, byggt á markmiðum aðalnámskrár, sem felst í virkri þátttöku nemenda í skipulagðri þjónustu við samborgara eða nærsamfélagið almennt (umhverfi og náttúra þar með talin), og er unnin í sjálfboðavinnu. Nemendur tengja saman formlegt nám í skóla og tiltekin þjónustuverkefni.

Grenndarsamfélagið þiggur þjónustu, nemendur eru veitendur.

Skýring: Í þjónustunámi vinna nemendur að formlegum verkefnum sem mæta skilgreindum þörfum og geta verið þvert á námsgreinar aðalnámskrár. Þau skipuleggja sjálf og stjórna verkefnum, en njóta jafnframt leiðsagnar sér eldri eða reyndari aðila. Nemendur sem vinna saman geta verið á mismunandi aldri. Þjónustunám skiptist í undirbúning og skipulag, framkvæmd, ígrundun og mat, kynningu og viðurkenningu. Þjónustunám er þannig aðferð þar sem kennarar tengja þjónustu nemenda í nærsamfélaginu við námskrá til að gefa nemendum kost á hagnýtri reynslu af námsgreinunum.

Dæmi: Nemendur taka skógarsvæði í fóstur og tengja það námi í náttúrufræði (skólaskógar).

Grunnskólanemendur fara í leikskóla og lesa upphátt fyrir börnin. Nemendur vinna að fræðslustígum í

nágrenninu, t.d. um plöntur og fugla.

Enska: service-learning

Þroskafrávik

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hömlun eða fötlun á ólíkum sviðum, sálrænum eða líkamlegum.

Dæmi: Málþroskafrávik, sértækir námsörðugleikar, skertur hreyfiþroski eða einkenni á einhverfurófi.

Enska: developmental disorder

Þuluminni

(flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Námsaðferð til að muna upplýsingar með því að endurtaka þær sífellt án þess endilega að skilja merkingu.

Enska: rote memorisation

Þulunám

(flokkun: nám og þroski)

Samheiti: utanbókarlærdómur

Skilgreining: Námsaðferð sem byggist á því að leggja á minnið, oftast orðrétt, með endurtekningu. Aðferðin gerir ekki endilega kröfu um skilning.

Skýring: Þegar fólk beitir þessari aðferð er oft notast við stuðla, rím eða hrynjandi til að muna betur.

Dæmi: Margföldunartafla, firðir, ár og ljóð eða söngtextar.

Enska: rote learning

Lestur og málþroski (sérsvið innan flokksins nám og þroski)

aðskeyti

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: skeyti

Skilgreining: Ósjálfstæður orðhluti, forskeyti eða viðskeyti, sem bætist við orð og myndar þannig nýtt orð.

Skýring: Óviti (ó-), forvitinn (for-), glæsileg (-leg).

Enska: derivational morpheme

Sjá einnig: frjáls orðhluti

áunnin leshömlun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Leshömlun sem stafar af heilaskemmdum eða öðrum áföllum.

Enska: acquired dyslexia

Sjá einnig: þroskatengd leshömlun, leshömlun

boðskiptalykkja

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: boðskiptavefja

Skilgreining: Boðskipti sendanda og viðtakanda þar sem viðtakandi endurtekur það sem hann hefur heyrt eða sýnir með ótvíræðum hætti að hann hafi skilið og sendandi staðfestir með einhverjum hætti að rétt sé skilið, t.d. með því að játa.

Skýring: Sendandi getur þurft að ná athygli viðtakanda, t.d. með því að nefna nafn hans eða snerta hann. Öll boðskipti einkennast af boðskiptalykkjum eða boðskiptavefju, þegar tveir eða fleiri skiptast á að tala og halda þræði. Ef viðtakandi svarar ranglega eða ekki, verður sendandi að endurtaka boð sín þar til viðtakandi svarar svo unnt sé að loka lykkjunni.

Enska: communication loop

breidd orðaforða

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: breidd orðaþekkingar

Skilgreining: Fjöldi orða og orðasambanda sem málnotandi skilur og getur notað í algengri merkingu.

Enska: vocabulary breadth

Sjá einnig: dýpt orðaforða

byrjandi læsi

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: bernskulæsi

Skilgreining: Vitund um ritmál sem þróast sem undanfari formlegs lestrarnáms.

Skýring: Byrjandi læsi helst í hendur við málþroska og hljóðkerfisvitund, og felur í sér vitund um tilgang og hlutverk ritmáls, auk þekkingar á táknum.

Dæmi: Barn tekur eftir og þekkir ták og einstaka bókstafi í umhverfi sínu, það veit að bækur innihalda sögur eða upplýsingar.

Enska: early literacy

Samheiti: emergent literacy

dýpt orðaforða

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: dýpt orðaþekkingar

Skilgreining: Þekking á fjölbreytilegri merkingu, notkunarmöguleikum og blæbrigðum hvers orðs sem málnotandi skilur og getur notað.

Enska: vocabulary depth

Sjá einnig: breidd orðaforða

eindaraðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggist á því að nemandi læri fyrst að þekkja minnstu einingar talmáls og ritmáls og tengi þær síðan saman í stærri einingar, orð og setningar.

Dæmi: Hljóðaaðferð og stöfunaraðferð.

Enska: bottom up method

Samheiti: synthetic phonics

Sjá einnig: heildaraðferð, hljóðaaðferð, stöfunaraðferð, samvirk aðferð

fjarlæging

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Þroski barns sem felur í sér að þurfa ekki lengur að sjá hluti eða fyrirbæri (merkingarmið) í kringum sig til að geta talað um þau eða skilið; orðin koma í staðinn og nægja til að kveikja vitundina um merkingarmiðið.

Dæmi: Fyrst þarf barn að sjá banana til að benda á eða biðja um banana, smám saman fer það að geta hugsað um bananann án þess að sjá hann og biðja um hann að fyrra bragði.

Enska: distancing

fletta

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: lemma, orðabókarfærsla, uppflattimynd

Skilgreining: Sú beygingarmynd orðs sem notuð er í orðabókum.

Skýring: Fletta nafnorða er nefnifall eintölu, sagnorða er nafnháttur og fletta lýsingarorða er karlkyn eintölu, nefnifalli í frumstigi.

Enska: lemma

Samheiti: lexical look-up

fræðalæsi

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: akademískt læsi

Skilgreining: Hæfni til að skilja fræðilega og faglega orðræðu, skriflega og munnlega, tileinka sér hana og geta tekið þátt í henni.

Enska: academic literacy

fræðileg skrif

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Skrif um ákveðið efni, kenningar eða hugmyndir, á gagnrýninn og greinandi hátt í þeim tilgangi að draga fram eða bæta við þekkingu og skilning á efninu.

Skýring: Hefðbundin fræðileg skrif eða fræðilegur texti eru yfirleitt á hlutlægu formlegu ritmáli, eða fræðilegu málsniði. Fræðileg skrif eru ólík eftir fræðasviðum.

Enska: academic writing

fræðilegt málsnið

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: fræðilegt tungutak

Skilgreining: Tungutak (orðaforði, setningaskipan og framsetning) sem notað er í skriflegum texta um námstengt eða fræðilegt efni.

Skýring: Orðaforði í fræðilegum texta einkennist af sérfræðiorðum eða íðorðum, nákvæmni og hlutlægni í orðavali, og skýrleika í setningaskipan og framsetningu til að forðast alla tvíræðni eða vafa. Fræðilegt málsnið getur verið torskilið nemendum sem ekki hafa vald á orðaforða ritmálsins (öðru lagi í orðaforða). Þótt aðallega sé talað um fræðilegt málsnið í textum sem skrifaðir eru fyrir sérfræðinga eða háskólanema, má einnig tala um að texti kennslubóka í grunn- og

framhaldsskóla hafi einkenni fræðilegs málsniðs.

Enska: academic register

framburður

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Myndun hljóða og orða í töluðu máli og upplestri.

Enska: pronunciation

frjáls orðhluti

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Orðhluti sem getur myndað orð með eða án stuðnings annarra orðhluta.

Skýring: Orðhlutinn hefur yfirleitt eitthvert sjálfstætt inntak eða merkingu. Í íslensku eru þetta orðhlutarnir rót og stofn.

Dæmi: Hús, hund, mús.

Enska: free morpheme

Sjá einnig: aðskeyti

grunnorðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: fyrsta lag orðaforða, talmálsorð

Skilgreining: Algengustu orð og orðasambönd tungumáls, eitt til tvö þúsund talsins, sem eru svo algeng í talmáli að börn læra þau að mestu í samskiptum á móðurmáli sínu án þess að þurfi að kenna þau sérstaklega.

Skýring: Fyrsta lagið í þrískiptingu orðaforða eftir tíðni og notkun í talmáli og ritmáli samkvæmt Beck, McKeown og Kucan (2002). Orð í grunnlagi orðaforðans eru að jafnaði um 80% orða í rituðum texta, en geta verið allt að 100% orða í daglegu tali. Orðaforðapróf, sem lagt er fyrir börn, og eingöngu hefur að geyma grunnorð, getur sýnt góða niðurstöðu en er ekki mælikvarði á námstengdan orðaforða sem er undirstaða velgengni í bóklegu námi.

Dæmi: hundur, hlaupa, heima, úti, meira

Enska: vocabulary tier 1

Samheiti: basic vocabulary

Sjá einnig: margræður orðaforði, sérfræðiorðaforði

heildaraðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggist á því að nemandi læri fyrst að þekkja merkingarbærar einingar talmáls og ritmáls, orð og setningar, og greini þær síðan í smærri einingar, stafi og hljóð.

Dæmi: Orðaaðferð og LTG.

Enska: top down method

Sjá einnig: samvirk aðferð, lestrarkennsluaðferð, eindaraðferð

hljóðaaðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggist á því að nemandur læra markvisst að þekkja heiti stafanna og hljóðgildi þeirra og tengja hljóðin saman í orð.

Enska: phonics

Sjá einnig: lestrarkennsluaðferð, eindaraðferð

hljóðan

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: fónem

Skilgreining: Minnsta eining talaðs máls sem aðgreinir merkingu.

Skýring: Ólíkt máhljóðum eru hljóðön huglægur eindir í hljóðkerfi málsins sem finnast með því að skoða venslin milli hljóða.

Dæmi: Rós, dós.

Enska: phoneme

hljóðabekking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Þekking á hljóðum bókstafa tungumálsins.

Skýring: Yfirleitt er fjallað um stafa- og hljóðabekkingu og er þá átt við að þekkja heiti og hljóð bókstafa sem lið í lestrarnámi.

Enska: letter sound fluency

hljóðferli

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Greining máhljóða í texta sem tengist hljóðkerfisvitund, hljóðrænu vinnsluminni og endurheimt hljóða úr minni.

Enska: phonological process

hljóðkerfisvitund

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Vitund um hljóðuppbyggingu tungumálsins og hæfni til að vinna með misstórar hljóðeiningar orðanna, óháð merkingu þeirra.

Enska: phonological awareness

hljóðtenging

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Liður í lestrarnámi sem felst í að tengja stök hljóð saman til að mynda orð.

Dæmi: b-o-r-ð -> borð
Enska: phoneme blending
Samheiti: sound blending

hljóðvitund

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Samheiti: hljóðavitund
Skilgreining: Vitund um hljóð málsins og færni til að greina þau og raða saman.
Skýring: Undirstöðuþáttur hljóðkerfisvitundar.
Enska: phonemic awareness

inntaksorð

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Skilgreining: Orð sem bera sjálfstæða merkingu og vísa til fyrirbæra og hugmynda utan við tungumálið sjálft og eiginleika þeirra.
Skýring: Inntaksorð eru yfirleitt nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, töluorð og atviksorð. Þau geta vísað til lífandi vera, dauðra hluta, náttúru fyrirbæra, hugmynda, verknaða, eiginleika o.fl.
Enska: content word
Sjá einnig: kerfisorð

kerfisorð

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Skilgreining: Orð sem hefur það málfræðilega hlutverk að tengja orð innan setninga eða málsgreina en hefur yfirleitt ekki sjálfstæða merkingu.
Skýring: Kerfisorð eru yfirleitt samtengingar, forsetningar, hjálparsagnir, greinir og sum fornöfn og atviksorð.
Enska: function word
Sjá einnig: inntaksorð

læsi

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Skilgreining: Hæfni sem felst í að skilja, nýta sér, ígrunda og ástunda lestur á rituðum texta í þeim tilgangi að ná markmiðum sínum, þróa þekkingu sína og möguleika á að geta tekið virkan þátt í samfélaginu.
Skýring: Stundum er talað um „læsi í víðum skilningi“ eða nýlæsi (e. new literacies). Þá er átt við hæfni til að lesa í og skilja tiltekið táknerfi, umhverfi eða viðmót og geta notað það til samskipta eða til að miðla upplýsingum, t.d. menningarlæsi, stærðfræðilæsi, stafrænt læsi (e. digital literacy) og myndlæsi.
Enska: literacy

lag í orðaforða

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Samheiti: stig í orðaforða
Skilgreining: Lag í skiptingu orðaforða tungumáls eftir tíðni og notkunarsviði í talmáli og ritmáli, sem tekur mið af hvernig orð lærast.
Skýring: Þriggja laga skipting orðaforða var sett fram af Beck, McKeown og Omanson árið 1987 og síðar af Beck, McKeown og Kucan (2002) til að rökstyðja forgangsatriði í kennslu orðaforða. Orðaforði skiptist í þrjú lög eða stig: Fyrsta lag, grunnorðaforði, algengustu orð tungumálsins sem notuð eru í daglegu tali. Annað lag, margræður orðaforði, orð sem eru algengari í ritmáli en talmáli og eru notuð í margvíslegu samhengi. Þriðja lag, sérfræðiorðaforði, orð sem tákna hugtök á sérsviði og eru notuð í því samhengi. Tveir síðari flokkarnir eru stundum kallaðir námsorðaforði (e. academic vocabulary).
Enska: vocabulary tier

les

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Skilgreining: Minnsta sjálfstæða merkingareining tungumáls, orð eða orðasamband, sem ekki skilst af þeim einingum (orðum eða orðhlutum) sem hún er gerð úr.
Skýring: Les getur átt við bæði orð og orðasambönd þegar orðasambönd hafa sérstaka merkingu sem ekki verður leidd eingöngu af merkingu einstakra orða. Hvert les getur birst í mismunandi beygingarmyndum eins og algengt er íslensku, en þær eru samt bara eitt les. Ein beygingarmynd af hverju lesi er valin sem flettiorð eða fletta í orðabók.
Dæmi: Sögnin taka-tók-tókum-tekið skilst af stofni orðsins tak/tók/tek sem er eitt les og getur bætt við sig beygingarendingum sem tákna persónu, tölu og tíð. Orðasambandið taka upp getur merkt það sem hvort orð um sig merkir, og er þá tvö les, sögn og atviksorð, en getur líka haft sérstaka merkingu í sameiningu, til dæmis taka upp flösku / kartöflur / kvikmynd, og er þá eitt les.
Enska: lexeme
Samheiti: lexical entry, lexical item

lesfimi

(flokkun: nám og þroski)
(sérsvið: lestur og málþroski)
Samheiti: sjálfvirkni í lestri
Skilgreining: Samhæfing á umskráningu, orðaþekkingu og lesskilningi, þannig að lestur verði nákvæmur, hraður, sjálfvirkur og með réttum áherslum og hljómfalli.
Skýring: Nákvæmni felst í að lesa rétt, og sjálfvirkni í því að þekkja orð fyrirhafnarlaust. Lesfimi er

áhrifaþáttur í lesskilningi, bæði raddlestri og hljóðlestri.

Enska: reading fluency

leshömlun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: dyslexía, lestregða, þroskatengd leshömlun

Skilgreining: Sérþækt námsörðugleiki af

taugalíffræðilegum uppruna sem birtist í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í umskráningu og stafsetningu.

Skýring: Með orðinu leshömlun (e. dyslexia) er yfirleitt alltaf átt við þroskatengda leshömlun (e.

developmental dyslexia) nema annað sé tekið fram.

Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu máhljóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og er ótengd lestrarkennslu. Dyslexía getur leitt til erfiðleika með lesskilning og lítillar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og þekkingar.

Enska: dyslexia

Samheiti: developmental dyslexia

Sjá einnig: áunnin leshömlun, þroskatengd leshömlun

lesskilningur

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Hæfnin til að skilja, nýta sér og tengja merkingu texta við fyrri þekkingu og lesa texta í margvíslegum tilgangi til að afla sér þekkingar eða til skemmtunar.

Skýring: Forsenda lesskilnings er góður orðaforði og málskilningur, þ.e. þekking á mæltu máli, uppbyggingu þess, gerð og tilgangi texta. Talað er um mismunandi stig lesskilnings, allt frá því að geta sótt einfaldar upplýsingar í yfirborði texta til að geta metið gildi texta og dregið ályktanir um merkingu hans á grundvelli upplýsinga sem ekki koma beinlínis fram.

Enska: reading comprehension

lesskimun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Könnun í stórum hópi nemenda á stöðu þeirra í lestrarnámi (með sérstöku skimunarprófi) í þeim tilgangi að greina hverjir þurfi á aðstoð að halda.

Enska: reading screening

lesþroski

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Það þroskastig barns þegar það hefur bæði getu og löngun til að læra að lesa.

Enska: reading readiness

lestrarkennsluaðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem beitt er við lestrarkennslu.

Skýring: Talað er um þrenns konar aðferðir:

eindaraðferðir, heildaraðferðir, samvirkar aðferðir.

Enska: literacy teaching method

Sjá einnig: stöfunaraðferð, orðaáðferð, hljóðaaðferð

lestrarnám

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Nám þar sem viðfangsefnið er að læra og/eða æfa lestur.

Enska: learning to read

lestrarörðugleikar

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Örðugleikar við lestur af ýmsu tagi sem oft má rekja til leshömlunar (dyslexíu) eða málrænna þátta, einkum lítills orðaforða og málskilnings.

Enska: reading disability

lestrarþróun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Þróun hæfni og leikni í lestri sem greina má í stig eða þrep.

Skýring: Fyrsta stigið er oft kallað forstig þar sem myndast grunnur að lestrarnámi. Á næstu stigum fara börn að þekkja einstök orð, byrja að lesa texta og öðlast smám saman meiri skilning á lesnum texta.

Lestur þróast alla ævi og lestrarfærni eykst með aukinni lestrarreynslu.

Enska: reading development

lestur

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Margþætt ferli sem felst í að lesa úr bókstafstáknum eða rittáknum og breyta þeim í hljóð (orðkennsl) og skilja merkingu þeirra.

Skýring: Með hugtakinu lestur er oft átt við

„tæknilegan“ lestur, það er að geta lesið upphátt eða í hljóði, óháð skilningi. Að geta lesið þannig er ekki sama og vera læs.

Enska: reading

Sjá einnig: læsi

lestur á talmálsgrunni

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: LTG-aðferð

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggir á samræðum við börn um málefni sem eru þeim hugstæð og tengjast umhverfi þeirra og eigin reynslu. Markmiðið er að efla málþroska með því vinna með hugtakaskilning og tengja saman ferli lestrar og ritunar.

Skýring: LTG aðferðin (Læsning på talets grund) er kennd við sænska kennarann Ulriku Leimar og náði talsverðum vinsældum hér og á öðrum Norðurlöndum á síðari hluta 20. aldar.

Dæmi: Unnið er út frá sögu sem nemandinn semur, mynd sem hann teiknar eða bókstaf sem hann velur.

Enska: speech-based reading

málhljóð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Sérstök hljóð (sérhljóð, samhljóð) sem tungumál eru gerð úr.

Skýring: Málhljóð raðast saman í atkvæði og atkvæðin í orð. Í töluðu máli eru orðin byggð upp af hljóðum en ekki stöfum.

Enska: speech sound

málhömlun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: málþroskaröskun, málþroskaskerðing

Skilgreining: Seinkun eða hömlun á eðlilegri málþróun eða málþroska sem getur stafað af líffræðilegum, sálfræðilegum eða félagslegum þáttum, en er óháð greind.

Enska: language disability

Samheiti: language impairment

málskilningur

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Hæfni til að skilja talað mál, nýta sér það og tengja merkingu þess við fyrri þekkingu.

Skýring: Skilningur á tungumáli byggist á málþærni og málþroska, munnlegum og skriflegum. Málskilningur og lestrarþærni eru meginstoðir lesskilnings.

Enska: language comprehension

málþroski

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Sampætt þroskaferli þar sem þróast skilningur og tjáning á tungumáli.

Skýring: Málþroski felur í sér hlustunarskilning, orðaforða, málfræði, framburð og færni í tjáskiptum og helst í hendur við vitsmunapróska. Málþroski er undirstaða lestrar og læsis. Framfarir í málþroska eru

metnar m.a. með tilliti til orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings.

málvitund

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Sú hlið málþroska sem felst í því að geta hugsað um og leikið sér með mismunandi þætti tungumálsins.

Enska: metalinguistic awareness

margræður orðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: almennur námsorðaforði, annað lag orðaforða, millilag orðaforða

Skilgreining: Orðaforði (orð og orðasambönd) sem algengari er í ritmáli en talmáli, og algengari í máli fullorðinna en barna. Margræður orðaforði er dæmigerður fyrir námsbækur, fræðibækur eða bókmenntir í fjölbreyttu samhengi án þess að vera hluti af hugtakakerfi sérstakrar fræðigreinar.

Skýring: Orð í öðru lagi orðaforðans samkvæmt líkani Beck, McKeown og Kucan (2002), námstengd orð eða ritmálsorð, geta verið bæði inntaksorð og kerfisorð.

Þau eru á breiðu tíðnibili, frá því að vera mjög algeng, þó ekki í flokki 1000-2000 algengustu orða tungunnar, og upp í að vera mjög sjaldgæf. Mörg orð í margræða orðaforða tungumálsins eru samheiti orða í grunnlagi orðaforðans en hafa yfirleitt fjölbreyttari og sérhæfðari eða dýpri merkingu og hafa ýmis blæbrigði í merkingu sem gerir að verkum að orð í þessu lagi orðaforðans gera málið fjölbreytt og blæbrigðaríkt, en um leið margrætt og flókið. Vegna þess að margræður orðaforði er ekki bundinn við ákveðnar námsgreinar er hann sjaldnast kenndur sérstaklega, en vanþekking á þessum hluta orðaforðans getur komið í veg fyrir að nemendur skilji samhengið í því sem þeir lesa. Þess vegna er mikilvægt að taka þennan hluta orðaforðans fyrir í öllum námsgreinum.

Dæmi: Orð sem birtast í ýmsum tegundum texta og í máli einstaklinga með góðan/öflugan málþroska/orðaforða. Þessi orð eru af ýmsu tagi: 1. Samheiti algengra orða með einfalda merkingu: piltur í stað strákur; rakki, angurvær. 2. Orð með flóknari, huglæga merkingu: orsakir, afleiðingar, framvinda, velgengi; samanburður, hugtak, viðmið, gildi, skilgreina, rökstyðja. 3. Orðasambönd: fara á fætur, taka djúpt í árinni, gera grein fyrir, stilla í hóf.

Enska: vocabulary tier 2

Samheiti: high frequency vocabulary, multiple meaning vocabulary

Sjá einnig: grunnorðaforði, sérfræðiorðaforði

merkingarsvið

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Flokkar orða og orðasambanda, þar sem viðmið flokkunarinnar er merking orðanna.

Dæmi: Orð um liti, ávexti, tónlist, hljóðfæri, hreyfingu, skapferli eða líðan. Orð getur tilheyrt fleiri en einu merkingarsviði: Orðið skóli getur bæði tengst sviði menntunar og húsbýgginga.

Enska: lexical field

Samheiti: semantic field

næmiskeið

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Skeið ævinnar þar sem einstaklingur er næmari en endranær fyrir ákveðnum þáttum náms og þroska.

Skýring: Ákveðnir þættir málkunnáttunnar eins og hljóð, setningar og merking virðast þroskast á ákveðnum aldri og eru börn þá næmari fyrir að læra þessa þætti.

Enska: sensitive period

Samheiti: critical period

námstengdur orðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Orðaforði (orð og orðasambönd) sem algengari er í ritmáli en talmáli og er dæmigerður fyrir námsbækur, fræðibækur eða bókmenntir í fjölbreyttu samhengi án þess að vera hluti af hugtakakerfi sérstakrar fræðigreinar.

Skýring: Námstengdur orðaforði er stundum talinn ná yfir sérfræðiorð sem eru hluti af hugtakakerfi ákveðinna fræðigreina. Dæmi: blómknappur, blaðgræna; stuðull, framsöguháttur, skuldsett yfirtaka, stólpárót).

Dæmi: orðaforði, samanburður, hlutfall, hugtak, viðmið, gildi, skilgreina, rökstyðja, gera grein fyrir, angurvær, ljóðelskur, fordómar.

Enska: academic vocabulary

Sjá einnig: orðaforði

orðaaðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Lestrarkennsluáferð sem byggist á því að nemendur læra að þekkja orð í heild og greina það síðan í minni einingar, stafi og hljóð, eða setja það í samhengi.

Sjá einnig: heildaraðferð, lestrarkennsluáferð

orðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: orðasafn

Skilgreining: Safn allra orða og orðasambanda a) í tungumáli, b) í ákveðnu safni texta, c) sem málnotandi þekkir og skilur.

Skýring: Orðaforði er yfirgripsmikið hugtak og er notað og flokkað á marga vegu. Öll orð er unnt að flokka með því að skoða m.a. formleg, setningarleg og merkingarleg einkenni. Slík einkenni eru notuð til að flokka orð í hefðbundna orðflokka. Í umfjöllun um orðaforða í tungumáli eða safni texta má skoða m.a. tíðni orða og orðasambanda, notkun, lengd, hljóðfræðilega gerð, samsetningu og fleiri einkenni. Í umfjöllun um orðaforða í málþroska og málkunnáttu barna eða fullorðinna er m.a. litið á tíðni orða og notkun, mismunandi virkan hluta orðaforðans, viðtökuorðaforða sem barn skilur og tjáningarorðaforða sem barn getur líka notað í eigin máli.

Enska: vocabulary

Samheiti: lexicon

orðaforði skilnings

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: óvirkur orðaforði

Skilgreining: Orð í orðaforða einstaklings sem hann skilur í samhengi og getur brugðist við.

Skýring: Skilningur orða getur verið mjög mismunandi, allt frá því að skilja eina merkingu orðs í tilteknu samhengi texta eða aðstæðna og til þess að þekkja allar merkingar og blæbrigði orðs í öllu mögulegu samhengi eða án samhengis. Skilningur barna á orðum getur verið mis-skilningur, en er til marks um að barnið telur sig skilja orðið og mun líklega skilja það innan skamms. Hugtakaparið ‚virkur-óvirkur‘ orðaforði er óheppilegt til skilnings á orðaforða nemenda í sambandi við málþroska og kennslu. Hugtakið ‚óvirkur orðaforði‘ er villandi þar sem líta verður svo á að orðaforði sé alltaf virkur í einhverjum skilningi hvernig svo sem hann er notaður.

Enska: receptive vocabulary

Samheiti: passive vocabulary, receptive lexicon

orðaforði tjáningar

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: virkur orðaforði

Skilgreining: Orð sem einstaklingur getur notað til að tjá sig, munnlega eða skriflega.

Skýring: Yfirleitt er litið svo á að orðaforði tjáningar byggist á orðaforða skilnings, að börn læri fyrst að skilja orð áður en þau geti notað þau. Svo þarf ekki að vera, börn geta notað orð sem þau vita ekki hvað merkir eða

hafa misskilið. Skilningur orða getur verið mjög mismunandi, allt frá því að skilja eina merkingu orðs í tilteknu samhengi texta eða aðstæðna og til þess að þekkja allar merkingar og blæbrigði orðs í öllu mögulegu samhengi eða án samhengis. Hugtakaparið ‚virkur-óvirkur‘ orðaforði er óheppilegt til skilnings á orðaforða nemenda í sambandi við málþroska og kennslu. Hugtakið ‚óvirkur orðaforði‘ er villandi þar sem líta verður svo á að orðaforði sé alltaf virkur í einhverjum skilningi hvernig svo sem hann er notaður.

Enska: expressive vocabulary

Samheiti: active vocabulary, expressive lexicon

orðakennsl

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Hæfni til að þekkja og skilja einstök orð í rituðum texta án þess að þurfa að hljóða sig í gegnum þau.

Skýring: Sjálfvirkni í lestri byggist á leikni í að þekkja og skilja orð án þess að þurfa að hljóða sig í gegnum þau.

Enska: word recognition

Sjá einnig: sjónrænt nám orða

orðasafn hugans

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: lesforði

Skilgreining: Sá hluti málvitundar sem geymir orð og orðasambönd (sjá les) tungumáls og allar upplýsingar um merkingu þeirra, beygingu og notkun.

Skýring: Í líkani málkunnáttufræðinnar (e. generative grammar) af máltöku og málkunnáttu er gert ráð fyrir að einstök orð og allar upplýsingar og reglur um þau, sem ekki eru fyrirsegjanlegar með almennum reglum, séu geymdar í orðasafni. Orð getur verið í orðasafni málnotanda þótt hann þekki ekki allar myndir þess eða mögulega merkingu og notkun. Talað er um breidd orðaforða, þegar vísað er til fjölda orða í orðasafni en dýpt orðaforða þegar átt er við þá kunnáttu sem málnotandi býr yfir um hvert orð og notkun þess. Aths. orðasafn er stundum notað sem samheiti orðsins orðaforði.

Enska: lexicon

Samheiti: mental lexicon

orðasafn hugans

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Öll þekking um orð, merkingu þeirra og notkun, í vitund einstaklingsins.

Enska: mental lexicon

orðastæða

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Tvö orð eða fleiri sem standa hvert með öðru og hafa sérstaka merkingu saman.

Dæmi: Heitur pottur, grátt svæði, hvorki fugl né fiskur, tvíst og bast.

orðaþekking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: orðaforðaþekking

Skilgreining: Þekking einstaklings á orðum, merkingu þeirra og notkun.

Skýring: Orðaþekking getur verið virk eða óvirk, breið eða djúp.

Enska: vocabulary knowledge

Sjá einnig: dýpt orðaforða, breidd orðaforða, virkur orðaforði, orðaforði skilnings

ritmál

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Form máls sem skráð er með táknum í samræmi við ritháttarkerfi hvers tungumáls og er greint með sjón eða snertingu.

Skýring: Hugtakið ritmál vísar til tvenns konar eiginleika máls. Annars vegar á það við form tungumáls, skráningu þess með bókstöfum eða táknum, og hins vegar orðaval, málsnið og stíl sem einkennir ritmál og gerir það frábrugðið talmáli. Oftast er ritmál formlegra en talmál, orðaforði annar og fjölbreyttari, og setningaskipan flóknari.

Dæmi: Ritmálslegt orðalag gæti verið: Hún taldi að komið hefði fjöldi fólks í veisluna, en talmálslegt orðalag væri t.d.: Hún sagði að það hefði komið fullt af fólki í partíið.

Enska: written language

Sjá einnig: talmál

ritmálsþróun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Ævilöng þróun þekkingar og færni í að nota ritmálið.

Skýring: Upphaf ritmálsþróunar felst í að læra að skrifa stafi, orð, setningar og samfelldan texta. Færni í samfelldri textagerð er langtímaferli.

Enska: writing development

ritmynd

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Form sem orð tekur í ritmáli.

Enska: orthographic representation

samhljóð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Hljóð sem myndast við þrengingu eða lokun í talfærunum.

Enska: vonsonant

Samheiti: consonant sound

Sjá einnig: samhljóði

samhljóði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Bókstafur sem táknar samhljóð.

Enska: consonant letter

sérfræðiorðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: fagorðaforði, íðorð, þriðja lag orðaforða

Skilgreining: Orðaforði á ákveðnu sviði fræða, fagsviða eða áhugamála.

Skýring: Sérfræðiorð eru lágtíðniorð sem yfirleitt eru bundin við ákveðið fagsvið og hluti af hugtakakerfi fræðigreina. Þetta er orðaforði sem kenndur er og útskýrður í kennslubókum og fræðiritum. Þekking á þessum orðum endurspeglar þekkingu og skilning á viðkomandi sviði.

Dæmi: blómknappur, blaðgræna, stólparót; stuðull, framsöguháttur; skuldsett yfirtaka.

Enska: content specific vocabulary

Samheiti: vocabulary tier 3

Sjá einnig: grunnorðaforði, margræður orðaforði

sérhljóð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Hljóð sem myndast við titring í raddböndum og án þess að þrengt sé verulega að loftstraumi í talfærum.

Enska: vowel

Samheiti: vowel sound

Sjá einnig: sérhljóði

sérhljóði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Bókstafur sem táknar sérhljóð.

Enska: vowel letter

sértækir lestrarörðugleikar

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Örðugleikar sem felast í vanda við að umskrá bókstafi og orð tungumálsins og tengja þá við

eðlilegan framburð.

Skýring: Talið er að leshömlun tengist fyrst og fremst hljóðrænni úrvinnslu tákna fremur en sjón. Leshömlun tengist ekki þroska eða greind að öðru leyti en getur verið samferða ýmsum öðrum einkennum eða mállegum örðugleikum.

sjónrænn lestur orða

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Ferli við að lesa orð, þekkja og skilja, sjónrænt, hratt, sjálfvirkt og fyrirhafnarlaust, án þess að þurfa að hljóða sig í gegnum orðið eða heyra það.

Enska: sight word reading

Sjá einnig: orðakennsl

sjónrænn orðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Orðaforði í ritmáli sem einstaklingur þekkir í sjón og skilur án þess að þurfa að hljóða sig í gegnum orðin.

Enska: sight vocabulary

sjónrænt nám orða

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Ferli við að læra að þekkja orð sjónrænt, hratt, sjálfvirkt og fyrirhafnarlaust, án þess að þurfa að hljóða sig í gegnum það eða heyra það.

Enska: sight word learning

Sjá einnig: orðakennsl

skilningsstol

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: málstol Wernickes, Wernicke-málstol

Skilgreining: Málstol sem einkennist af skorti á skilningi á töluðu og rituðu máli, en hefur lítil sem engin áhrif á tjáningu, tal og ritun.

Skýring: Wernicke málstol er talið stafa af truflun eða skemmd í Wernicke-svæði heilans. Algengasta orsök er heilablóðfall. Um er að ræða lítið svæði á gagnaugablaði (e. temporal lobe) í ríkjandi hveli heilans (yfirleitt vinstra hveli), sem kennt er við þýska lækinn Carl Wernicke (1848-1905). Hann gat rakið einkenni í málstoli til skemmdar á þessu svæði. Einstaklingar með Wernicke-málstol geta talað og (oftast) skrifað hratt og eðlilega en iðulega án samhengis eða merkingar.

Enska: sensory/receptive aphasia

Samheiti: Wernicke aphasia

Sjá einnig: tjástol

stafapækking

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Þekking á heitum bókstafa tungumálsins.

Skýring: Yfirleitt er fjallað um stafa- og hljóðapækkingu og er þá átt við að þekkja heiti og hljóð bókstafa sem lið í lestrarnámi.

Enska: letter fluency

stafrófsskrift

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: stafrófskerfi

Skilgreining: Ritháttur tungumáls sem miðast við að hvert tákni ritmálsins (bókstafir) tákni hljóð eða hljóðasamband.

Skýring: Íslenska og önnur mál á Vesturlöndum notast við stafrófsskrift. Í öðrum tungumálum tíðkast enn önnur stafróf, t.d. í arabísku, georgísku og hindí (devangari).

Dæmi: Latneska stafrófið og kyrillíska stafrófið (rússneska, búlgarska, úkraínska o.fl.).

Enska: alphabetic writing system

stöfunaraðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: kveða að

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggist á því að nemendur stafa hvert orð og lesa það svo upphátt.

Skýring: Stöfunaraðferð var mikið notuð áður fyrr, í daglegu máli er talað um að „kveða að“ bókstöfum.

Enska: alphabet method

Sjá einnig: eindaraðferð, lestrarkennsluaðferð

talmál

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Form máls sem mælt er af munni sem röð hljóða og er greint með heyrn.

Skýring: Hugtakið talmál vísar til tvenns konar eiginleika máls. Annars vegar á það við form tungumáls, myndun þess með talfærum og greiningu þess í hljóð-einingar sem skapa merkingu, og hins vegar á það við orðaval, málsnið og stíl sem einkennir talmál og gerir það frábrugðið ritmáli. Talmál hefur stuðning af kringumstæðum tals, svipbrigðum og líkamstjáningu, sem ritmál hefur ekki. Nokkur einkenni talmáls eru óformlegt málsnið, hik, hikorð, ófullkomnar setningar og endurtekningar.

Dæmi: Talmál: Hún sagði að það hefði komið fullt af fólki í partíið; en ritmál: Hún taldi að komið hefði fjöldi fólks í veisluna.

Enska: spoken language

Samheiti: oral language

Sjá einnig: ritmál

tengslalíkan lesturs

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Líkan af lestrarfærni sem byggist á þeirri hugmynd að málvitundin starfi eins og net af þrenns konar einkennisþáttum orða (útliti, framburði og merkingu) sem tengjast missterkum böndum.

Skýring: Tengslalíkanið er annað tveggja líkana sem helst eru notuð til að skýra þá heilastarfsemi sem fer fram við lestur. Hitt líkanið er tveggjaleiðalíkanið (dual route model).

Enska: connectionist model of reading

Sjá einnig: tveggjaleiðalíkan lesturs

proskatengd leshömlun

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Sértekur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna sem birtist í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í umskráningu og stafsetningu.

Skýring: Proskatengd leshömlun er yfirleitt bara nefnd leshömlun. Hugtakið er notað til aðgreiningar frá áunninni leshömlun, sem er miklu sjaldgæfari og getur orðið í kjölfar slysa eða annarra áfalla sem áhrif hafa á heilann.

Enska: developmental dyslexia

Sjá einnig: áunnin leshömlun, leshömlun

tjáningarmál

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Mál sem fólk er færnt um að nota til að tjá sig með.

Skýring: Vísar til málkunnáttu. Í tengslum við málörðugleika er tjáningarmáli skipt í þrjá aðskilda þætti: merkingu (semantics), setningargerð (syntax) og gerð orðhluta (morphology) til þess að greina vanda og lýsa honum.

Enska: expressive language

tjástol

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: málstol, málstol Broca

Skilgreining: Málstol sem einkennist af erfiðleikum með máltjáningu en hefur yfirleitt ekki áhrif á málskilning.

Skýring: Tjástol er talið stafa af truflun eða skemmd í Broca-svæði heilans. Um er að ræða lítið svæði á ennisblaði (e. frontal lobe) í ríkjandi hveli heilans (yfirleitt vinstra hveli), sem kennt er við franska lækninn Pierre Paul Broca (1824-1880). Hann rakti

málstol tveggja sjúklinga sinna til skemmdar á þessu svæði.

Enska: Broca's aphasia

Samheiti: aphasia

Sjá einnig: skilningsstol

tungumálanám

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Nám í tungumáli öðru en móðurmáli.

Enska: language learning

Samheiti: second language learning

tveggjaleiðalíkan lesturs

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Líkan af lestrarfærni sem byggist á þeirri hugmynd að lestur fari fram eftir tveimur leiðum.

Annars vegar tengist hið ritaða orð beint við merkinguna (beina leiðin), og þekkt þar með og skilst. Hins vegar verður lesandinn að stafa sig gegnum orðið eða heyra sjálfan sig segja það til að skilja merkinguna (óbeina/samsetta leiðin).

Skýring: Tveggjaleiðalíkanið er annað tveggja líkana sem helst eru notuð til að skýra þá heilastarfsemi sem fer fram við lestur. Hitt líkanið er tengslalíkan lesturs (connectionist model of reading).

Enska: dual route model of word reading

Sjá einnig: tengslalíkan lesturs

tvístöfingur

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Tveir bókstafir sem saman tákna eitt hljóð.

Skýring: Í íslensku eru hj-, hn- og hr- í upphafi orðs sem standa fyrir órödduð j-, n- og r-hljóð, en EKKI h+j eða h+n, saman ber orðin hjól/jól, hnefi/nefi, og hreyfa/reyfa. Eini munurinn er að fyrsta hljóðið er ýmist óraddað (blásið) eða raddað. Fyrirbærið er þekkt í mörgum tungumálum. Sígilt dæmi um tvístöfing í ensku er sh- fyrir blásið s-hljóð, sem heyra má í orðinu shit, sbr. sit.

Enska: diagraph

tvítýngi

(lestur og málþroski) (flokkun: nám og þroski)

Skilgreining: Hæfni sem felur í sér vald á tveimur tungumálum.

Skýring: Til að tvítýngi þróist þarf ríkulega málörvun á báðum tungumálum.

Enska: bilingualism

umskráning

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: hljóðræn umskráning

Skilgreining: Ferli sem felst í að tengja bókstafi og stafaklasa við samsvarandi hljóð og hljóðasambönd, og þar með í orð sem lesandi þekkir og skilur.

Dæmi: Hljóðun orða staf fyrir staf (r-ó-s-i-r) eða í bótum (snú-ru-staur-inn) og tenging hljóðanna í orð með eðlilegum framburði.

Enska: decoding

Samheiti: phonological decoding

virkur orðaforði

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Samheiti: orðaforði tjáningar

Skilgreining: Orðaforði sem einstaklingur skilur og getur notað í samræmi við aðstæður.

Enska: active vocabulary

Samheiti: active vocabulary knowlegde, expressive vocabulary

Sjá einnig: orðaforði skilnings, orðaforði tjáningar

barnamál

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Einfaldað form tungumáls, þ.e. framburður, setningaskipan og samtalsþættir (discourse patterns), sem fullorðnir nota þegar talað er við börn í þeim tilgangi að gera mál sitt auðskilið og hvetja barnið til boðskipta.

Enska: baby talk

Samheiti: adult to child speech, motherese

samvirk aðferð

(flokkun: nám og þroski)

(sérsvið: lestur og málþroski)

Skilgreining: Lestrarkennsluaðferð sem byggist á að nota fjölbreytta nálgun í kennslu og sameina kerfisbundið eindar- og heildaraðferðir.

Dæmi: Byrjendalæsi og LTG aðferð

Enska: synthetic method

Sjá einnig: Lestrarkennsluaðferð, eindaraðferð, heildaraðferð

Kennsla og mat

aðgangspróf háskóla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Almennt og samræmt próf sem deildir/skorir/svið geta notað við val nemenda inn í grunnnám háskóla hér á landi.

Skýring: Með APH hafa íslenskir háskólar aðgang að samræmdu og almennu viðmiði við inntöku nýnema í þeim tilfellum þar sem æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt reynist að takmarka aðgang. Tilgangurinn er að nota prófið til að meta færni nemenda eftir framhaldsskólanám og spá fyrir um getu umsækjanda til að ná árangri í háskólanámi.

Enska: The Icelandic standardized university entrance exam

atferlismat

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Matsaðferð sem felst í að afla upplýsinga um hegðun einstaklinga, aðdraganda hennar og afleiðingar, svo hægt sé að varpa ljósi á hvað stýrir hegðuninni sem til skoðunar er.

Skýring: Atferlismat er ein aðferð við sálfræðilegt mat. Við atferlismat eru notuð margvísleg mælitæki til að komast að því í hverju vandi einstaklings er fólgin, t.d. viðtöl, staðlaðir og óstaðlaðir spurningalistar, sálfræðileg próf, mælingar á líffræðilegri starfsemi og beinar áhorfsmælingar. Mælingarnar nýtast í virknimati og stundum virknigreiningu þar sem áherslan er á að finna hvernig vandinn tengist breytum í umhverfi sem hægt er að hafa áhrif á eða stjórna. Þannig breytast samskipti umhverfis og hegðunar og hægt er að hafa áhrif á hegðunina. Meginmarkmið atferlismats er að meta forsendur hegðunar, geta fært rök fyrir því inngripi sem er valið og metið árangur.

Enska: behavioral assessment

áheyrn

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Vettvangsnám sem felst í að kennaranemi fylgist með kennslustundum hjá reyndum kennurum án þess að taka virkan þátt í kennslunni.

Skýring: Áheyrn í kennaranámi er fyrsta skref í undirbúningi nema fyrir að skipuleggja og stjórna kennslustund upp á eigin spýtur.

Enska: teaching observation

átthagafraeði

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Námsgrein, einkum ætluð yngri nemendum áður en formleg kennsla hófst í sögu, landafræði og náttúrufræði, inntakið tengt reynsluheimi nemenda.

Skýring: Sem sérstök námsgrein var átthagafraeði einkum kennd frá um 1930 og fram undir 1980. Svipuð

námsgrein hét eftir það samfélagsfræði (á yngra stigi), auk þess sem grenndarkennsla eða heimabyggðarverkefni gegndu áþekku hlutverki. Nafnið var að þýskri fyrirmynd: Heimatkunde.

barnakennari

(flokkun: kennsla og mat)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Kennari í barnaskóla (síðar grunnskólakennari) eða heimiliskennari sem kenndi börnum á fræðsluskuldaldri.

barnapróf

(flokkun: kennsla og mat)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Lokapróf barnaskólans samkvæmt fræðslulögum frá 1946.

Skýring: Barnapróf var að jafnaði þeytt á því ári þegar nemandi varð 13 ára. Það kom í stað fullnaðarprófs áður, átti að tryggja svipaða kunnáttu en var ekki lokapróf skyldunámsins.

[enska]

bein kennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: stýrð kennsla

Skilgreining: 1. Markviss aðferð við að kenna ákveðna þætti. Markmiðin eru skýr, verkefni sett fram í skipulegri röð með útskýringum, dæmum, spurningum og þjálfun. 2. Kennsluaðferð innan atferlisfræða sem er yfirleitt notuð til þess að kenna nýja eða flókna færni sem krefst mikillar athygli. Sú færni sem á að kenna, t.d. lestur/stærðfræði, er brotin niður í lítil skref, sem eru kennd á kerfisbundinn hátt.

Skýring: Í stýrðri kennslu skv. atferlisfræði eru m.a. notaðar aðgreindar kennsluæfingar sem kennarinn stjórnar. Kennarinn byrjar æfinguna á vísbendingu, t.d. með því að sýna mynd, spyrja eða gefa fyrirmæli. Í byrjun eru fyrirmæli og vísbendingar einföld, en verða sífellt flókarnari í takt við framfarir. Færni sem á að kenna nemanda er skilgreind nákvæmlega og nákvæm viðmið eru sett um það hvað telst vera rétt svar.

Enska: direct instruction

blandað nám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: dreifnám, sveigjanlegt nám

Skilgreining: Námsfyrirkomulag þar sem námið er skipulagt sem blanda af staðnámi (e. face-to-face eða campus-based) og fjarnámi.

Skýring: Sumir nota þá skilgreiningu að ef 30-79% af efni námskeiðs sé miðlað yfir netið sé rétt að nota heitið blandað nám, fjarnám ef það er 80% eða meira.

Dæmi: Blandað nám er fjarnám með staðlotum.

Enska: blended learning
Samheiti: hybrid learning

dreifnám

(flokkun: kennsla og mat)
Samheiti: blandað nám, sveigjanlegt nám
Skilgreining: Námsfyrirkomulag þar sem námið er skipulagt sem blanda af fjarnámi og staðnámi (e. face-to-face eða campus-based).
Skýring: Hugtakið dreifnám er aðallega notað á framhaldsskólastigi. Háskólinn á Akureyri notar hugtakið sveigjanlegt nám.
Dæmi: Dreifnám er fjarnám með staðlotum.
Enska: blended learning
Samheiti: hybrid learning

einkunn

(flokkun: kennsla og mat)
Skilgreining: Niðurstaða námsmats sem er birt með umsögn, tölustöfum eða bókstöfum.
Enska: grade

einstaklingsáætlun

(flokkun: kennsla og mat)
Skilgreining: Áætlun um nám einstaklings til lengri eða skemmri tíma sem sniðin er að styrkleikum hans og veikleikum.
Skýring: Einstaklingsáætlun er notuð almennt um áætlanir sem gerðar eru fyrir einstaka nemendur í námshópi (getur verið unnin af kennara, nemanda eða í samvinnu beggja). Hugmyndin að baki einstaklingsáætlunar gerir ráð fyrir að nemendur hafi ólíkar þarfir og þeim þurfi að mæta á ólíkan máta. Áhersla er á aukin áhrif nemanda á eigið nám.
Enska: individual learning plan
Sjá einnig: einstaklingsnámskrá

einstaklingsmiðað nám

(flokkun: kennsla og mat)
Samheiti: námsaðgreining, námsaðlögun
Skilgreining: Námskrá og námsumhverfi er aðlagð að nemendum eða fyrir nemendur til að mæta mismunandi námsþörfum, metnaði og áhuga hvers og eins.
Skýring: Áherslan er á að nemandinn hafi tækifæri til að marka eigin leiðir og móta framvindu námsins og vinnubrögð.
Enska: individualised learning
Samheiti: differentiated learning, personalised learning

einstaklingsverkefni

(flokkun: kennsla og mat)
Skilgreining: Verkefni sem nemendur vinna einstaklingslega.
Enska: individual assignment

faglegur kennari

(flokkun: kennsla og mat)
Skilgreining: Kennari sem tekur mið af gæðakröfum, sérþekkingu og siðareglum sem tengjast starfinu. Kennarinn fylgist með þróun og þekkingu á sínu sviði, er markviss í vinnubrögðum og sýnir virðingu í umgengni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.
Enska: professional teacher

fagmennska kennara

(flokkun: kennsla og mat)
Samheiti: fagmennska
Skilgreining: Starfshæfni og viðhorf sem byggjast á sérþekkingu og trúnaði við siðareglur starfsins. Fagmennska felur í sér hæfni og vilja til að fylgja bestu starfsháttum, taka sjálfstæðar ákvarðanir og rökstyðja þær gagnvart hagsmunaaðilum.
Skýring: Starfsþróun kennara er mikilvægur liður í fagmennsku einstakra kennara svo og kennarastéttarinnar.
Enska: professionalism
Samheiti: professional teacher

fagvitund kennara

(flokkun: kennsla og mat)
Samheiti: fagleg sjálfsmynd kennara
Skilgreining: Vitund kennara um sjálfan sig sem fagmann, bæði persónuleg og félagsleg, og er í stöðugri þróun.
Skýring: Fagvitund mótast af sjálfskoðun, starfsreynslu, samskiptum við aðra, starfsaðstæðum og skólamenningu. Hún tengist viðmiðum um fagmennsku kennara, þ.e. gæðakröfum og siðrænum gildum.
Dæmi: Kennari leitar svara við spurningum eins og: Hver er ég sem kennari? Hvernig kennari vil ég vera? Hvað er góður kennari? Hvernig kennarar erum við (t.d. í þessum skóla)?
Enska: professional identity

farkennari

(flokkun: kennsla og mat)
(sérsvið: sögulegt hugtak)
Samheiti: umferðarkennari, umgangskennari
Skilgreining: 1. Kennari, einkum barnakennari í sveit, sem kenndi á víxl á tveimur eða fleiri kennslustöðum. 2. Kennari í farskóla.

farnám

(flokkun: kennsla og mat)
Skilgreining: Nám sem getur farið fram hvar og hvenær sem er með hjálp samskiptatækni.
Enska: mobile learning
Samheiti: mLearning, M-learning
Sjá einnig: fjarnám, blandað nám, dreifnám

ferilmappa

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Safn af vinnu nemenda á ákveðnu sviði sem vitnisburður um framfarir, ígrundun og frammi-stöðu. Meðal annars notað við námsmat.

Enska: portfolio

fjarkennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: fjarnám

Skilgreining: Kennsla þar sem kennari hittir almennt ekki nemendur sína í eigin persónu heldur fara samskiptin fram í gegnum hvers konar miðla.

Skýring: Kennsluform sem var upphaflega bréfaskóli, síðar fræðsluvarp í útvarpi og sjónvarpi en fer nú aðallega fram á netinu.

Enska: distance teaching

fjarlota

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Afmarkað tímabil í blönduðu námi þar sem samskipti nemenda og kennara fara fram á netinu.

Enska: online session

Samheiti: remote session

fjarnám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: fjarkennsla

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu sem felur í sér að nemendur og kennarar eru ekki á sama stað.

Samskipti þeirra geta verið samtímis (e. synchronous) eða mistímis (e. asynchronous).

Skýring: Á ensku er menntahugtakið oft í brennidepli, þ.e. hugtakið distance education. Á íslensku hefur ekki skapast hefð fyrir samsvarandi hugtaki (fjarmenntun).

Enska: distance learning

Samheiti: distance education

framhaldsfræðsla

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: fullorðinsfræðsla

Skilgreining: Nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.

Skýring: Nám sem þetta er nefnt ýmsum nöfnum og kennt á vegum mismunandi opinberra stofnana eða einkaaðila.

Enska: adult education

frjáls leikur

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Leikstund þar sem nemendur hafa val um

leiki.

Enska: playtime

fyrirlestur

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð þar sem kennari eða nemandi miðlar þekkingu eða útskýrir eitthvert viðfangsefni munnlega. Um er að ræða einstefnu-miðlun án mikillar þátttöku áheyrenda.

Skýring: Við framsetningu fyrirlestra nota kennarar gjarnan skjásýningar.

Enska: lecture

Sjá einnig: þátttökufyrirlestur

greinandi próf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf sem felst í að finna styrkleika eða veikleika í kunnáttu, færni og skilningi nemenda.

Skýring: Niðurstöður greinandi prófa eru oft notaðar sem grunnur að gerð einstaklingsnámskrár.

Enska: diagnostic test

greindarpróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Staðlað próf sem er ætlað að vera mæli-kvarði á greind og almenna hæfileika til náms, þar með talið skólanám.

Skýring: Greindarpróf er unnt að nota jafnt við grein-ingu á nemendum með þroskahömlun sem bráðgerum nemendum. Þau er hægt að leggja fyrir einstaklinga eða hópa og eru yfirleitt stöðluð og staðalbundin. Niðurstöður greindarprófa eru settar fram sem greindarvísitala.

Enska: intelligence test

Samheiti: intelligence quotient test, IQ test

handavinna

(flokkun: kennsla og mat)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Verklegr námsgrein, síðar nefnd textílmennt. 2. Samheiti á textílmennt (handavinnu stúlkna) og smíðum (handavinnu pílta).

Skýring: Fram yfir 1970 var handavinna í skólum yfirleitt kynskipt, stúlkum kenndar hannyrðir (þrjón, hekl, útsaumur), fataviðgerðir og fatasaumur, sjaldnar vefnaður; piltum einkum kennd trésmíði, sjaldnar málmsmíði. Nútímanotkun hugtaksins handavinna felur í sér ýmiskonar textílvinnu á eigin forsendum t.d. sem áhugamál eða aukavinna (s.s. þrjón, hekl eða útsaumur).

heimakennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag kennslu þar sem foreldrar annast

sjálfir menntun barna sinna að hluta eða öllu leyti.

Enska: home schooling

heimaverkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Verkefni sem nemendum er ætlað að vinna sjálfstætt utan kennslustundar.

Enska: homework

Samheiti: homework assignment

hlítarnám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu sem miðar að því að nemendur læri til hlítar hvern þátt námsins áður en næsti þáttur er kynntur.

Enska: mastery learning

Samheiti: mastery style

hópverkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Verkefni sem nemendum er ætlað að vinna í hópi.

Enska: group project

Samheiti: group assignment

hópvinna

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: hópavinna, hópverkefni, hópvinubrögð

Skilgreining: Kennsluaðferð þar sem nemendum er ætlað að vinna saman í hópum að lausn ákveðins viðfangsefnis eða verkefnis.

Skýring: Notað um hvers kyns samvinnu nemenda sem getur tekið á sig ýmsar myndir, svo sem að ræða eða leysa tiltekin viðfangsefni.

Enska: collaboration

Samheiti: coworking, group work

hæfileikapróf

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: hæfnipróf

Skilgreining: Próf sem ætlað er að mæla undirliggjandi hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu og skilning, fremur en að mæla þá færni og þekkingu sem einstaklingur býr yfir á hverjum tíma.

Skýring: Hæfileikapróf eru algeng við starfsmannaval. Greindarpróf og inntökupróf eru dæmi um próf sem ætlað er að meta undirliggjandi hæfileika og spá fyrir um frammistöðu á ákveðnu sviði. Ekki er skýr munur á milli slíkra prófa og kunnáttuprófa þótt augljós munur sé á prófum sem eru dæmigerð fyrir hvort um sig.

Enska: aptitude test

Sjá einnig: greindarpróf, inntökupróf, kunnáttupróf

inntökupróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf sem er notað til að velja nemendur inn í skóla eða nám.

Skýring: Inntökupróf eru notuð við inntöku nemenda í margvíslegt nám. Þau eru algengari við val í nám á efri skólastigum. Inntökupróf geta til dæmis verið áheyrnarpróf í tónlistarnám eða aðgangspróf háskóla til að komast í tiltekið háskólanám.

Enska: entrance examination

ígrundun

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Aðferð sem felst í því að einstaklingar eða hópar velja fyrir sér á gagnrýninn hátt ýmsum þáttum starfs út frá eigin reynslu í þeim tilgangi að skilja þróa og bæta eigin starfshætti.

Enska: reflection

kennarastýring

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluhættir þar sem kennari setur markmið, leggur fyrir verkefni, metur og hvetur nemendur. Kennari hefur alla þræði í hendi sér í skólastofunni.

Enska: teacher directed instruction

Samheiti: teacher centered instruction

kennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Athafnir sem ætlað er að stuðla að námi annarra. Kennsla getur falist í miðlun þekkingar, þjálfun í vinnubrögðum, hvatningu, stuðningi og verkstjórn.

Enska: teaching

kennsluaðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Aðferð sem felur í sér skipulag eða verklag við að kenna eða styðja við nám nemenda.

Skýring: Val á kennsluaðferð ræðst af ýmsum þáttum, svo sem námsefni, nemendahópi og áherslum kennara.

Dæmi: Hópvinna, bein kennsla, púsuaðferð.

Enska: teaching method

Samheiti: instructional method, instructional strategy, teaching strategy

kennsluáætlun

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: námsáætlun

Skilgreining: Ítarleg áætlun sem er venjulega samin af kennara, um efni, innihald og skipulag kennslu.

Skýring: Sumir skólar ætla kennurum að nota staðlað sniðmát fyrir kennsluáætlanir til að tryggja samræmi innan skóla og við opinbera stefnu.

Dæmi: Þrjár tegundir kennsluáætlana: Heildaráætlun fyrir tímabil. Áætlun um einn námsþátt í nokkra daga eða vikur, jafnvel þvert á námsgreinar. Áætlun fyrir eina kennslustund.

Enska: syllabus

Samheiti: lesson plan

kennslufræði námsgreinar

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: kennslufræði greinar

Skilgreining: Þekkingarvið sem sameinar þekkingu kennara í kennslufræði og í námsgrein og snýst um hvernig tiltekni þættir námsgreinar eru skipulagðir, aðlagðir og settir fram til náms og kennslu.

Skýring: Lykilatriði í kennslufræði greinar eru: (1) þekking á inntaki greinarinnar; (2) skilningur á hugmyndum nemenda um efnið, námið og hvað það hefur í för með sér fyrir kennsluna; (3) almenn þekking í kennslufræði (eða kennsluáðferðum); (4) þekking á námskrá; (5) innsýn í samhengi menntunar; (6) innsýn í tilgang menntunar.

Enska: didactics

Samheiti: pedagogical content knowledge

kennsluhættir

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag kennslu í heild, innan skóla eða skólastofu.

Skýring: Getur til dæmis átt við um skipan í námshópa, samkennslu og megineinkenni þeirra kennsluáðferða sem notaðar eru.

Enska: classroom practices

kunnáttupróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf sem ætlað er að mæla hve mikla þekkingu eða færni próftaki hefur tileinkað sér á tilteknu sviði.

Enska: achievement test

kynning

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: innlegg, innlög

Skilgreining: 1. Kennsluáðferð sem felst í að kennari kynnir eða útskýrir efni fyrir nemendum, yfirleitt í stuttu máli. 2. Aðferð við verkefnaskil þar sem nemendur segja formlega frá verkefni sínu fyrir framan skólafélaga.

Skýring: Kynning sem kennsluáðferð er notuð til þess að kynna námsefni t.d. í upphafi kennslustundar. Hugtakið innlög er oft notað í daglegu tali um kynningu kennara í upphafi kennslustundar.

Enska: presentation

lausnaleitarnám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: lausnaleit, þrútaausnir

Skilgreining: Kennsluáðferð þar sem nemendum er ætlað að læra með því að fást við að leysa vandamál eða þrautir. Nemendur þjálfast í rökhugsun og læra jafnframt um tiltekið viðfangsefni.

Enska: problem based learning

Samheiti: problem solving

leiðbeinandi

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: 1. Aðili sem sinnir kennslu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. 2. Á háskólastigi, við símenntun og í tómsundastarfi hefur leiðbeinandi það hlutverk að leiðbeina nemendum um verkefni.

Enska: teacher without teacher certification

Samheiti: tutor

leiðsagnarkennari

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: leiðsögukennari

Skilgreining: Kennari sem tekur við kennaranemum á vettvangi skólans eða nýliðum í starfi og er þeim til leiðsagnar, fyrirmyndar og stuðnings.

Enska: mentor

Samheiti: teacher trainer

Sjá einnig: mentor

leiðsagnarmat

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Námsmat sem hefur þann megintilgang að veita nemendum endurgjöf til þess að þeir geti bætt árangur sinn á grundvelli matsins.

Enska: formative assessment

leikvæðing

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: leikjavæðing, spilavæðing

Skilgreining: Áhersla á leik í kennslu, sem felst í að nota leikhugsun og leiktækni til að örva áhuga og vilja nemenda til að leggja sig fram og þar með styrkja nám þeirra.

Dæmi: Stafsetningarkeppni milli hópa á töflunni, hlutverkaleikir af ýmsu tagi og Landsbankaleikurinn til að kenna fjármálalæsi.

Enska: gamification

leitaraðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: rannsóknaraðferð

Skilgreining: Kennsluáðferð sem byggist á því að kennari reifar athugunarefni og nemendur setja fram hugmyndir, tilgátur og skýringar, velja og meta

heimildir, vinna úr þeim og draga eigin ályktanir.

Skýring: Aðferðin leitast við að líkja eftir vinnubrögðum vísindamanna. Nemendur beita fræðilegum vinnubrögðum.

Enska: enquiry learning

Samheiti: discovery method

lokamat

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: samantektarmat, yfirlitsmat

Skilgreining: Námsmat sem felst í að meta árangur við lok kennslutímabils, t.d. annar eða árs, til að sjá hvort nemendur hafi náð settum markmiðum.

Enska: summative assessment

Samheiti: summative evaluation

lokapróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Námsmat við lok áfanga, námskeiðs, námsannar eða náms.

Enska: final examination

lokavitnisburður

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Niðurstaða lokanámsmats sem birtist á útgefnum námsferlum eða prófskríteinum nemanda.

Enska: final school report

lokuð spurning

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: 1. Form: Spurning sem hefur eitt rétt einfalt svar eða afmarkaða svarmöguleika, s.s. já/nei spurningar eða fjölvalsspurningar. 2. Inntak: Spurning sem hefur eitt rétt eða fyrirfram gefið svar.

Dæmi: Ertu svöng/svangur? Hvað heitir hæsta fjall á Íslandi?

Enska: closed question

lykilhæfni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Hæfni sem lögð er sérstök áhersla á, t.d. í námi, starfi eða leik.

Skýring: Í aðalnámskrám frá 2011 eru tilgreind níu svið lykilhæfni.

Enska: key competence

lýðræðislegir kennsluhættir

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluhættir þar sem fylgt er lýðræðislegum gildum um samvinnu, frumkvæði nemenda, jafningjasamfélag, réttlæti, virðingu og traust.

Enska: deomocratic teaching practices

markbundið próf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf sem metur færni og kunnáttu nemenda miðað við tiltekin markmið eða viðmið.

Enska: criterion-refered test

menntatækni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Notkun tölvutækni, bæði vélbúnaðar og hugbúnaðar, til að auðvelda nám, byggð á kenningum um menntun og reynslu í skólastarfi.

Skýring: Oft er skammstöfunin „edtech“ á ensku notuð til að vísa til fyrirtækja sem framleiða búnað á sviði menntatækni.

Enska: educational technology

mentor

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: 1. Reyndur starfsmaður eða nemandi sem veitir stuðning, leiðsögn og ráð, venjulega einhverjum sem er nýr í starfi eða við stofnun. 2. Heiti á hugbúnaði sem notaður er til samskipta í grunnskólum.

Skýring: Hugtakið er ættað úr Ódysseifskviðu þar sem hinn vitri Mentor, vinur Ódysseifs, tekur að sér að kenna syni hans, Telemakkusi, og líta eftir honum í fjarveru föðurins. Þetta nær hinu tvöfalda hlutverki að kenna og annast um.

Enska: mentor

montessoriaðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Aðferð í uppeldi og kennslu sem einkennist af áherslu á sjálfstæði, frelsi innan marka og virðingu fyrir þroskaferli barna.

Skýring: Aðferðin er þróuð af ítalska menntafrömuðinum Maríu Montessori (1870-1952).

Enska: montessori method of education

myndrit

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: myndlýsing

Skilgreining: Myndræn framsetning upplýsinga, gagna eða þekkingar til þess ætluð að setja fram flóknar upplýsingar á skýran hátt.

Skýring: Myndræn framsetning getur bætt skilning með því að örva sjónræna hæfileika fólks til að sjá mynstur og tengsl.

Dæmi: Súlurit, skifurit og línurit eru dæmi um myndrit.

Enska: infographics

námsfléttun

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: fléttun

Skilgreining: Fyrirkomulag náms og kennslu þar sem

tilteknir mikilvægir þættir menntunar eru fléttaðir inn í fyrirbyggjandi námsgreinar eða námsáfanga.

Skýring: Námsfléttun er ein útfærsla af samfaglegu námi.

Dæmi: Þegar grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrám frá 2011–2013 fléttast inn í allt skólastarf er um námsfléttun að ræða. Námsfléttun sjálfbærnimenntunar getur falist í að endurskipuleggja inntak og kennsluaðferðir í tilteknum námsáfanga í einhverri námsgrein þannig að hugtök og inntak menntunar til sjálfbærrar þróunar komist til skila.

Enska: infusion

Samheiti: embedding, nesting

Sjá einnig: þemanám, samþætting

námsleikur

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Leikur sem hefur þann beina eða óbeina tilgang að kenna eða þjálf tiltekna færni, þekkingu eða skilning.

Skýring: Leikur er til þess fallinn að vekja áhuga og virkja nemendur til þátttöku í kennslustund. Námsleikir af öllu tagi eru notaðir í menntandi tilgangi, til dæmis inni- eða útileikir, spil, keppni, tölvuleikir eða hlutverka-leikir. Námsleik er beitt til að læra ákveðið námsefni, dýpka skilning á hugtökum, samfélagi, sögu og menningu.

Enska: educational game

námslok

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Lok námsbrautar með fullnægjandi hætti.

Enska: graduation

Samheiti: end of study

námsmat

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Mat á árangri nemenda í námi sem skipulagt hefur verið með hliðsjón af námskrá eða námsefni.

Enska: assessment

námssögur

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Frásagnir af námi og þroska barna byggðar á athugunum í daglegu umhverfi í leikskóla og ætlað að búa til sívaxandi safn raunsannra svipmynda eða lýsandi frásagna af hverju einstöku barni. Lýst er m.a. þróun, styrkleikum og áhuga.

Enska: learning stories

netnám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Nám sem fram fer í gegnum netið.

Námsefni er aðgengilegt á netinu, t.d. í formi texta,

mynda eða kvikmynda. Samskipti við kennara og samnemendur fara fram á netinu.

Skýring: Allt fjarnám í nútímanum er í rauninni netnám.

Enska: online learning

Samheiti: e-learning

opin spurning

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: 1. Form: Spurning sem svarað er með eigin orðum. 2. Inntak: Spurning sem svara má á ólíka vegu.

Dæmi: Hver er munurinn á Esjunni og Keili?

Enska: open question

Samheiti: open ended question

óformlegt námsmat

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Söfnun margvíslegra upplýsinga um framvindu náms og kennslu án þess að um próf og einkunnir sé að ræða.

Enska: informal assessment

paraverkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Verkefni sem nemendur vinna tvö og tvö saman.

Enska: pair work

Samheiti: pair assignment

próf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Formlegt leikni nemenda sem þeim er ætlað að leysa á afmörkuðum tíma.

Enska: test

prófskírteini

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skrifleg staðfesting um nám.

Enska: graduation diploma

prófúrlausn

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skrifleg, munnleg eða verkleg úrlausn nemanda úr prófi sem metin er til einkunnar eða umsagnar.

Enska: examination result

púslaðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: námskrárpúslur

Skilgreining: Kennsluaðferð þar sem nemendum er skipað í vinnuhópa og námsefninu er skipt í hluta. Hver nemandi er þátttakandi í tveimur hópum, fyrst í sérfræðingahópi þar sem nemendur fást við

tiltekinn hluta efnisins. Síðan fara nemendur í heima-
hópa, þar sem sérfræðingar miðla félögum sínum
efninu sem þeir kynntu sér í sérfræðingahópnum.
Enska: curriculum jigsawing

pygmalion-áhrif

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: Rosenthal-áhrif, virk spá

Skilgreining: Áhrif væntinga, þ.e. að einstaklingar sýna
meiri árangur eftir því sem búist er við meiri árangri af
þeim.

Skýring: Pygmalion heitið vísar til leikrits eftir George
Bernard Shaw. Almenn er talið að virk spá geti haft
áhrif en sé sennilega ekki eins áhrifamikil og áður var
talið.

Dæmi: Væntingar kennara geti orðið til þess að þeir
bregðist ólíkt við nemendum og hafi þannig áhrif á
frammistöðu nemenda.

Enska: pygmalion effect

Samheiti: Rosenthal effect, self-fulfilling prophesy

raunfærnimat

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Einstaklingsmat þar sem með formlegum
hætti er lagt mat á alhliða starfsnám, frístundanám,
framhaldsfræðslu, félagsstarf og lífsreynslu
viðkomandi.

Skýring: Raunfærnimat getur leitt til þess að nemendur
teljist hafa lokið námi í einstökum þáttum náms eða
námsleiðar.

Enska: validation of competence

rauntengt námsmat

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: verkbundið námsmat

Skilgreining: Námsmat sem byggist á verkefnum sem
unnin eru við raunverulegar aðstæður.

Enska: authentic assessment

samfaglegt nám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: þverfaglegt nám

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu þar sem
tveimur eða fleiri námsgreinum er fléttað saman eða
viðfangsefni er ekki bundið hefðbundnum
námsgreinum.

Skýring: Samfaglegt nám er gjarnan notað sem yfirheiti
yfir: þemanám (óháð námsgreinum), samþættingu
(tveggja eða fleiri námsgreina) og námsfléttun.

Dæmi: Grunnþættir menntunar í aðalnámskrám frá
2011–2013, læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi,
jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun, eru
viðfangsefni sem eiga erindi inn í allar námsgreinar en
eru gjarnan óbundin hefðbundnum námsgreinum.
Annað dæmi er lífsleikni sem nær yfir eða tengir saman

efni úr mörgum námsgreinum og fjallar jafnframt um
efni sem ekki er hluti af öðrum námsgreinum.

Enska: cross-curricular

samfélagsfræði

(flokkun: kennsla og mat)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Námsgrein sem sameinaði viðfangsefni
ýmissa greina á grunnskólastigi, svo sem áttthagafræði,
sögu og landafræði.

Skýring: Þessar breytingar urðu upp úr 1970. Í
aðalnámskrá grunnskóla 2011 er notað hugtakið
samfélagsgreinar. Enskt samheiti: Social studies.

Enska: social studies

samkennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluhættir þar sem tveimur eða fleiri
nemendahópum er kennt saman.

Skýring: Nemendahópar geta verið 1. fleiri en einn
árgangur eða nemendahópur í grunnskóla eða 2. fjar-
og staðnemar í háskóla og framhaldsskóla.

Enska: non graded instruction

Samheiti: multigrade teaching

samræðuaðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem byggist á samræðum
kennara og nemenda eða samræðum milli nemenda.

Enska: discussion method

Samheiti: dialogic teaching

Sjá einnig: umræðuverkefni

samskiptaaðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Flokkur kennsluaðferða sem byggist
einkum á því að nemendur tengi viðfangsefnin eigin
reynslu og leiti merkingar í samræðum og samvinnu við
aðra.

Dæmi: Púslaðferð og gagnvirkt nám.

samvinnunám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: samvirkt nám

Skilgreining: Nám sem byggist á hópvinnu þar sem
þátttakendur leitast við að leysa sameiginleg
viðfangsefni með því að ræða saman, deila þekkingu,
skilningi og viðhorfum og setja sig hver í annars spor.

Skýring: Námið er félagslegt ferli þar sem hópurrinn
hugleiðir viðfangsefni í sameiningu og þróar þannig
þekkingu sína og skilning saman.

Enska: cooperative learning

Samheiti: collective learning

Sjá einnig: samvirkt nám

samvirkt nám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Nám sem fram fer í samstarfi í hópi einstaklinga sem deila með sér þekkingu og reynslu og læra þannig hver af öðrum.

Skýring: Kennarar sem byggja á þessu hugtaki skipuleggja samstarf nemenda þannig að hver nemandi í hópnum hafi ákveðið hlutverk og ábyrgð og leggi til hópunnar í samræmi við styrkleika sína og áhuga.

Enska: cooperative learning

Sjá einnig: samvinnunám

sambætting

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu þar sem viðfangsefnið er fléttað saman úr tveimur eða fleiri námsgreinum eða námsþáttum sem hefð er fyrir að kenna aðskilið.

Enska: integrated curriculum

Sjá einnig: púslaðferð, þemanám

símat

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: sívirkt mat

Skilgreining: Námsmat sem er framkvæmt jafnt og þétt á námstíma, t.d. í formi verkefna og prófa.

Enska: ongoing assessment

sítekning

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: drill

Skilgreining: Kennsluaðferð þar sem lögð er áhersla á kerfisbundna endurtekningu á hugtökum, athöfnum eða færniþáttum.

Skýring: Sítekning er notuð til að kenna og fullkomna þekkingu, til dæmis í tungumálanámi. Þá felst aðferðin í að sita orð, beygingar, setningargerðir og önnur mynstur í málinu og stuðla þar með að sjálfvirkni í að beita þeim (sbr. orðin endurtekning og endurtaka).

Enska: drill

sjúkrakennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag kennslu þar sem nemendur fá kennslu á heimili sínu eða sjúkrastofnun og geta vegna slyss eða langvarandi veikinda ekki sótt skóla að mati læknis.

Enska: special teaching because of medical condition

skimunarpróf

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: skimun

Skilgreining: a) Matsaðferð sem felst í kerfisbundinni prófun til að greina frávik í stöðu nemenda á tilteknu

sviði. b) Matsaðferð sem miðast að því að greina stöðu nemenda á tilteknu sviði.

Skýring: Lesskimunarpróf gerir kennurum t.d. kleift að kanna hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám.

Dæmi: a) Lesskimun er dæmi um kerfisbundnar prófanir til að greina lestrarörðugleika. b) Lesskimunarpróf þar sem prófaðir eru þættir sem leggja grunn að lestrarnáminu sem eru: málskilningur og orðaforði, bókstafa- og hljóðþekking, hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Enska: screening

Samheiti: screening test

skipulagður leikur

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Leikur sem leikinn er að ákvörðun kennara eða uppalanda í ákveðnum uppeldislegum tilgangi.

Enska: organised play

Sjá einnig: frjáls leikur

sniðmát

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Form fyrir uppsetningu skjala, t.d. verkefna, ritgerða eða námsmats, sem skilgreinir staðsetningu, form og útlit upplýsinga.

Enska: template

spurnaraðferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem felst í að kennarinn spyr spurninga til að virkja nemendur til að hugsa með skipulegum hætti um ákveðið fyrirbæri.

Enska: question strategies

Samheiti: socratic method

staðalbinda

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Að reikna, flokka eða raða frammistöðu í prófi eða mati miðað við fyrir fram skilgreindan hóp frekar en t.d. hlutfall réttra svara.

Enska: norm-referencing

Sjá einnig: markbundið próf, staðalbundið próf

staðalbundið próf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf þar sem einkunn gefur til kynna frammistöðu í samanburði við aðra í skilgreindum hópi.

Skýring: Niðurstöður staðalbundins prófs má birta á mismunandi hátt, t.a.m. í formi þroskaaldurs (e. mental age), hundraðstölu (e. percentile score), bekkjargildis (e. grade equivalent) eða margvíslegra staðalgilda (e. standard score). Öll próf er hægt að staðalbinda, t.d. greindarpróf (e. intelligence tests).

Enska: norm-referenced test

staðartengd menntun

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: staðartengt nám

Skilgreining: Kennsla sem tekur mið af aðstæðum í umhverfi skóla og nýtir sér þá möguleika sem svæðið og atvinnulíf veitir til náms.

Skýring: Þessi áhersla á nærumhverfi getur virkjað nemendur námslega, samræmt raunveruleg samfélagsleg málefni við námið og stuðlað að því að nemendur verði virkir samfélagsþegnar í hvaða samfélagi sem þeir kjósa sér.

Enska: place-based education

Samheiti: local-based education, local-based learning, place-based learning

staðla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Að vinna kerfisbundið að því að skilgreina skilmála, afurðir og aðferðir, að setja reglur og tryggja tiltekna virkni, að hlutir passi saman og þeir skili því sem af þeim er krafist.

Skýring: Innan menntunarfræði vísar stöðlun yfirleitt til stöðlunar prófa.

Enska: standardize

Sjá einnig: staðlað próf

staðlað próf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Próf þar sem spurningar, fyrirlögn, fyrirgjöf og úrvinnsla hefur verið ákvörðuð nákvæmlega fyrirfram til að tryggja sem best sambærilegar niðurstöður óháð prófanda og aðstæðum.

Skýring: Hugtakið er stundum notað yfir staðalbindingu (norm-referenced test), en rétt er að halda hugtökunum aðskildum.

Enska: standardized test

Samheiti: standardized assessment

Sjá einnig: staðla, staðalbinda

staðnám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: staðarnám

Skilgreining: Skólastarf þar sem nemendur og kennarar eru staðsettir í sama húsnæði og hafa samskipti augliti til auglitis.

Enska: on-campus learning

Samheiti: face-to-face learning

starfshæfni kennara

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Þekking, skilningur og færni sem kennari er fær um að beita í starfi á viðurkenndan og markvissan hátt miðað við aðstæður, félagslegt samhengi og fagleg viðmið.

Skýring: Starfshæfni kennara hefur ýmsar hliðar,

faglegar, hagnýtar, persónulegar og félagslegar sem fléttast saman í eina heild. Hugtakið starfshæfni er notað til að skilgreina faglegar kröfur sem gera þarf til kennara sem einstaklinga og fagstéttar.

Enska: professional competence

Sjá einnig: fagmennska kennara

starfsréttindapróf

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: próf til starfsréttinda

Skilgreining: Námsmat við námslok á framhaldsskóla- eða háskólastigi sem veitir rétt til að sækja um tiltekin starfsréttindi.

Enska: examination for professional qualification

starfstengd leiðsögn

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Samskipti reyndra starfsmanna og nýliða sem miða að því að efla starfshæfni og fagmennsku einstaklinga, hópa og stofnana þannig að þeir verði færari um að axla ábyrgð og bæta starfshætti.

Skýring: Jafningjaleiðsögn getur verið eitt form starfstengdrar leiðsagnar.

Enska: job guidance

stoðgrind

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: aðhæfður stuðningur, námsstuðningur

Skilgreining: Stuðningur við nám sem sniðinn er að þroska nemanda, þekkingu og áhuga, til að hvetja og styðja viðkomandi til frekari framfara og þroska en unnt hefði verið án stuðnings.

Skýring: Jerome Bruner er upphafsmaður hugtaksins og setti það fram í tengslum við kenningar Vygotsky um svæði mögulegs þroska (zone of proximal development).

Enska: scaffolding

stuðningur við sjálfræði

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag og aðstæður í skólastarfi sem auka hæfni nemenda til að taka ákvarðanir sem eru í samræmi við eigin vilja og áhuga.

Enska: autonomy support

stúdentspróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Vitnisburður um námslok frá framhaldsskóla sem veitir aðgang að háskólanámi. Stúdent skal hafa lokið að minnsta kosti 200 tilskyldum framhaldsskólaeiningum skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

Enska: matriculation examination

Sjá einnig: framhaldsskólastig, háskólastig

sveinspróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Vitnisburður um námslok í iðngrein sem veitir réttindi til starfa innan greinarinnar.

Enska: journeyman's exam

Sjá einnig: iðnnám

sýnikennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem felst í að sýna tiltekin vinnubrögð eða aðferðir með dæmum eða tilraunum.

Enska: demonstration

söguáferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem byggist á því að sett er á svið eða mótuð atburðarás með virkri þátttöku nemenda. Nemendur móta persónur og setja sig í þeirra spor. Sagan er sett á svið og unnið með hana með ýmsum hætti, gjarnan þannig að viðfangsefni er tengt mörgum námsgreinum.

Skýring: Sagan getur verið úr raunveruleikanum eða ævintýri eftir því sem markmið og námsefni gefa tilefni til. Oft þurfa nemendur að setja sig í spor fjölskyldna eða sögupersóna sem standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.

Dæmi: Söguáferð er t.d. notuð við lestrarkennslu og örvun málþroska.

Enska: storyline method

teymiskennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluhættir þar sem tveir eða fleiri kennarar hafa samstarf um að kenna sama nemendahópi á sama tíma.

Enska: team teaching

Samheiti: collaborative teaching, co-teaching

tímaverkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Verkefni sem nemendum er ætlað að vinna í kennslustund.

Enska: classroom work

Samheiti: classroom assignment

umhverfismennt

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Þverfaglegt nám sem beinist að stöðu og breytni mannsins í náttúrunni, sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, umhverfisvitund og færni og hæfni fólks til að taka þátt í samfélagslegu starfi í þágu umhverfis og sjálfbærni.

Skýring: Skyld hugtök: umhverfisfræðsla, útikennsla, umhverfistúlkun, umhverfisverkefni, umhverfishönnun,

umhverfisverkfræði.

Enska: environmental education

Samheiti: ecological education, education for sustainable development, environmental sciences

umræðuverkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: umræður

Skilgreining: Verkefni sem nemendum er ætlað að leysa með rökræðum, munnlegum eða skriflegum (á netinu).

Enska: discussion

unglingapróf

(flokkun: kennsla og mat)

(Sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Lokapróf úr unglingaskóla eftir 2. bekk gagnfræðastigs.

uppeldisleg skráning

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skráning á orðum og gjörðum barns í þeim tilgangi að meta þroska þess, nám og líðan.

Skýring: Einkum notað í leikskólum.

Enska: pedagogical documentation

upplýsingatækni

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: upplýsinga- og samskiptatækni

Skilgreining: 1. Öflun, meðferð og miðlun stafrænna gagna og rafræn samskipti ásamt vél- og hugbúnaði til þeirra nota. 2. Námsgrein sem miðar að hæfni í öflun, meðferð og miðlun stafrænna gagna og rafrænum samskiptum.

Enska: information and communication technology (ICT)

útikennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: útinám

Skilgreining: Kennsla sem skipulögð er utan veggja skólans og náttúran eða samfélagið er nýtt sem námsumhverfi.

Enska: outdoor education

vendinám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: speglað nám, vendikennsla

Skilgreining: Kennsluaðferð sem gerir ráð fyrir að einstefnumiðlað framlag kennarans (fyrirlestur og skýringar) sé gert nemendum aðgengilegt t.d. á netinu fyrir kennslustund en kennslustundin sé notuð til að vinna verkefni eða ræða efnið.

Enska: flipped classroom

verkefnamiðað nám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferð sem samþættir þekkingaröflun og aðgerðir. Nemendur fást við raunveruleg viðfangsefni þar sem þau beita og afla þeirrar þekkingar sem þarf til að finna viðeigandi lausnir.

Skýring: Nemendur nálgast námsefnið út frá tilteknum verkefnum og tileinka sér námsefnið í glímu við lausn slíkra verkefna. Tilhögun er ólík, einkum eftir námsstigum, en oft er um að ræða þverfagleg vinnubrögð og hópvinnu.

Enska: project based learning

verkefni

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skilgreint og afmarkað viðfangsefni í skólastarfi sem kennari leggur fyrir og gerir ráð fyrir að nemendur leysi.

Enska: assignment

verknám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Nám í verklegum greinum.

Enska: vocational education

vettvangsferð

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulögð ferð sem nemendur fara undir umsjá kennara í þeim tilgangi að gera vettvangsathugun eða læra um viðfangsefni námsgreina við raunverulegar aðstæður.

Dæmi: Farið er út í náttúrna til að skoða jarðlög eða sögustaði, eða á vinnustað til að kynna starfsemi.

Enska: field trip

Sjá einnig: staðartengd menntun, ævintýraferð, útikennsla, vettvangsnám

vettvangsnám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: starfskynning

Skilgreining: a) Sá hluti náms sem fer fram á starfvettvangi. Nemendur kynna eða taka þátt í störfum á vinnustað, tilfallandi eða reglulega. b) Sá hluti kennaranáms sem fram fer á starfvettvangi.

Skýring: Nám til starfsréttinda sumra stétta felur í sér vettvangsnám í staðinn fyrir eða ásamt hefðbundnara bóknámi.

Dæmi: Kennaranemar þurfa að fylgjast með kennslu og æfa sig að kenna sjálfir í æfingarkennslu á vettvangi.

Enska: work experience programs

viðbótarnám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag náms sem felur í sér námslok af námsbrautum við framhaldsskóla og er viðbót við skilgreind námslok á þriðja hæfniprepi.

Enska: additional education

Sjá einnig: hæfniprep

viðmiðunarpróf

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Dæmi um prófverkefni frá menntamálayfirvöldum sem kennurum er ætlað að hafa til hliðsjónar til að meta kjarnagrein til stúdentspróf.

Skýring: Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 (30. gr.) skal námsmat í lokaáföngum kjarnagreina til stúdentsprófs taka mið af viðmiðunarprófum sem ráðherra lætur í té eða viðurkennir.

Enska: guiding test

vinnubókarvinna

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: vinnubókarkennsla, vinnubókavinna, vinnubókarnám, vinnubókarverkefni

Skilgreining: Kennsluaðferð sem felst í að nemendur leysa viðfangsefni í vinnubókum þar sem svarformið er ákveðið fyrirfram.

Enska: sheet work

virkt nám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Kennsluaðferðir sem hvetja til virkrar þátttöku og frumkvæðis nemenda í námsferlinu frekar en að þeir meðtaki og leggi á minnið upplýsingar frá kennara.

Enska: active learning

þankahríð

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: hugstormun, hugflæði

Skilgreining: Vinnuaðferð sem byggist á því að laða fram fjölbreyttar hugmyndir um viðkomandi viðfangsefni með því að skrá þær jafnóðum án þess að flokka þær eða meta.

Skýring: Í kennslu getur kennari varpað fram spurningu og biður nemendur að hugsa með opnum huga um svörin og nefna síðan allt sem þeim kemur í hug.

Dæmi: Nemendur eru beðnir að nefna allar þær skýringar sem þeim koma í hug á því að risaeldurnar dóu út á sínum tíma, allar leiðir til orkusparnaðar eða allt sem mætti verða til þess að bæta kennsluna í skólanum.

Enska: brainstorming

Þátttökufyrirlestur

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: gagnvirkur fyrirlestur

Skilgreining: Fyrirlestur sem byggist að einhverju leyti á þátttöku áheyrenda sem eru þá hvattir til að spyrja eða gera athugasemdir.

Enska: participatory lecture

Samheiti: interactive lecture

Þemanám

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu þar sem tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni sem er hluti af eða óháð hefðbundnum námsgreinum.

Enska: project learning

Sjá einnig: púslaðferð, samþætting

Þverfaglegt nám

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: samfaglegt nám, þverfræðilegt nám

Skilgreining: Skipulag náms og kennslu þar sem tveimur eða fleiri fræðigreinum er fléttað saman.

Enska: interdisciplinary studies

Æfingakennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Skilgreining: Sá hluti vettvangsnáms kennaranema sem

felst í að undirbúa og sjá um kennslustund undir leiðsögn reynds kennara.

Enska: teaching practice

Samheiti: practice teaching

Sjá einnig: áheyrn

Ævintýraferð

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: óvissuferð

Skilgreining: Ferðir með smærri eða stærrri námshópa út í óvissuna þar sem reynir á samskipti og úthald við krefjandi aðstæður.

Enska: journeying

Ævintýramiðuð kennsla

(flokkun: kennsla og mat)

Samheiti: ævintýramiðuð nám

Skilgreining: Kennsluaðferð þar sem námið er tengt ævintýramiðuðri reynslu nemenda.

Skýring: Kennslan krefst virkrar þátttöku frá nemendum sem og kennurum. Oft er ævintýramiðuð menntun tengd við upplifun í gegnum öll fimm skilningarvitin og er ætlað að auka skilning, áhuga, árangur og þroska nemenda.

Enska: adventure education

Stjórnun og skipulag

Aðalnámskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námskrá, gefin út af yfirvöldum menntamála, sem kveður á um markmið og fyrirkomulag skólstarfs á landsvísu. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um námsgreinar og námssvið, og segir til um áherslur og vægi.

Skýring: Aðalnámskrá er stjórnæki til að fylgja eftir ákvæðum laga um skólstarf og er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á.

Aðalnámskrá er hin opinbera stefna, skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og er löguð að stefnu hvers skóla, bekkjarnámskrá byggir á aðalnámskrá og skólanámskrá og gildir fyrir hvern bekk eða námshóp.

Dæmi: Aðalnámskrá leikskóla, aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá framhaldskóla, aðalnámskrár einstakra námsgreina.

Enska: national curriculum

Sjá einnig: einstaklingsnámskrá

Aðstæðumiðuð forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta í skólstarfi sem tekur mið af og er háð aðstæðum.

Enska: situational leadership

Alþjóðaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skóli sem er ætlaður nemendum hvaðanæva að úr heiminum og starfar samkvæmt eigin eða alþjóðlegri námskrá.

Skýring: Getur verið á ýmsum skólastigum.

Enska: international school

Alþýðuskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli fyrir ungmenni að loknu skyldunámi sem veitti almenna bóklega fræðslu í ætt við gagnfræði. Heitið var notað á fyrsta þriðjungi 20. aldar.

Frá um 1930 nefndust þessir skólar oftár héraðsskólar í sveitum eða gagnfræðaskólar í kaupstöðum.

ábyrgðarskil

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: ábyrgðarskylda, ábyrgni

Skilgreining: Það hlutverk stofnunar að ábyrgjast og standa skil á starfsemi sinni og tryggja að árangur sé í samræmi við yfirlýst markmið.

Skýring: Stofnanir standa skil á ábyrgð sinni með gagnsæi í vinnubrögðum. Liður í að standast ábyrgðarskyldu er að starfsemi og verkferlar stofnunar, svo sem skóla, séu opnir og gagnsærir.

Enska: accountability

Samheiti: answerability

áfangakerfi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skipulag framhaldsskóla þar sem náminu er skipað niður í skilgreinda áfanga.

Enska: unit credit system

Sjá einnig: áfangi

áfangalýsing

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: námskeiðslýsing

Skilgreining: Yfirlit yfir helstu markmið og/eða hæfniviðmið, viðfangsefni og skipulag náms og kennslu í námsáfanga.

Skýring: Í framhaldsskóla er talað um áfanga og áfangalýsingar en á háskólastigi er talað um námskeið og námskeiðslýsingar.

Enska: syllabus

Samheiti: course syllabus

áfangaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skóli á framhaldsskólastigi þar sem náminu er skipt í áfanga og nemendur geta raðað saman ákveðnum áföngum hverja önn með hliðsjón af námsbraut.

Skýring: Áfangaskólar eru ýmist bóknámskólar, eins og t.d. Menntaskólinn við Hamrahlíð, eða eru með bæði bóknáms- og verknámsbrautir í boði (fjölbrautaskólar), t.d. Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Sjá einnig: áfangakerfi, fjölbrautaskóli, áfangi, námsbraut

áfangi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: námskeið

Skilgreining: Afmarkaður hluti náms sem fylgir fyrirfram ákveðinni áætlun eða skilgreiningu og lýkur yfirleitt með vottun á frammistöðu eða annars konar staðfestingu.

Skýring: Hugtakið er einkum notað í framhaldsskólum sem starfa eftir áfangakerfi.

Enska: course

Samheiti: module

áformuð námskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: áætluð námskrá

Skilgreining: Formleg skjöl sem tilgreina það sem yfirvöld menntamála og samfélagið ætlast til að nemendur læri í skóla og snýr að þekkingu, skilningi, leikni, viðhorfum og gildum sem þeim er ætlað að tileinka sér og þroska með sér, og hvernig námsárangur er metinn.

Skýring: Með formlegum skjölum er hér átt við skólanámskrár, kennsluáætlanir, námsefni, viðmiðunarstundarskrár, inntak prófa, lög, reglugerðir og önnur opinber gögn.

Enska: intended curriculum

Sjá einnig: námskrá, hæfni, þekking, leikni

barnafræðsla

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Kennsla sem börn áttu að njóta, hvort sem var í skóla eða sem heimafræðsla. Einkum haft um skyldunám barna fram að fermingu eða (frá 1907) fullnaðarprófi.

barnaheimili

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Uppeldisstofnun fyrir börn undir skólaaldri. Barnaheimili skiptust í vöggustofur fyrir yngstu börnin, upptökuheimili með sólarhringsvistun og dagheimili með heils dags vistun.

barnaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli ætlaður börnum á aldrinum 7 ára til um 13 ára.

Skýring: Orðið var einkum notað um fasta skóla, stundum líka farskóla en yfirleitt ekki um heimiliskennslu. Nemendur sóttu barnaskóla fram að fullnaðarprófi, en samkvæmt fræðslulögunum 1946 fram að barnaprófi. Með tilkomu grunnskólans 1974 breyttist barnaskólinn í yngra stig og miðstig þess skóla.

Enska: primary school

bekkjakerfi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skipulag skóla þar sem nemendum, oftast í sama árgangi, er kennt saman í hópum.

Nemendahópurinn fylgist að í flestum greinum.

Enska: form teaching

bekkjarnámskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námskrá sem er gerð fyrir árgang eða bekk. Bekkjarnámskrá, skráð eða óskráð, er nýtt til upplýsingar og samræmingar á námi innan bekkjar og skólans í heild.

Skýring: Skólanámskrá byggir á aðalnámskrá og er löguð að stefnu hvers skóla, bekkjarnámskrá byggir á aðalnámskrá og skólanámskrá og gildir fyrir hvern bekk eða námshóp.

Enska: class curriculum

Sjá einnig: einstaklingsnámskrá

bóknámsdeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Önnur tveggja aðaldeilda gagnfræðastigs samkvæmt lögum frá 1946 með megináherslu á bóklegar greinar. Féll niður í grunnskólalögum árið 1974.

Sjá einnig: verknámsdeild

bóknámsrek

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Þróun í inntaki náms þar sem hlutfall bóklegrar eða fræðilegrar áherslu eykst á kostnað verklegs eða hagnýts hluta námsins.

Enska: academic drift

bréfaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli með fjarnámssniði þar sem kennsla og verkefnaskil voru bréfleiddis.

Skýring: Í sumum tilfellum gat kennsla farið að hluta til fram í útvarpi.

Enska: correspondence school

búnaðarskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem ætlað var að mennta búfræðinga.

Skýring: Á Íslandi voru stofnaðir búnaðarskólar frá 1882 til 1890 þar sem búfræðingar lærðu til verka sem voru of sérhæfð fyrir sveitaheimilin. Síðar nefndir bændaskólar.

bændaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Starfsnámskóli fyrir verðandi bændur.

Skýring: Heitið bændaskóli hafði verið notað um styttri námskeið við íslensku búnaðarskólana, ætluð bændaeftum en ekki búfræðingum. Samkvæmt lögum frá 1905 var búnaðarskólunum á Hvanneyri og Hólum breytt í bændaskóla er skyldu veita almenna menntun við hæfi bænda frekar en starfsmenntun búfræðinga. Hétu skólarnir áfram bændaskólar þótt sérhæfðari búfræðikennsla væri tekin þar upp síðar.

dagheimili

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: dagvistarheimili, dagvistunarheimili

Skilgreining: Barnaheimili með heils dags vistun, upphaflega ætlað að mæta þörfum einstæðra mæðra.

Skýring: Heitið var notað fram til um 1990 til aðgreiningar frá leikskólum sem buðu aðeins hálf dags dvöl á þeim tíma. Í kjölfar leikskólalaga 1991 nefnt leikskóli.

deild forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta í skólastarfi sem hvetur starfsmenn á öllum stigum til að taka að sér forystuhlutverk þegar við á.

Skýring: Hlutverk forystunnar er að skilgreina grunngildi, setja markmið, skipuleggja aðföng, draga úr spennu milli einstaklinga, skapa samvinnu, samræma vinnukrafta og ýta undir betri frammistöðu.

Enska: shared leadership

dreifð forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Dreifing forystu og ábyrgðar innan stofnunar/fyrirtækis umfram formlegan stjórnendahóp.

Skýring: Byggir á hugmyndum um dreifða vitsmuni og hæfni í hópi fólks.

Enska: distributed leadership

einingakerfi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Kerfi sem tilgreinir umfang náms í skilgreindar námseiningar. Þær eru mælikvarði á áætlaða vinnu nemenda.

Skýring: Til að ná formlegu prófi (t.d. stúdentsprófi) þarf áskilinn fjölda eininga.

Enska: unit credit system

einstaklingsnámskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námskrá sem er sérstaklega aðlöguð að einstökum nemendum og er ætlað að mæta skilgreindum þörfum þeirra.

Skýring: Einkum gerðar fyrir einstaka nemendur með námserfiðleika eða fötlun.

Enska: individual education plan

Sjá einnig: bekkjarnámskrá, einstaklingsáætlun, skólanámskrá

fagleg forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta í skólustarfi sem beinist að því að virkja kennara, nemendur, foreldra og aðra sem koma að skólustarfi, til að sameinast um markmið sem varða menntun og vinnu að þeim.

Enska: professional leadership

farskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli, einkum barnaskóli í sveit, sem starfaði á víxl á fleiri en einum stað.

Skýring: Farskólar voru hið venjulega form skólahalds í íslenskum sveitum fram undir 1930, þokuðu smám saman fyrir heimavistar skólum og heimanaksturs-skólum og hurfu um 1970. Framan af var farkennsla varla talin til skóla. Allt til 1926 voru starfssvæði farskólanna nefnd fræðsluhéruð til aðgreiningar frá skólahéruðum. Eftir það var ótvírætt að farskólar teldust til skóla; þó var farkennari aldrei titlaður skólustjóri. Algengast var að farskóli þjónaði einum hreppi, kennt væri í heimahúsum, hvert barn sækti skóla á einum stað (oft 8-12 vikur á vetri) en sami kennari færi á milli kennslustaða. Það hét líka farskóli þótt kennt væri í öðru húsnæði (þinghúsum, félagsheimilum og jafnvel sérstöku skólahúsnæði), einnig þótt kennarar væru ráðnir (í hlutastarf) fyrir hvern kennslustað, og jafnvel þótt skólinn starfaði aðeins á einum stað og í sérstöku skólahúsnæði ef hann uppfyllti ekki kröfur sem gerðar voru til fastra skóla.

fjölbrautaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skóli á framhaldsskólastigi þar sem náminu er skipt í bóklegar og verklegar námsbrautir og nemendur geta valið sér námsbraut.

Skýring: Í heitum sumra fjölbrautaskóla kemur fram orðið fjölbrautaskóli, en ekki annarra, s.s. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn í Kópavogi eða Verkmenntaskóli Austurlands.

Sjá einnig: námsbrautarlýsing, námsbraut, áfangaskóli

foreldrafélag

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Félag foreldra, myndað til að styðja skólustarfið og stuðla að velferð nemenda.

Enska: parent association

foreldraráð

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: a) Félag foreldra í framhaldsskóla sem

hefur það hlutverk að styðja við skólustarfið og vinna að hagsmunamálum nemenda. b) Nefnd kosin af foreldrum barna við hvern leikskóla sem hefur umsagnar- og eftirlitshlutverk um starfsemi skólans.

Enska: parent council

forvarnarstarf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Starf til að fyrirbyggja vanda í framtíðinni.

Enska: preventive measures

forysta í skólustarfi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Stjórnunarhættir skóla sem einkennast af því að virkja hæfileika og krafta kennara, nemenda og foreldra, ef við á, og leiða í átt að sameiginlegum markmiðum.

Enska: educational leadership

fóstruskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem menntaði fóstrur til starfa á uppeldisstofnunum barna undir skólaaldri.

Skýring: Á Íslandi starfaði fóstruskóli, síðar nefndur fósturskóli til að heiti hans vísaði ekki á fóstrur sem kvennastétt. Frá 1973 var hann ríkisrekinn undir nafninu Fósturskóli Íslands, þar til hann sameinaðist Kennaraháskóla Íslands árið 1998.

framhaldsdeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Námsbraut í framhaldi af aðalnámsbraut viðkomandi skóla. 2. Framhaldsdeildir gagnfræðastigs sem voru viðbót við gagnfræðastig fræðslulaganna 1946, þ.e. 5. og 6. bekkur. Þær veittu undirbúning undir nám í menntaskólum og sérskólum eða voru metnar sem hluti af framhaldsskólanámi.

framhaldsskólaeining

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: fein

Skilgreining: Mælikvarði á vinnuframlag nemenda í framhaldsskóla. Hver eining samsvarar áætlaðri þriggja daga vinnu nemenda (6-8 klst/dag).

Enska: secondary school credit

framhaldsskólapróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Vitnisburður um námslok frá framhaldsskóla. Nemandi skal hafa lokið að minnsta kosti 90-120 tilskyldum framhaldsskólaeiningum, skv.

aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

Enska: upper secondary school leaving examination

framhaldsskólastig

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Þriðja skólastigið í menntakerfinu.

Nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi eða verða 16 ára á árinu geta hafið nám á framhaldsskólastigi.

Skýring: Skólar sem starfa á framhaldsskólastigi eru ýmist nefndir fjölbrautaskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, menntaskólar eða verkmenntaskólar.

Enska: upper secondary school level

Samheiti: upper secondary level

fræðsluhérað

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Svæði, yfirleitt sveitarfélag, sem ákvað að fullnægja fræðsluskyldu samkvæmt fræðslulögum 1907 án fasts skóla.

Skýring: Í fræðsluhéraði var annað hvort farskóli eða heimafræðsla undir eftirliti.

Enska: school district

Sjá einnig: skólahérað

fræðslumálastjóri

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: fræðslumálastjórn

Skilgreining: Embættismaður sem var æðstur á sviði fræðslumála á vegum ríkisins, einkum á fræðsluskyldustigi.

Skýring: Embætti fræðslumálastjóra var stofnað með fræðslulögum 1907 og bráðlega nefnt fræðslumálastjórn. Það var lengst af sjálfstæð stjórnarsýslustofnun (hliðstæð við embætti biskups eða landlæknis), en rann um 1970 inn í menntamálaráðuneytið.

fræðsluskylda

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skylda yfirvalda til að hafa í boði nám fyrir ákveðna aldurshópa/árganga án þess að því fylgi skólaskylda.

Skýring: Núgildandi lög um framhaldsskóla frá 2008 gera ráð fyrir fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Eldri merking er að skylda sé að veita börnum tiltekna menntun hvort sem er í skóla eða á heimili.

Enska: right to education

fullnaðarpróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Lokapróf fræðsluskyldunnar skv. fræðslulögum frá 1907 þar til fræðslulög frá 1946 komu

til framkvæmda.

Skýring: Fullnaðarpróf var þeytt að loknum barnaskóla, að jafnaði á fermingarári eða því ári þegar nemandi varð 14 ára. Í stað fullnaðarprófs komu barnapróf og unglingapróf skólakerfisins frá 1946, í þéttbýli um 1950, í sveitum yfirleitt eftir 1960.

fyrirmyndar starfshættir

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Starfshættir eða vinnubrögð sem reynst hafa vel og þykja til fyrirmyndar.

Skýring: Regnhlífarhugtak sem nær til starfshátta í skólum, stofnunum eða fyrirtækjum. Slíkir starfshættir njóta áhlits af ýmsum ástæðum og er vísað til sem fyrirmyndar.

Enska: best practice

Sjá einnig: starfshættir skóla

gagnfræðadeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Fyrri bekkir menntaskóla (MR frá 1904, MA frá upphafi). Lauk með gagnfræðaprófi sem var inntökupróf í lærdómsdeild.

Skýring: Þegar landspróf miðskóla varð inntökupróf í fjögurra ára menntaskóla var hætt að tala um sérstaka gagnfræðadeild, þótt fyrsta námsárið væri latínulaust og að því leyti í anda hins gamla gagnfræðahugtaks.

gagnfræðapróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Lokapróf 4. bekkjar gagnfræðastigsins (samkvæmt skólakerfinu 1946–74). Grunnskólapróf tók síðan við af gagnfræðaprófi, miðskólaprófi og landsprófi. 2. Lokapróf frá gagnfræðadeild menntaskóla.

gagnfræðaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem starfaði á gagnfræðastigi.

Skýring: 1. Samkvæmt fræðslulögum frá 1946 höfðu gagnfræðaskólar alla fjóra bekki gagnfræðastigsins og kenndu til gagnfræðaprófs. Nokkrir gagnfræðaskólar héldu því nafni þótt unglingastig grunnskóla leysti gagnfræðastigið af hólmi með grunnskólalögum frá 1974. 2. Samkvæmt lögum frá 1930, um gagnfræðaskóla í kaupstöðum, störfuðu skólar með því heiti á nokkrum helstu þéttbýlisstöðum. 3. Frá því um 1880 voru tveir íslenskir skólar nefndir gagnfræðaskólar, Möðruvallaskóli í Hörgárdal (síðar Gagnfræðaskólinn á Akureyri) og Flensborgarskóli í Hafnarfirði. Þar bauðst nemendum, aðallega piltum, tveggja ára nám, að mestu bóklegt, sem ekki var miðað

við undirbúning fyrir tiltekin störf eða frekara nám. Áþekkir skólar, stofnaðir á næstu áratugum, nefndust öðrum nöfnum, alþýðuskólar, ungmenna- eða unglingskólar.

gagnfræðastig

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Tiltekið stig skólakerfisins samkvæmt fræðslulögum frá 1946, tók við af barnskólastigi og skyldi í senn búa nemendur undir líf og starf og undir frekara nám. Breyttist eftir 1974 í unglingsstig grunnskólans.

Skýring: Gagnfræðastigið tók yfir fjögur skólaár, 1.–4. bekk. Nemendur, sem lokið höfðu barnaprófi (að jafnaði á því ári þegar þeir urðu 13 ára), voru skólaskyldir í 1. og 2. bekk gagnfræðastigsins (fram að unglingsprófi) en frjálst hvort þeir héldu áfram og tóku miðskólapróf eftir 3. bekk og síðan gagnfræðapróf eftir 4. bekk. Á síðasta skeiði gagnfræðastigsins bættust við framhaldsdeildir, 5. og 6. bekkur.

Sjá einnig: barnapróf, unglingspróf, miðskólapróf, gagnfræðapróf

gagnreyndir starfshættir

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Starfshættir sem byggja á viðurkenndum rannsóknarniðurstöðum. Rannsóknaraðferðirnar hafa verið prófaðar og viðurkenndar af vísindasamfélaginu og niðurstöður birtar í ritrýndum tímaritum.

Enska: evidence based practice

Sjá einnig: starfshættir skóla

gildagrunduð forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta í skólastarfi sem hefur ákveðin gildi að leiðarljósi og starfsmenn hafa komið sér saman um að vinna eftir.

Skýring: Gildin eru grunnur að framtíðarsýn, stefnu, aðferðum og verkefnum.

Dæmi: Kjörorð skóla geta falið í sér sameiginleg gildi. Þau byggjast oft á siðferðilegum grunni, s.s. virðing, vinátta, jafnrétti, lýðræði, frumkvæði, sköpun.

Enska: value based leadership

grunnskólastig

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Annað skólastigið í menntakerfinu sem ætlað er að mennta börn á aldrinum 6-16 ára.

Enska: compulsory school level

Samheiti: compulsory level

gæðaeftirlit

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Matsaðferð til að meta gæði, t.d. starfs

stofnunar, eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Gæðaeftirlit skólastofnana kallast ytra mat og heildarmat.

Enska: quality control

háskólastig

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Fjórða skólastigið í menntakerfinu.

Nemendur sem lokið hafa framhaldsskóla eða ígildi þess geta hafið nám á háskólastigi.

Enska: university level

héraðsskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Heimavistarskóli í sveit, ætlaður unglimum að loknu skyldunámi.

Skýring: Frá 1928 störfuðu heimavistarskólar eftir sérstökum lögum, en áður höfðu sumir þeirra kallast öðrum nöfnum (alþýðuskóli, ungmennaskóli, lýðháskóli). Eftir 1946 löguðust héraðsskólarnir smám saman að hinu nýja gagnfræðastigi, nánast sem miðskólar. Lengi vel tóku þeir þó við nemendum með fullnaðarpróf fremur en barnapróf nýja skólakerfisins.

húsmæðraskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: húsmæðrafræðsla

Skilgreining: Skóli fyrir stúlkur, einkum ætlaður til að búa þær undir hlutverk húsmóður og móður.

Skýring: Heitið húsmæðraskóli var ekki notað fyrr en á 20. öld. Áður nefndust áþekkir skólar kvennaskólar. Húsmæðraskólar störfuðu eftir sérstökum lögum, um húsmæðraskóla í sveitum 1938 og í kaupstöðum 1941, sameiginleg löggjöf 1946. Húsmæðrafræðsla var einnig veitt í verknámsdeildum gagnfræðastigs. Voru síðar nefndir hússtjórnarskólar.

hæfniviðmið

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: 1. Sú hæfni sem nemandi er ætlað að hafa náð tökum á við lok tiltekins námstímabils. 2. Sú hæfni sem einstaklingur þarf að búa yfir til að uppfylla lágmarkskröfur fyrir tiltekið nám eða starf.

Enska: competence criteria

hæfniprep

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Leikni og færni, flokkuð í ákveðin þrep.

Þegar einstaklingur hefur náð tiltekinni leikni og færni færist hann upp um þrep.

Skýring: Námi í framhaldsskóla er t.d. skipað í fjögur hæfniprep sem skarast við námsmat við lok grunnskóla, og samræmdur matskvarði á að stuðla að því að

nemandi hefji nám á því þrepi framhaldsskóla sem henta honum best.

Enska: competence level

iðnmeistarapróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Vitnisburður um námslok í viðbótarnámi í löggildri iðngrein sem veitir réttindi til að taka að sér lærlinga innan greinarinnar og reka eigið fyrirtæki í greininni.

Enska: master craftsman's exam

iðnnám

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Nám í skóla og starfsþjálfun á vinnustað á vegum skóla eða annarra aðila í löggiltum iðngreinum.

Enska: vocational education

innra mat

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Matsaðferð þar sem starfsfólk skóla greinir gæði náms og starfshátta og er ætlað að leggja grunn að umbótum í skólastarfi.

Skýring: Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að vinna að.

Enska: internal evaluation

Sjá einnig: ytra mat

kennarafundur

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Fundur sem allir kennarar skóla sitja og boðaður er af skólastjórnanda.

Enska: teachers' assembly

Samheiti: teachers' meeting

Sjá einnig: starfsmannafundur

kjarnagrein

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námsgrein sem öllum nemendum á tilteknu skólastigi eða námsbraut er ætlað að stunda og sérstök áhersla er lögð á.

Skýring: Kjarnagreinar framhaldsskóla eru íslenska, stærðfræði og enska samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

Enska: core unit

Samheiti: core subject

kvennaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem ætlaður var konum að lokinni fræðsluskyldu en síðar sem hluti af gagnfræðastigi.

Sjá einnig: húsmæðraskóli

landspróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Samræmt próf fyrir alla skóla landsins. 2. Samræmt próf við lok þriðja bekkjar miðskóla í öllum bóklegum greinum sem veitti aðgang að menntaskólum (landspróf miðskóla).

leikskólastig

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Fyrsta skólastigið í menntakerfinu sem ætlað er börnum allt að 6 ára aldri.

Enska: preschool level

lýðskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: lýðháskóli

Skilgreining: Norrænt skólaform eða skólastefna (d. folkehøjskole, n. folkehøgskole, s. folkhögskola), upphaflega heimavistarskólar þar sem ungu alþýðufólki bauðst stutt skólaganga.

Skýring: Markmið skólanna var fremur að efla sjálfs-traust og móta hugsunarhátt („vakningarskólar“) en að ná valdi á afmörkuðu námsefni. Stefnan hafði áhrif á starf ýmissa íslenskra skóla, m.a. héraðsskólanna.

Dæmi: Hvítárvallaskólinn

lærdómsdeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Síðari bekkir menntaskóla, sjá gagnfræðadeild. 2. Einnig notað um lærdómsdeild Verslunarskóla Íslands þar sem nemendur lærðu undir stúdentspróf að loknu verslunarprófi.

matskvarði

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Kvarði í tölum eða bókstöfum sem notaður er til að meta hversu vel nemendur hafa náð ákveðinni þekkingu, leikni, skilningi og færni við lok námsáfangna.

Skýring: Matskvarðinn, sem skólum er skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk, er skilgreindur sem sex einkunnir: A, B+, B, C+, C og D. Lýsingar á matsviðmiðum standa á bak við einkunnirnar A, B og C. Matsviðmið fyrir B eru byggð á hæfniviðmiðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk. Einkunnina A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og einkunnina C fá þeir sem ná ekki viðmiðum B. Einkunnin D lýsir hæfni sem nær ekki viðmiðum í C.

Enska: evaluation criteria

Samheiti: levelled evaluation criteria

Sjá einnig: matsviðmið

matsnámskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: prófanámskrá

Skilgreining: Hugmyndir um inntak og áherslur náms eins og þær birtast í prófum og öðru námsmati.

Skýring: Próf sem eru samræmd milli skóla, landa eða landshluta geta beint og óbeint haft áhrif á hvað er kennt og hvernig. Matsnámskrá og dulin námskrá hafa áhrif á áformuðu, virku og tileinkuðu námskrána, stundum á skjön við áformaða námskrá.

Enska: assessed curriculum

Sjá einnig: dulin námskrá, áformuð námskrá, virk námskrá, tileinkuð námskrá

matsviðmið

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Viðmið um hversu vel nemandi hefur náð tókum á tilgreindri hæfni við lok námstímabils og sem notuð eru við námsmat.

Skýring: Í aðalnámskrá 2013 eru matsviðmið við lok grunnskóla sett fram bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Gert er ráð fyrir að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Matsviðmiðin við lok 10. bekkjar lýsa hæfni á kvarðanum A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. (Hugtakið matsviðmið í íslenski aðalnámskrá 2013 er þýtt með „study progress criteria“ í enskri útgáfu námskrárinnar.)

Enska: assessment criteria

Samheiti: study progress criteria

Sjá einnig: matskvarði

menntastjórnun

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Hluti menntunarfræði sem fjalla um stjórnunarkenningar og hagnýtingu þeirra innan menntakerfisins.

Enska: educational administration

miðskólapróf

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Lokapróf úr miðskóla.

Skýring: Miðskólapróf hét árspróf 3. bekkjar gagnfræðastigsins, hvort sem það var tekið við miðskóla eða gagnfræðaskóla. Það var ýmist skólapróf („almennt 3. bekkjar próf“) eða samræmt próf: landspróf miðskóla.

miðskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Skóli á gagnfræðastigi (samkvæmt fræðslulögum 1946–1974) með 3. bekk (oft ásamt

unglingadeild, 1.–2. bekk) en ekki 4. bekk. 2. Einnig notað um erlendar skólategundir með samsvarandi heitum, oft millistig barnaskóla og framhaldsskóla.

Enska: middle school

Samheiti: junior high school, lower secondary school

misseri

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: önn

Skilgreining: Hluti af skólaári í háskóla sem lýkur með formlegu námsmati.

Skýring: Skólár háskóla á Íslandi skiptist venjulega í tvö misseri, haust- og vormisseri, en stundum er einnig skipulagt nám á sumarmisseri.

Enska: term

Samheiti: semester

námsbraut

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skipulag náms eftir markmiðum námsins eða réttindum sem fást að námi loknu.

Enska: study program

námsbrautarlýsing

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: brautarlýsing

Skilgreining: Lýsing á skipulagi námsbrautar.

Enska: study programme description

námseining

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Mælieining sem notuð er til að meta umfang náms. Yfirleitt er miðað við fjölda vinnustunda nemenda.

Skýring: Í íslenskum háskólum er notuð námseiningin ekta (ECTS, evrópskt kerfi) sem samkvæmt skilgreiningu er 25–30 vinnustundir. Framhaldsskólaeining samsvarar 18–24 klukkustunda vinnu nemanda.

Enska: course credit

námsframboð

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Nám sem er í boði í tilteknum skóla eða skólum.

Enska: study options

námskeið

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: áfangi

Skilgreining: Afmarkaður hluti náms sem fylgir fyrirfram ákveðinni áætlun eða skilgreiningu og lýkur yfirleitt með vottun á frammistöðu eða annars konar staðfestingu.

Skýring: Námskeið hefur bæði almenna og sértæka

merkingu. a) Notað um hvers konar afmarkað nám í styttri eða lengri tíma, formlegt eða óformlegt. b) Í háskólanámi er orðið notað um það sem í framhaldsskóla er kallað áfangi.

Enska: course

námskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Lýsing á markmiðum, inntaki og tilhögun náms ásamt viðmiðum um árangur, þekkingu og færni.

Skýring: Námskrá á við um alla framkvæmd skólstarfs, allt frá mótun stefnu, eins og hún er sett fram í útgef-inni námskrá, til framkvæmdar í kennslustund og þess sem nemandinn lærir. Um þetta þrennt eru notuð hugtökin áformuð námskrá, virk námskrá og tileinkuð námskrá.

Sjá einnig: áformuð námskrá, virk námskrá, tileinkuð námskrá, matsnámskrá.

Enska: curriculum

námstjóri

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Eftirlitsmaður á vegum fræðsluyfirvalda sem sinnti eftirliti og ráðgjöf um barna- og unglingafræðslu á tilteknu landssvæði. 2. Starfsmaður menntamálaráðuneytis sem sinnti málefnum tiltekinnar námsgreinar grunnskólans (ráðgjöf, endurmenntun, námsefnisgerð o. fl.)

námsumsjónarkerfi

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: kennslukerfi

Skilgreining: Hugbúnaður sem notaður er til að skipuleggja og halda utan um nám á netinu.

Skýring: Kerfi sem þessi eru notuð til að miðla gögnum, hafa samskipti, leggja fyrir námsmat, svo og til að fylgjast með framvindu og virkni nemenda.

Enska: learning management system

Samheiti: course management system, virtual learning environment

nemendafélag

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Félag nemenda sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra.

Skýring: Nemendafélag setur sér lög um starfssvið og starfshætti en er á ábyrgð skólayfirvalda sem sjá því fyrir starfsaðstöðu. Í sumum tilfellum kýs eða tilnefni félagið fulltrúa sína í ýmis ráð, nefndir eða á fundi innan skólans.

Enska: students' association

nemendaflæði

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: hreyfanleiki nemenda

Skilgreining: Tækifæri nemenda til að stunda nám (eða vinnu) annars staðar, innan lands eða utan, á meðan þeir eru í formlegu námi, hvort sem er í framhaldsskóla eða háskóla.

Skýring: Formleg nemendaskipti samkvæmt samningi er ein birtingarmynd nemendaflæðis, eða hreyfanleika nemenda.

Enska: student mobility

opinberar námskröfur

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Kröfur settar af opinberum aðilum sem nemendur þurfa að uppfylla fyrir tiltekin námslok.

Enska: study requirements

sjómannaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem annaðist starfsmenntun yfirmanna á skipum, bæði skipstjórnarmanna og vélstjóra.

Enska: nautical college

Sjá einnig: stýrimannaskóli

skólahérað

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Svæði, yfirleitt sveitarfélag, sem stóð að barnafræðslu (samkvæmt fræðslulögum 1907) í föstum skóla eða skólum.

Enska: school district

Sjá einnig: fræðsluhérað

skólanámskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námskrá sem gefin er út í einstökum skólum og er nánari útfærsla á aðalnámskrá um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólstarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla.

Enska: school curriculum

Sjá einnig: einstaklingsnámskrá, bekkjarnámskrá

skólanefnd

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Nefnd sem skipuð er af rekstraraðila (ríki, sveitarfélagi eða einkaaðila) til að marka stefnu eða áherslur í skólstarfi og hafa eftirlit með starfinu.

Skýring: Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eða leikskóla (Lög um grunnskóla nr.

91/2008, 6. gr.; lög um leikskóla nr. 90/2008, 4. gr.). Á framhaldsskólastigi fer skólanefnd einstakra skóla með málefni þeirra.

Enska: school board

skólaráð

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Hópur fulltrúa hagsmunaaðila skólasamfélagsins sem starfa náið með skólastjóra um skólalaldið.

Skýring: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal skólaráð fjalla um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir og meiriháttar breytingar á starfsemi skólans. Ráðið fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólaráðið sé virkt og setji sér starfsreglur. (Heimild skýringar: Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011, bls. 71.)

Enska: school council

skólaskylda

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skylda einstaklinga til að sækja skóla á ákveðnu aldurs skeiði. Núgildandi lög um grunnskóla frá 2008 gera ráð fyrir skólaskyldu frá 6-16 ára.

Enska: compulsory school attendance

skólasóknarreglur

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Reglur um lágmarksviðveru nemenda við skóla yfir ákveðið tímabil.

Enska: school attendance regulations

skólastefna

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Yfirlýsing um markmið og leiðir sem lýsir þeim áherslum sem skólar eða rekstaraðilar þeirra setja sér að starfa eftir.

Enska: school policy

skólastjórnun

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Stjórnun sem felur í sér ábyrgð á starfi skóla.

Enska: school management

smábarnaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: smábarnakennsla, tímakennsla

Skilgreining: Skóli, venjulega lítill einkaskóli, fyrir börn innan skólaskyldualdurs, í daglegu tali oft nefnt „tímakennsla“.

Skýring: Smábarnaskólar eða tímakennsla tíðkaðist á

stærri þéttbýlisstöðum og þjónaði einkum þeim tilgangi að börn kæmu læs í skóla (sem réði röðun þeirra í bekkjardeild ef því var að skipta). Meðan skólaskylda hófst almennt við 10 ára aldur og aðeins fáir þéttbýlisskólar tóku við yngri nemendum, var talað um kennslu 7–9 ára barna sem „smábarnakennslu“ og var hún sérstök námsgrein í kennaranámi.

staðlota

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Afmarkað tímabil í blönduðu námi, dreifnámi eða sveigjanlegu námi þar sem nemendur og kennarar hittast.

Enska: campus based session

Samheiti: face-to-face session

starfshættir skóla

(flokkur: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skipulag starfs í skóla sem nær til allra meginþátta starfseminnar, nemenda, kennara og annars starfsfólks. Starfshættir mótast af lögum og námskrám og mismunandi ytri aðstæðum, gildum og viðhorfum í hverjum skóla.

Dæmi: Skipulag og stjórnun innan skólans, viðfangsefni og nám nemenda, hlutverk kennara og kennsluhættir, verksvið annarra starfsmanna skóla, skipulag námsumhverfis, þáttur foreldra í skólastarfinu og tengsl við grenndarsamfélagið.

starfsmannafundur

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Fundur sem allir starfsmenn viðkomandi stofnunar, skóla eða fyrirtækis sitja og er boðaður af yfirmanni.

Enska: staff meeting

Sjá einnig: kennarafundur

stólskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli á vegum biskupsdæmis (kenndur við biskupsstól = biskupsembætti með tiltekið umdæmi og aðsetur). Á Íslandi einkum prestaskólar biskupsdæmanna: Skálholtsskóli og Hólaskóli.

stýrimannaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem annaðist menntun skipstjórnarmanna.

Enska: nautical college

Sjá einnig: sjómannaskóli

umbreytingaforysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta þar sem leitast er við að greina þörf á breytingum með samstarfsfólki, móta sameiginlega sýn og ná samkomulagi um hvernig eigi að fylgja henni eftir.

Enska: transformational leadership

unglingadeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Unglingaskóli skv. fræðslulögum 1946, rekinn í tengslum við barnaskóla, undir sömu stjórn og stundum með sömu kennurum.
2. Fyrsti og annar bekkur miðskóla eða gagnfræðaskóla skv. sömu lögum.

unglingaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: 1. Ýmsir skólar fyrir ungmenni, sem lokið höfðu fræðsluskilyldu, styttra en bóklegt nám í gagnfræðaskólum, notað einkum fyrir 1930. 2. Skóli á gagnfræðastigi (samkvæmt fræðslulögum frá 1946) sem aðeins náði yfir 1. og 2. bekk, oft starfræktur í tengslum við barnaskóla og þá nefndur unglingsdeild. 3. Skóli utan við hið eiginlega gagnfræðastig fræðslulaganna 1946, ætlaður nemendum sem lokið höfðu skólaskilyldu með fullnaðarprófi og veitti þeim viðbótarmenntun sem átti að jafngilda unglingsprófi. Oft skipulagður sem unglingsdeild við barnaskóla.

upptökuheimili

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Stofnun með sólarhringsvistun fyrir börn og unglinga samkvæmt ákvörðun barnaverndaryfirvalda.

valgrein

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námsgrein sem nemendur hafa val um að stunda.

Skýring: Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 (bls. 50) segir: „skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans ...”

verknámsdeild

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Önnur tveggja aðaldeilda (sjá bóknámsdeild) gagnfræðastigs samkvæmt lögum frá

1946 með megináherslu á verklegar greinar. Féll niður í grunnskólalögum árið 1974.

verslunarskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem annaðist einkum starfsmenntun verslunar- og skrifstofufólks.

Enska: commercial college

vélskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Skóli sem annaðist starfsmenntun vélstjóra á sjó og landi.

viðmiðunarstundaskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Skrá sem menntamálaráðuneytið gefur út um fjölda kennslustunda í námsgreinum eða á námssviðum grunnskóla miðað við árgang eða aldurstig, sem ætlast er til að fylgt sé í skólastarfi.

Skýring: Viðmiðunarstundaskrá byggist á 25. grein í grunnskólalögum (Lög um grunnskóla 2008). Gert er ráð fyrir að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Viðmiðunarstundaskráin veitir sveigjanleika innan námssviða og aldurstiga en útfærslu skal birta í starfsáætlun skóla.

Enska: Reference timetable

Samheiti: recommended timetable

virkt námskrá

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Námskrá eins og hún birtist í skólastarfi í framkvæmd.

Skýring: Virkt námskrá er sú námskrá sem kemur til framkvæmdar í kennslustofunni, tileinkuð námskrá er raunveruleg námsreynsla nemenda.

Enska: enacted curriculum

Samheiti: implemented curriculum

vottun

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: gæðavottun

Skilgreining: Viðurkenning á hæfni, gæðum og trúverðugleika af utanaðkomandi aðila, oft á vegum hins opinbera.

Skýring: Vottun menntastofnana er tegund af gæðastjórnunarferli þar sem þjónusta og rekstur menntastofnana er metinn af utanaðkomandi aðila til að meta hvort viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Ef kröfur eru uppfylltar er viðeigandi stofnun veitt vottun. Í flestum löndum er slík vottun í höndum ráðuneytis

menntamála eða stofnunar á vegum þess.

Enska: accreditation

ytra mat

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Matsaðferð þar sem utanaðkomandi aðili greinir gæði náms og starfshátta og er ætlað að leggja grunn að umbótum í skólastarfi. Ytra mat er yfirleitt á vegum opinberra aðila s.s. sveitarfélags og/eða ráðuneytis.

Enska: external evaluation

Sjá einnig: innra mat

þátttökumiðuð forysta

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Skilgreining: Forysta í skólastarfi sem einkennist af því að ákvarðanatáka deilist á samstafshóp og byggst á félagslegu jafnrétti.

Enska: participative leadership

þekkingarviðmið

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: þekkingarmarkmið

Skilgreining: 1. Sú þekking sem nemandi er ætlað að hafa náð tökum á við lok tiltekins námstímabils. 2. Sú þekking sem einstaklingur þarf að búa yfir til að uppfylla lágmarkskröfur fyrir tiltekið nám eða starf.

Enska: knowledge criteria

þróunarskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

Samheiti: tilraunaskóli

Skilgreining: Skóli sem hefur tekið að sér eða verið gefin heimild til að gera tilraun með eða þróa ákveðna þætti skólastarfs. Í slíkum tilvikum er unnt að fá tímabundna undanþágu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá aðalnámskrá.

Enska: developmental school

Samheiti: experimental school

æfingaskóli

(flokkun: stjórnun og skipulag)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Samheiti: æfingadeild

Skilgreining: Barnaskóli eða grunnskóli sem gegndi sérstöku hlutverki við æfingakennslu kennaranema.

Skýring: Frá 1968 starfaði í Reykjavík sérstakur „Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskóla Íslands“, frá 1971 „Kennaraháskóla Íslands“, síðar breytt í hverfisskóla (Háteigsskóla) án sérstakra tengsla við kennaramenntun. Skólinn var í daglegu tali nefndur „Æfingaskólinn“, fyrstu árin einnig „æfingadeild Kennaraskólans“. Frá upphafi Kennaraskólans hafði æfingakennsla farið fram í sérstökum bekkjardeildum, „æfingadeildum“. Upphaflega var það ein aldursblönduð bekkjardeild í húsi Kennaraskólans, talin útibú frá barnaskóla bæjarins (Miðbæjarskólanum), síðar fleiri bekkir starfræktir af Kennaraskólanum, í raun sem sérstakur barnaskóli, ýmist nefndur æfingadeild, æfingadeildir eða æfingaskóli.

Stefnur og straumar

bernskurannsóknir

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Þverfaglegt fræðasvið sem sækir til ólíkra rannsóknarsviða til að skilja bernskuna frá sjónarhóli barna.

Skýring: Í bernskurannsóknum er áhersla lögð á að hlusta á börn og gera rannsóknir með börnum.

Enska: childhood studies

blöndun

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Menntastefna sem byggist á því að allir nemendur hvort sem þeir eru með sérþarfir eða ekki taki saman þátt í almennu bekkjarstarfi.

Enska: integration

Sjá einnig: inngilding

fjölmenningarhyggja

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Hugmyndafræði eða stefna sem boðar að í samfélögum séu virk samskipti milli mismunandi menningarhópa, og að einstaklingar með ólíkan bakgrunn (t.d. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, siða, tungumáls, stéttar eða fötlunar) búi og starfi saman á jafnréttisgrundvelli, njóti sama réttar, hafi sömu möguleika og séu jafngildir samfélagsþegnar.

Enska: multiculturalism

fjölmenningarleg menntun

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Menntun sem er í anda fjölmenningarhyggju og er fyrir alla burt séð frá uppruna, kyni, kynhneigð, trú, siðum, tungumáli, stétt eða fötlun og styður við umburðalyndi og stuðlar að

félagslegri samheldni, samskiptum og jafnstöðu.

Enska: multicultural education

gagnfræði

(flokkun: stefnur og straumar)

(sérsvið: sögulegt hugtak)

Skilgreining: Hugtak sem táknaði upphaflega andstæðu við klassísk fræði (latínu og grísku og annað sem byggði á arfi fornaldar). Notað í samsetningum. Til gagnfræða töldust m.a. erlend nútímamál („lifandi mál“, „nýju málin“ andstætt fornálmálum), náttúrufræði og landafræði.

Skýring: Orðið var myndað til að samsvara „real“ á Norðurlandamálum og þýsku; á ensku og frönsku var „modern(e)“ notað á svipaðan hátt. Þrátt fyrir vísunina til „gagns“ var hugtakið notað bæði um almennt bóklegt nám og hagnýtt starfsnám eða verknam.

hönnunarmiðuð rannsókn

(flokkun: stefnur og straumar)

Samheiti: hönnunargrunnuð rannsókn

Skilgreining: Rannsóknaraðferð sem oft er notuð í menntunarfræði og felst í að prófa endurtekið kenningu eða líkan um nám við raunverulegar aðstæður með það í huga að athuga hvernig kenningin fellur að aðstæðunum. Markmiðið er að endurbæta kenningarnar, líkönin og/eða aðstæðurnar jafnt og þétt.

Dæmi: Inngrip, aðferðir og aðstæður hannaðar í samræmi við ákveðna kenningu, prófað endurtekið á vettvangi og er endurskoðað og endurbætt jafn óðum.

Enska: design based research

inngilding

(flokkun: stefnur og straumar)

Samheiti: skóli án aðgreiningar

Skilgreining: Stefna sem felur í sér að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, á vinnu-markaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur.

Enska: inclusion

Samheiti: inclusive education

Sjá einnig: blöndun

jafnréttismenntun

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: 1. Menntun sem miðar að því að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast og njóta sín á eigin forsendum. 2. Menntun sem felur í sér gagnrýna skoðun á eigin viðhorfum og félagslegum samskiptum, jafnt í nærumhverfinu sem samfélaginu og stofnunum þess, til að greina þær aðstæður sem geta leitt til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Enska: equality studies

lýðræði

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Aðferð við skoðanaskipti og ákvarðanatöku í samfélagi, stóru eða smáu, þar sem meðal annars er tekið mið af tjáningarfrelsi, virðingu fyrir skoðunum annarra, almennum atkvæðisrétti og valldreifingu.

Skýring: Lýðræði og mannréttindi eru einn af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrám frá 2011. Lýðræði sem tæki til að taka ákvarðanir um hagsmunamál fólks – sem það kann þó að vera ósammála um – snýst ekki alltaf um að útdeila valdi heldur líka um hvernig skuli taka ákvörðun í hópi fólks. Ákvörðun getur verið lýðræðisleg í þessum skilningi hvort sem hún er ákvörðun barna um að kaupa bland í poka frekar en súkkulaði eða ákvörðun þjóðar um að afsala sér fullveldi eða sjálfstæði.

Dæmi: ákvörðunarlýðræði, fulltrúalýðræði, lýðræðislegir kennsluhættir, lýðræðislegir starfshættir, lýðræðislegir stjórnunarhættir, lýðræðismenntun, menntun til lýðræðis, menntun í lýðræði, rökræðulýðræði, stjórnskipunarlýðræði.

Enska: democracy

menntastefna

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Yfirlýstar hugmyndir um markmið og leiðir í menntamálaum.

Skýring: Opinber menntastefna á hverjum tíma birtist í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám.

Dæmi: Sveitarfélög og félagasamtök móta sér oft menntastefnu.

Enska: educational policy

sjálfbær þróun

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Þróun sem felst í að nýting auðlinda er í jafnvægi við endurnýjun þeirra, þannig að komandi kynslóðir hafi sambærilega möguleika á að nýta þær.

Enska: sustainable development

Sjá einnig: sjálfbærni

sjálfbærni

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Ástand þar sem nýting auðlinda er í jafnvægi við endurnýjun þeirra, þannig að komandi kynslóðir hafi sambærilega möguleika á að nýta þær.

Skýring: Einn af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrám frá 2011.

Enska: sustainability

Sjá einnig: sjálfbærnimenntun, sjálfbær þróun

sjálfbærnimenntun

(flokkun: stefnur og straumar)

Samheiti: menntun til sjálfbærni

Skilgreining: Menntun sem miðar að því að efla þekkingu á sjálfbærni í víðum skilningi og áhuga á að beita henni í lífi og starfi.

Skýring: Markmið sjálfbærnimenntunar er að skapa samábyrgt samfélag þar sem allar ákvarðanir og gjörðir taka mið af umhverfi, efnahag og félagslegri sanngirni (sbr. skilgreiningu hjá Landvernd).

Enska: sustainability education

Sjá einnig: sjálfbær þróun

stjórnunarhyggja

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Sýn á stjórnun sem felur í sér að stofnanir eigi meira sameiginlegt en það sem aðskilur þær og því megi hámarka frammistöðu þeirra með því að beita almennri þekkingu og færni í stjórnun.

Skýring: Sé unnið í anda stjórnunarhyggju skiptir ekki máli hvort um er að ræða háskóla, auglýsingastofu eða olíuborball. Reynsla og hæfni á sérsviði stofnunar er aukaatriði.

Enska: managerialism

vistkerfakenning Bronfenbrenners

(flokkun: stefnur og straumar)

Samheiti: kerfakenning Bronfenbrenners

Skilgreining: Kenning um að þroskaferli manneskjunnar mótist í gagnvirku samspili einstaklings og umhverfis sem er flokkað í fjögur umlykjandi vistkerfi eða lög, allt frá nánasta umhverfi á heimili til regluverks og gilda samfélagsins.

Skýring: Vistkerfakenning Bronfenbrenners (1979, 1984) snýst um að hver manneskja lifir í fjórum vistkerfum, nærkerfi (e. microsystems), millikerfi (e. mesosystem), stofnanakerfi (e. exosystem) og lýðkerfi (e. macrosystem). Þau tengjast og hafa áhrif sín í milli og mynda heildrænt samhengi. Þvert á þessi kerfi

gengur síðan fimmta kerfið, lífkerfið (e. chronosystem). Hugsa má sér þessi kerfi eins og babúskudúkkur þar sem einstaklingurinn er innsta dúkkan, innsti kjarninn.

Dæmi: Skólinn sem barn eða unglingur gengur í er eitt af nærkerfum þess á ákveðnu tímabili í lífinu.

Skólakerfið er hluti af stofnanakerfinu. Samstarf heimilis og skóla tilheyrir millikerfinu.

Menntamálaráðuneytið tilheyrir stofnanakerfinu. Öll þessi kerfi eru síðan undir áhrifum frá lýðkerfinu, gildismati þess, siðum og menningu almennt.

Enska: ecological systems theory

Samheiti: bioecological systems theory, ecological theory

Sjá einnig: vistfræðileg þáttaskil, stofnanakerfi, lífkerfi, nærkerfi, millikerfi, lýðkerfi

þvermenningarhyggja

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Hugmyndafræði sem lýsir því hvernig til verður ný sameiginleg menning vegna samskipta og blöndunar ólíkra einstaklinga og menningarheima.

Enska: transculturalism

þvermenningarleg menntun

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Nám sem er skipulagt í samræmi við hugmyndir um þvermenningarhyggju og tekur mið af ólíkri menningu nemenda.

Enska: transcultural education

þverþjóðahyggja

(flokkun: stefnur og straumar)

Skilgreining: Hugmyndafræði sem lýsir tengslum og rötum sem fólk á í mörgum löndum.

Enska: transnationalism

Félagslegt umhverfi

auðmagn

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: auður

Skilgreining: Eignir, hlutbundnar eða óhlutbundnar, sem fólk getur notað sér til framdráttar í efnahagslegum og félagslegum tilgangi. Í kenningu Bourdieu er greint á milli efnahagslegs, menningarlegs, félagslegs og táknræns auðmagns.

Skýring: Lykilhugtak í kenningu Marx sem Bourdieu leggur til grundvallar í kenningu sinni. Orðið „auður“ er frekar notað í samsetningum en „auðmagn“, svo sem í

orðinu menningarauður.

Enska: capital

Sjá einnig: vettvangur, félagsauður, efnahagsauður, menningarauður, táknrænn auður, veruháttur

doxa

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: sanntrú

Skilgreining: Trú á ákveðin grundvallargildi á tilteknu sviði sem ómeðvitað eru tekin sem sjálfsgöð og óbreytanleg sannindi, og stýrir hugsun, viðhorfum og atferli í þágu ráðandi hópa eða afla.

Skýring: Doxa er eitt af lykilhugtökum í kenningu

Bourdieu. Trúin á óbreytanleika gilda festir vald á ákveðnu sviði í sessi og viðheldur þannig forréttinda-stöðu þeirra sem völdin hafa. Doxískt ástand er talið eðlilegt, ganga megi að því sem vísu og talið að það sé í samræmi við almenna skynsemi eða dómgreind. (Ath. e. docility; f. docilité; ísl. hlýðni, auðsveipni.)

Dæmi: Í umræðum um loftslagsmál er haft fyrir satt að ábyrgð Íslendinga felist í að virkja sem mest fyrir orku-frekan iðnað til þess að sama framleiðsla verði ekki stunduð annars staðar með því að brenna kolum eða öðru jarðefnaeldsneyti. Þannig er barátta fyrir náttúruvernd gerð tortryggileg.

Enska: doxa

Sjá einnig: efnahagsauður, táknræn valdbeiting, táknrænn auður, menningarauður, auðmagn, félagsauður, veruháttur, endursköpun, menningarleg og félagsleg, vettvangur

dulin námskrá

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Það sem nemendur læra í skólanum en er ekki hluti af áformaðri námskrá, er hvergi skráð og lærist jafnvel óafvitandi.

Dæmi: Ýmis viðmið og gildi, bæði jákvæð og neikvæð, eins og stundvísi og óstundvísi, heiðarleiki og svindl. Dulda námskráin viðheldur ríkjandi menningu, viðhorfum og verðmætamati.

Enska: hidden curriculum

efnahagsauður

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: efnahagslegt auðmagn, efnahagslegur auður

Skilgreining: Eignir, í formi efnislegra verðmæta, sem einstaklingar og hópar eiga eða hafa umráð yfir.

Skýring: Efnahagsauður er ein af fjórum tegundum auðmagns í kenningu Bourdieu, hinar eru menningar-auður, félagsauður og táknrænn auður.

Enska: capital

Samheiti: economic capital

Sjá einnig: vettvangur, menningarauður, auðmagn, táknrænn auður, veruháttur, félagsauður

endursköpun, menningarleg og félagsleg

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Tilhneiging á sviði, sem felst í að viðhalda ríkjandi gildum, viðmiðum og valdakerfi frá einni kynslóð til annarrar, og þar með félagslegri mismunun, í stað þess að ögra eða umbreyta óbreyttu ástandi. Slík endursköpun er hluti af félagsmótun einstaklinga.

Skýring: Endursköpun er eitt af lykilhugtökum í kenningu Bourdieu og á ekki síst við um menntakerfið, en hann sagði það vera helsta kerfið til að viðhalda stéttaskiptingunni. Hann lagði ekki einungis áherslu á að skoða myndun og mótun stéttskiptingar og aðgreiningar á milli stétta (e. distinction), heldur einnig endur-

sköpun hennar. Endursköpun getur orðið á bæði menningarauði og félagsauði milli kynslóða og heldur þannig við forréttindastöðu sumra eða lágstéttarstöðu annarra.

Dæmi: Í skólanámi viðheldur dulda námskráin ríkjandi menningu, viðhorfum og verðmætamati. Nemendur flokkast í skóla efir stéttum í gegnum skólalval, aðgangskröfur eða aðgangsléiðir og skólagjöld. Í þjóðfélaginu fer fram endursköpun vinnuafslins og endursköpun á yfirráðum karla yfir konum eftir ýmsum leiðum.

Enska: reproduction, cultural and social

Sjá einnig: auðmagn, félagsauður, efnahagsauður, vettvangur, menningarauður, táknrænn auður, veruháttur

faglegt námssamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: faglegt lærdómssamfélag

Skilgreining: Samfélag meðal starfsmanna í skóla eða öðrum stofnunum sem byggist á að læra saman og ígrunda starf sitt með sameiginlegt markmið eða sýn að leiðarljósi.

Skýring: Í árangursríku námssamfélagi í skóla ríkir menning sem hvetur til stöðugs náms meðal starfsfólks í þeim tilgangi að styrkja nám nemendanna. Hugtakið námssamfélag eða lærdómssamfélag hefur einnig verið notað í kenningum um nám sem félagslegt ferli, þ.e. til að útskýra hvernig þekking og skilningur þróast í félagslegum samskiptum. Þá er átt við nám bæði barna og fullorðinna, bæði utan og innan skólakerfisins.

Enska: professional learning community

félagsauður

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: félagslegt auðmagn, félagslegur auður

Skilgreining: Óhlutbundið auðmagn (auður) sem felst í að vera hluti af og taka þátt í félagshópi og hafa tileinkað sér reglurnar, gildin og venjurnar í hópnum. Fólk öðlast félagsauð af tengslum sínum og tengslanetum í hópum, svo sem fjölskyldu, hópi vina, skóla- og vinnufélaga, og í félagasamtökum.

Skýring: Eitt af lykilhugtökum í kenningu Bourdieu. Fólk á sama sviði deilir sameiginlegri sýn og viðhorfum, hefur áhrif hvert á annað og milli þeirra ríkir gagnkvæmt traust eða trúnaður. Þátttaka í hópi getur veitt fólki styrk eða upphæfð út á við, en þá skiptir máli hver hópurinn er og hverjir eru í honum. Samkvæmt Bourdieu getur félagsauður búið til eða magnað mismunun þar sem fólk fær aðgang að björgum gegnum félags-tengsl, t.d. að góðum stöðum eða viðskiptatengslum. Ólíkt mörgum öðrum lagði Bourdieu megináherslu á að félagsauði væri jafnan misskipt og að sú misskipting fylgdi að meginhluta stéttarlegum og menningarlegum mun. Hann sagði félagsauðinn vera skilvindu sem er þátttakendum hulin að mestu leyti.

Dæmi: Í hefðbundnu menntakerfi er litið á menningar-

og félagsauð sem fylgir börnum úr efri stéttum að heiman sem persónulega verðleika þeirra en heiman-fylgju barna úr lægri stéttum sem ófullkominn og ótengdan skólastarfinu. Önnur dæmi: Sambönd, kunningsskapur, fjölskyldutengsl, „old boys network“, giftingar innan valdaætta, tengsl við skólaval.

Enska: social capital

Sjá einnig: menningarauður, auðmagn, efnahagsauður, táknrænn auður, veruháttur, vettvangur

fjölmennning

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Menning þar sem ólíkir menningarstraumar mætast, víxlast og hafa áhrif hver á annan og ólíkt fólk (til dæmis vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, trúar, siða tungumáls, stéttar og fötlunar) býr og starfar saman.

Skýring: Oftast notað í samsetningum eins og "fjölmenningsarsamfélag", "fjölmenningslegur skóli", "fjölmenningslegur vinnustaður" og svo framvegis.

Enska: multicultural

fjölmenningsarsamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Samfélag sem einkennist af fjölmenningu.

Skýring: Búseta ólíkra hópa fólks á sama landssvæði þar sem samskipti þeirra og samstarf er á jafnréttisgrundvelli.

Enska: multicultural society

fötlunarfórnar

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Fórnar og/eða mismunun gagnvart fólki með fötlun þar sem hagsmunir og þarfir fólks án fötlunar eru í fyrirrúmi.

Enska: ableism

gildi

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: lífsskoðun, gildismat

Skilgreining: Skoðun eða mat á (almennum) verðmætum í lífinu (persónubundið eða háð félagshópum).

Enska: value

hagsmunaaðilar skóla

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: hagaðili

Skilgreining: Þeir aðilar sem taka þátt í eða hafa hag af því að skólinn sinni skilgreindu hlutverki sínu.

Dæmi: Hagsmunaaðilar geta verið nemendur, stjórnvöld, kennarar, námsráðgjafar, foreldrar, aðilar í atvinnulífi o.s.frv.

Enska: school stakeholders

jafningjahópur

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Hópur einstaklinga sem er félagslega einsleitur, er á líkum aldri, hefur svipuð áhugamál, bakgrunn eða þjóðfélagsstöðu. Einstaklingarnir eru líklegir til að hafa áhrif á viðhorf og hegðun hver annars. Innan jafningjahópa getur myndast ákveðin virðingarröð og sérstök hegðun sem er einkennandi fyrir hópinn.

Dæmi: Jafningjahópar geta verið af ýmsum stærðum og gerðum. Innan skóla eru margir jafningjahópar, geta verið heill bekkur, hópar um áhugamál eða annað sem getur sameinað fólk.

Enska: peer group

jafnrétti

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Aðstæður þar sem allir njóta sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir allra eru jafn mikils metnar.

Skýring: Einn af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrám frá 2011.

Enska: equality

kynjafórnar

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Fórnar og/eða mismunun gagnvart fólki eftir kyni þar sem hagsmunir og þarfir fólks af tilteknu kyni eru í fyrirrúmi.

Enska: sexism

Samheiti: genderism

Sjá einnig: kynþáttafórnar

kynþáttafórnar

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Fórnar og/eða mismunun gagnvart fólki eftir kynþætti þar sem hagsmunir og þarfir fólks af tilteknum kynþætti eru í fyrirrúmi.

Enska: racism

Sjá einnig: kynjafórnar

mannréttindi

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: 1. Réttindi sem allir menn hafa óháð staðbundnum kringumstæðum eins og samfélagsgerð eða efnahag (siðferðilegur skilningur). 2. Réttindi sem eru skilgreind í réttindaskrá og alþjóðasamþykktum, til dæmis í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (lagalegur skilningur). 3. Réttindi sem talið er æskilegt að tryggja fólki hvort sem þau eru nefnd í alþjóðasamþykktum eður ei (pólítískur skilningur).

Skýring: Lýðræði og mannréttindi eru einn af sex grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrám frá 2011.

Enska: human rights

menningarauður

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: menningarlegt auðmagn

Skilgreining: Óhlutbundið og hlutbundið auðmagn (auður) sem byggist á uppruna, kyni og menntun, birtist í hæfni, málfari, siðfágun og smekk, sem nýtur virðingar í tilteknu umhverfi eða samfélagi, og mótar þannig stöðu viðkomandi og möguleika í stéttskiptu þjóðfélagi.

Skýring: Grundvallarhugtak í kenningu Bourdieu og er áhrifamikill þáttur í veruhætti (habitus) einstaklings og nýtist þá við mótun sjálfsmyndar. Menningarauður getur verið þrenns konar: a) stofnanabundinn, svo sem í formi prófgráða frá menntastofnunum eða námsárangurs (sem getur haft efnahagslegt skiptigildi); b) táknrænn, svo sem að hafa „hinn góða smekk“ á tónlist, fötum, listum, mat og öðrum þáttum daglegs lífs; c) tenging við eignir sem þykja eftirsóknarverðar, svo sem merkjavara, bækur, listaverk, hljóðfæri.

Samkvæmt Bourdieu er samsvörum milli menningar-neyslu og stöðu í stigveldi eftir stétt, kyni og búsetu.

Dæmi: Hluti af menningarauði getur verið menntun foreldra (námsgráður og fjöldi þeirra), menntunarsvið þeirra og starf.

Enska: cultural capital

Sjá einnig: táknrænn auður, félagsauður, veruháttur, auðmagn, efnahagsauður, vettvangur

myndun tengslaneta

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: tengslanetsmyndun

Skilgreining: Ferli sem felst í að mynda tengsl eða sambönd milli einstaklinga, félaga eða stofnana sem snúast um sameiginleg viðfangsefni, hagsmuni eða áhugamál.

Enska: networking

nærsamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: grenndarsamfélag

Skilgreining: Félaglegt umhverfi skóla sem samanstendur m.a. af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum í nánasta umhverfi skólans.

Skýring: Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 (bls. 46) segir: „...skólar byggja upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi...“ Nærsamfélag skóla er félagslega hliðin á nærumhverfi skólans sem getur takmarkast við skólahverfið, borgar- eða bæjarhlutann eða allt sveitarfélagið.

Enska: local community

nærumhverfi

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Umhverfi skóla sem er annars vegar

landfræðilegt, bæði náttúra og manngert umhverfi, svo sem villt náttúra, fólkvangar, almenningsgarðar eða götur og torg, og hins vegar félagslegt, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök, félagsleg þjónusta, bókasöfn, samtök og vinahópar.

Nærumhverfi skóla getur takmarkast við skólahverfið, borgar- eða bæjarhlutann eða allt sveitarfélagið.

Enska: local environment

Sjá einnig: nærsamfélag

námssamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: lærdómssamfélag

Skilgreining: Hópur einstaklinga með sameiginlegan áhuga og markmið sem deila með sér mismunandi þekkingu, viðhorfum og reynslu og leitast jafnframt við að skilja ólík sjónarhorn og viðhorf innan hópsins og þróa þannig nýjan sameiginlegan skilning og þekkingu. Skoðanaágreiningur, mismunandi skilningur og virðing fyrir öðrum er undirstaða þess náms sem fram fer í hópnun.

Skýring: Hugtak sem tengist kenningum um nám sem félagslegt ferli. Barbara Rogoff notar hugtakið til að útskýra hvernig þekking og skilningur þróast í félagslegum samskiptum og hvernig tungumálið og menningin eru samofin náminu. Þá er átt við nám bæði barna og fullorðinna, innan og utan skólakerfisins. Hugtakið námssamfélag eða faglegt námssamfélag, hefur einnig verið notað um hópa eða samfélag meðal starfamanna skóla og annarra stofnana þar sem stefnt er að því að læra saman og ígrunda eigin starfshætti.

Enska: learning community

netorðstír

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Orðstír sem fer af einstaklingi vegna framkomu hans á netinu, t.d. vegna skrifa, dreifingar upplýsinga og notkunar miðla almennt.

Enska: digital reputation

Samheiti: online reputation

núllnámskrá

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Námsþættir sem ekki eru kenndir í skóla af ásettu ráði eða óafvitandi.

Skýring: Það sem skólar ákveða að kenna ekki getur reynst jafnmikilvægt og það sem þeir kenna. Það að sniðganga ákveðna námsþætti eða námsgreinar er ekki hlutlaus aðgerð.

Dæmi: Forðast er að kenna um loftlagsbreytingar, kynfræði eða annað sem kann að vera viðkvæmt fyrir viðkomandi kennara/samfélag.

Sjá einnig: námskrá

skólamenning

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: skólabragur

Skilgreining: Viðtekin gildi, hugmyndir og venjur sem setja mark sitt á starfsemi, samskipti og viðhorf innan skóla.

Enska: school culture

stafræn samskipti

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Samskipti, samstarf eða miðlun upplýsinga með tölvutækni og geymsla á gögnum í stafrænu formi.

Enska: digital communication

starfssamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: iðjusamfélag

Skilgreining: Hópur fólks sem deilir áhuga eða brennur fyrir því sem það fæst við og lærir hvert af öðru eða hvernig má gera betur í gegnum regluleg samskipti.

Skýring: Hugtakið á rætur í vinnusamfélagi þar sem lærlingar læra iðn hjá meistara og var fyrst sett fram af Lave og Wenger 1991 í bókinni Situated learning: legitimate peripheral participation.

Enska: community of practice

táknrænn auður

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: táknrænt auðmagn

Skilgreining: Óhlutbundið auðmagn (auður) sem byggist á heiðri, orðstír eða viðurkenningu sem viðkomandi hefur hlotið innan ákveðinnar menningar. Táknrænt auðmagn getur gagnast einstaklingi til aðgreiningar frá öðrum og til að færast ofar í virðingar- og valdastiga innan tiltekins vettvangs. Táknrænt auðmagn gefur þannig viðkomandi vald og rödd sem talin er mikils virði.

Skýring: Eitt af lykilhugtökum í kenningu Bourdieu. Auðmagnið er táknrænt að því leyti að það er óhlutbundið í hugum fólks og tengist ekki tiltekinni tegund auðmagns heldur samspili menningar og þeirrar viðurkenningar sem um ræðir.

Dæmi: Frægð eða viðurkenning, svo sem titlar eða prófgráður. Táknrænt auðmagn er oft staðbundið og afmarkað af þeim vettvangi sem um ræðir. Listamaður getur verið landsþekktur og notið táknræns auðmagns innan lands, en ekki endilega erlendis. Stríðshetja býr yfir táknrænu auðmagi vegna framgöngu sinnar í stríði og það getur nýst viðkomandi við allt aðrar aðstæður (í menningu sem metur framgöngu í stríði). Virðulegt starfsheiti eða æðri prófgráða gefur viðkomandi mikilvægi eða rödd á sínu sviði, en þarf ekki að gera það á öðrum vettvangi. Aðili sem hlotið hefur mikla viðurkenningu en einangrar sig frá samfélaginu er þannig ríkur af táknrænum auði en getur, vegna

einangrunar sinnar, verið fátækur af félagsauði.

Enska: symbolic capital

Sjá einnig: vettvangur, efnahagsauður, félagsauður, menningarauður, veruháttur, auðmagn

táknræn valdbeiting

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: táknrænt ofbeldi

Skilgreining: Valdbeiting sem birtist í því að ráðandi öfl halda lægra settum hópum í þeirri félagslegu stöðu sem þeir eru í. Þetta gerist gjarnan með hljóðlátu samþykki allra þátttakenda á vettvangi þar sem litið er á leikreglurnar, sem hygla þeim sem hafa mesta auðmagnið (efnahagslegt, menningarlegt og/eða félagslegt), eins og eðlilegar og réttlátar.

Skýring: Táknræn valdbeiting innan vettvangs er eitt af lykilhugtökum í kenningu Bourdieu og notað í greiningu á ofbeldi gegn undirokuðum hópum, t.d. konum eða foreldrum af lægri stéttum. Táknræn valdbeiting lýtur lögmálum ráðandi aðilans og er ekki meðvitað aðgerð eða framkoma heldur byggist hún á ómeðvitaðri styrkingu á ríkjandi misrétti og viðheldur valdastöðu þess sem beitir henni. Táknræn valdbeiting getur falist í tungumálinu, líkamstjáningu, framkomu eða klæðaburði og getur birst innan hvaða félagslega hóps sem er, óháð þjóðerni, kyni, kynhneigð eða trú.

Dæmi: Innan menntasviðsins felst táknræn valdbeiting í því að almennt er litið á stigveldi námsgreina, skóla, skólahverfa, sviða í háskóla og nemenda sem eðlilegt. Þetta felst t.d. í því viðhorfi til stúlkna að þær eigi að vera og séu þægar. Þannig kunna þær að leika sitt hlutverk í skólanum. Gert er ráð fyrir því að skólakerfið deili út auðmagni í réttu hlutfalli við hæfileika hvers og eins (t.d. í formi prófgráða). Leikreglurnar eru taldar réttlátar og sanngjarnar og staða einstaklinga, skóla og skólahverfa innan stigveldisins því eðlileg. Konur velja frekar kvennastörf og telja það byggjast á frjálsum vali. Konur gangast t.d. inn á gildi, reglur og skipan kynja-kerfisins, en þar er vitlaust gefið, s.s. stigveldi náms og starfa.

Enska: symbolic violence

Sjá einnig: félagsauður, doxa, táknrænn auður, veruháttur, auðmagn, menningarauður, vettvangur, efnahagsauður, endursköpun, menningarleg og félagsleg

þvermenningarleg samskipti

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Samskipti einstaklinga frá mismunandi menningarheimum.

Enska: cross-cultural communication

Samheiti: inter-cultural communication

upplýsingasamfélag

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Samfélag sem einkennist af miklu

upplýsingaflæði sem hefur áhrif á og mótar allar hliðar þess, þ.m.t. efnahag, stjórnmál og menningu samfélagsins.

Enska: information society

Enska: elective

veruháttur

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: habitus

Skilgreining: Hugsanagangur einstaklings sem mótast af gildum og reglum í félagslegri og menningarlegri reynslu viðkomandi. Þessi gildi og reglur verða forskriftir að hegðun, athöfnum, skynjun, hugsun og smekk sem renna fólki svo í merg og bein að þeim er beitt án umhugsunar. Fólk tekur ákvarðanir ómeðvitað í samræmi við gildi, venjur og siði í því umhverfi sem það hrærist í. Veruháttur þróast og er breytilegur eftir aðstæðum.

Skýring: Veruháttur (habitus) er grundvallarhugtak í kenningu Bourdieu (1930-2002) og eitt hið áhrifaríkasta í framlagi hans. Veruháttur mótast einkum af menningarauði (e. cultural capital) og félagsauði (e. social capital) fólks. Veruháttur einstaklings er í sífelltri þróun í samspili við þann vettvang (e. field) sem viðkomandi elst upp á eða hefur stigið inn á. Hver og einn getur unnið að því að breyta eða þróa veruhátt sinn með ýmiss konar vali (t.d. á lífssýn, lífsstíl, félögum, fötum, talsmáta, framkomu o.s.frv.) og viðhorfum og nálgast þannig annan habitus-hóp en viðkomandi tilheyrði áður. Veruháttur (habitus) aðila í hópi hefur orðið til við sambærilegar félagslegar aðstæður og er því sameiginlegur innan hópsins. Hann mótar skynjun, hugsanir og athafnir þeirra sem eru í hópnunum. Þannig er enginn einangraður eða öðrum óháður, t.d. við val á námi, tómsundum eða þróun smekks á tónlist, myndlist eða húsbúnaði.

Enska: habitus

Sjá einnig: félagsauður, endursköpun, menningarleg og félagsleg, auðmagn, vettvangur, efnahagsauður, táknræn valdbeiting, táknrænn auður, menningarauður, doxa

vettvangur

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Samheiti: svið

Skilgreining: Tiltekið svið í samfélaginu, samkvæmt kenningu Bourdieu, sem mótað er af valdatengslum eða valdatogi milli einstaklinga og stofnana. Þar er keppt um ákveðin gæði og auðmagn eftir tilsettum leikreglum og ákveðið stigveldi verður til. Samfélagið skiptist í vettvanga eða svið og á hverju þeirra njóta tilteknar reglur, þekking og auðmagn virðingar.

Skýring: Vettvangur er eitt af lykilhugtökum í kenningu Bourdieu. Í skilningi Bourdieu má líkja honum við spilaborð þar sem leikið er til vinnings eftir skrifuðum og óskrifuðum reglum, en leikirnir fylgja ólíkri rökhugsun (e. logic). Hver einstaklingur kemur með auðmagn sitt (e. capital), s.s. menningarauð og félagsauð (e. cultural capital; social capital), að hverju borði og tekur sér stöðu eftir því. Einstaklingar búa yfir ólíkri hæfni til að marka sér stöðu á tilteknum vettvangi. Sumir kunna leikreglurnar, finna sig þar vel og njóta velgengni (svo sem í stjórnmálum, fræðum, listum eða menningu), en aðrir heltast úr lestinni og upplifa sig utanveltu.

Dæmi: Vettvangur stjórnmála, fjármála, lista, trúar og vísinda; skólar og háskólar, fræðasvið, vinnustaðir eða starfsstéttir. Menntavettvangurinn er eitt þeirra sviða þar sem nánast allir eru leikendur með einum eða öðrum hætti. Þar leika foreldrar stórt hlutverk því, eins og Bourdieu sýndi fram á, eru börn menntamanna þar á heimavelli en börn af stéttum, sem hafa styttri skólögöngu, standa hallari fæti þar sem þau þekkja síður leikreglurnar.

Enska: field

Samheiti: micro-cosmos

Sjá einnig: táknrænn auður, efnahagsauður, félagsauður, menningarauður, veruháttur, auðmagn

vistspor

(flokkun: félagslegt umhverfi)

Skilgreining: Flatarmál þess yfirborðs jarðar sem hver einstaklingur eða hópur notar til að standa undir neyslu sinni.

Skýring: Vistspor er mælikvarði á ágang manna á auðlindir jarðar. Vistspor segir til um hve stóran hluta af yfirborði jarðar þarf til framleiðslu á vörum og þjónustu fyrir hvern einstakling, hóp eða þjóð og til að taka við úrgangi sem myndast.

Enska: eco-print

Ápreifanlegt námsumhverfi

efniviður

(flokkun: ápreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Efni sem notað er í tilteknu verkefni eða

leik.

Skýring: Hugtak sem gjarnan er notað á leikskólastigi.

Dæmi: Ýmiss konar leikföng eða aðrir hlutir.

Enska: resource

Sjá einnig: opinn efniviður, lokaður efniviður

fartækni

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Tækni sem byggist á notkun stafrænna tækja sem handhægt er að flytja með sér, s.s. fartölvu, spjaldtölvu, snjallsíma eða snjallúrs.

Enska: mobile technology

kennsluforrit

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Forrit sem notað er sem kennslutæki.

Enska: educational app

Samheiti: educational application, educational software

leikefni

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Margvíslegur efniviður sem nota má í leik.

Enska: play material

leikumhverfi

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Námsumhverfi sem skapar fjölbreyttar aðstæður til leiks.

Enska: play environment

lokaður efniviður

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Efniviður í verkefni eða leik sem hefur fyrir fram ákveðna lausn eða notkunarmöguleika.

Skýring: Hugtak sem einkum er notað á leikskólastigi.

Dæmi: Púsl sem púslast aðeins á einn máta.

Enska: closed resource

Sjá einnig: efniviður, opinn efniviður

myndvarpi

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Tæki til að varpa glærumynd á tjald til að auðvelda áhorfendum/áheyrendum að fylgjast með kynningu eða fyrirlestri.

Enska: overhead projector

netvæðing

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: 1. Nettenging gerð aðgengileg nemendum í skóla eða starfsfólki á vinnustað. 2. Breyting vinnuferla sem felst í að færa viðfangsefni á netið.

Skýring: Átt er við rafræn samskipti, upplýsingaöflun og miðlun í gegnum netið og geymslu upplýsinga á netinu.

Dæmi: Fjarnám er dæmi um netvæðingu náms og kennslu.

Enska: network connecting

nýsigögn

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Kennslutæki sem skírskotar til heyrnar og sjónar nemenda á víðara sviði en lesmál eitt eða tal fræðarans (t.d. hljóðband, útvarp, skyggjur, rafrænt efni, kvikmyndir).

Enska: audio visual aid

opið menntaefni

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Samheiti: opið kennsluefni, opið námsefni

Skilgreining: Námsefni sem er aðgengilegt á netinu, með opið afnotaleyfi og kennurum eða nemendum að kostnaðarlausu.

Enska: open educational content

opinn efniviður

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Efniviður í verkefni eða leik sem hefur ekki fyrirfram ákveðna lausn.

Skýring: Hugtak sem einkum er notað á leikskólastigi.

Dæmi: Leir sem hægt er að móta á hvaða máta sem er.

Enska: open resource

Sjá einnig: efniviður, lokaður efniviður

rafræn kennslustofa

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Rými til fjarnáms, búið tæknilegum búnaði, þar sem nemendur geta fylgst með eða tekið þátt í hvers kyns námi eða kennslu.

Dæmi: Rýmið getur t.d. verið útbúið með fjárfundarbúnaði eða til sýninga á myndbandsupptökum og aðstöðu til hlustunar á hljóðupptökum.

Enska: electronic classroom

skjávarpi

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Tæki til að varpa mynd eða myndbandi frá tölvu á tjald eða annan flöt til að auðvelda áhorfendum/áheyrendum að fylgjast með kynningu eða fyrirlestri.

Enska: projector

Samheiti: digital video projector, image projector, video projector

skólasafn

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Menningar- og upplýsingamiðstöð í skóla með margvíslegum gögnum, s.s. bókum í pappírs- eða rafrænu formi og tímaritum, gjarnan á mörgum tungumálum, en auk þess tónlist, bíómyndum og netaðgangi. Þar eru veitt leiðsögn um aðgengi og nýtingu upplýsinga í margvíslegu formi og nýtingu

upplýsingatækni.

Enska: school library

spjaldtölva

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Létt tölva með snertiskjá og skjályklaborði.

Skýring: Spjaldtölva er notuð við upplýsingaöflun og samskipti á netinu, hljóðritun og myndatöku og veitir aðgang að textum, myndum og gagnvirkum efni. Hún er áþekkt snjallsíma en stærri.

Enska: tablet computer

Samheiti: tablet

snertitafla

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Samheiti: snjalltafla

Skilgreining: Gagnvirkur skjár sem notaður er til að sýna og vinna með efni. Efninu má bæði stýra frá tölvu og með því að snerta skjáinn.

Enska: smartboard

snillismiðja

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Samheiti: nýsköpunarsmiðja, gerver, sköpunarsmiðja

Skilgreining: Rými með stafrænum tækjum, verkfærum og margvíslegum efnivið til að búa til nánast hvað sem er.

Skýring: Smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Dæmi um búnað sem finna má í slíkum rýmum eru þrívíddarprentarar og leisiskerar.

Dæmi: Þegar rými af þessum toga eru nýtt í skólustarfi er oft lögð áhersla á þverfagleg verkefni þar sem fléttað er saman greinum eins og náttúrufræði, tækni, stærðfræði, list- og verkgreinum.

Enska: makerspace

Samheiti: fablab, fabrication laboratory

sveigjanlegt námsumhverfi

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Námsumhverfi sem hægt er að breyta eftir þörfum, s.s. vegna mismunandi verkefna og/eða hópstærða.

Enska: flexible learning environment

tölvuvæðing

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: 1. Innleiðing tölva sem verkfæris í skóla eða á vinnustað. 2. Breyting verkferla sem felur í sér að gögn eru skráð og gerð aðgengileg á tölvutæku formi.

Enska: computerization

tölvuver

(flokkun: áþreifanlegt námsumhverfi)

Skilgreining: Sérstakt rými í skóla þar sem hópur nemenda hefur aðgang að tölvum og neti, stundum hluti af skólasafni. Þar er gjarnan kennt á tölvur og hugbúnað.

Enska: computer lab